



# kjarninn

6. útgáfa – 26. september – vika 39



## VIÐ VILJUM ÞIG!

Samtök Franklins  
Graham koma til Íslands  
til að alþjóðavæða sína  
tegund af kristni

Þau velta um tíu millj-  
örðum króna á ári og fá  
uppistöðu tekna sinna  
með framlögum

Öryggisteymi Grahams  
fundaði með íslensku  
lögreglunni vegna  
heimsóknar hans

# Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

---

Sæktu Kjarnann  
í App Store og  
upplifðu hann í  
sínun náttúrulegu  
heimkynnum



Available on the  
**App Store**



**kjarninn**



# Efnisyfirlit

6. útgáfa  
26. september 2013  
vika 39

STJÓRNMÁL

## Skotar og frelsið

Á næsta ári verður kosið um hvort Skotland verður sjálfstætt ríki. Kjarninn kafar ofan í málið.



Smelltu á fyrirsagnimar til að lesa efnið

EFNAHAGSMÁL



### HAGSMUNIR Á NÖRÐURSLÓÐUM

Önnur greinin í umfjöllun Kjarnans um stöðu mála á norðurslóðum. Miklir hagsmunir eru í húfi.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR



### SÉR MERKI UM STÖÐNUN

Erna Gísladóttir, forstjóri BL og stjórnarformaður Sjóvá, sér merki um stöðnun í hagkerfinu.

VIÐSKIPTI



### DANSKE BANK Í VANDA

Eivind Kolding var rekinn sem forstjóri, viðskiptavinir hafa flúið bankann og staða hans er erfið.

## VIÐHORF

### ÁLIT

Leiðakerfið lykillinn  
*Snorri Björn Gunnarsson*

### ÁLIT

Nýjar leikreglur  
*Hjalti Þórarinnsson*

### PISTILL

Upplýsingarnar  
*Auður Jónsdóttir*

## FASTIR LIÐIR

### DÓMSMÁL

Snúin staða slitastjórna

### STJÓRNMÁL

Björt framtíð á landsvísu?

### ÁLIT

Bótasvikin  
*Brynhildur Pétursdóttir*

## EXIT

### AFPREYING

Stórveldið Grand Theft Auto

### KVIKMYNDIR

Bandaríkin skipta ekki lengur máli

### RIFF

Pólitískar myndir

### ALMANNATENGL

John McCain og fjölmiðlar

### BÍLAR

Hraðamet slegið

# „Ég vil eiga fyrir því sem ég geri“

---

Besta leiðin til að eignast hluti er að eiga fyrir þeim. Hvort sem ætlunin er að koma upp varasjóði eða safna fyrir næsta sumarfrí þá er alltaf skynsamlegt að leggja fyrir.

---

Allt um reglubundinn sparnað í stuttu máli







# Skýrari valkostir í borginni

## LEIÐARI

Pórunn Elísabet  
Bogadóttir  
thorunn@kjarninn.is

Í höfuðborginni er slagurinn um sigur í sveitarstjórnarkosningum næsta árs hafinn af fullum krafti. Það fer ekki framhjá þeim sem sjá fréttir um undirskriftasöfnun fyrir áframhaldið veru flugvallarins í Vatnsmýri, eða lesa Morgunblaðið að ausa skömmum yfir núverandi meirihluta.

Við upphaf kosningaveturs stendur Besti flokkurinn uppi sem stærsti flokkurinn og hefur meira að segja hirt nokkurt fylgi af helsta keppinautinum, Sjálfstæðisflokknum. Samfylkingin fellur algjörlega í skuggann af Besta en Vinstri græn geta mjög vel við unað á meðan Framsókn kemst ekki á blað frekar en í síðustu kosningum.

Það varð nokkurn veginn ljóst í gær hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hyggst fara inn í þennan vetur, og hvaða sjónarmið eiga að verða ofan á, þegar Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi tilkynnti að hann hygðist hætta í stjórnámálum. Gísli Marteinn hefur eytt kröftum sínum í skipulagsmál í víðum skilningi. Hann hefur verið helsti talsmaður nýrra sjónarmiða innan síns flokks og hefur starfað með öðrum flokkum í ýmsum málum. Hann virtist líka einn fárra borgarfulltrúa sem gera sér grein fyrir muninum á sveitarstjórnarmálum og landsmálum á Íslandi, og því að þau fara ekkert endilega vel saman.

„Mér er ljóst að á næstu mánuðum myndi ég annað hvort þurfa að skipta um skoðun eða valda mikill úlfúð og óeiningu meðal félaga minna sem mér þykir vænt um,“ skrifaði Gísli Marteinn í pósti þar sem hann greindi frá ákvörðun sinni. Á heimasíðu sína skrifaði hann: „Staðreyndin er að sú harða sannfæring sem ég hef fyrir því hvað er rétt að gera í Reykjavík, getur verið til bölvæðra trafala.“ Þessi orð skýra sig sjálf, Sjálfstæðisflokkurinn ætlar með eina skoðun inn í kosningavetur. Spurningin er hvað aðrir væntanlegir frambjóðendur á svipaðri línu og Gísli gera í kjölfarið og hvernig þeim reidir af.

Margir vilja meina að flugvallarmálið verði stærsta kosningamálið á næsta ári. Júlíus Vífill Ingvarsson, oddviti sjálfstæðismanna og eini frambjóðandinn í fyrsta sætið enn sem komið er, er einn þeirra sem hafa haldið því á lofti undanfarið. Það væri frekar þægilegt stærsta mál fyrir hann, meirihluti Íslendinga og borgarbúa er samkvæmt könnunum sammála honum um að völlumurinn eigi að vera áfram í Vatnsmýri.

Um fátt eru Íslendingar vanari að rífast en um veru flugvallarins, þrátt fyrir að rífrildið hafi sorglega lítið þróast í mjög langan tíma. Umræðan heldur alltaf áfram í formi upphrópana og gífuryrða, sem hjálpa engum að komast að niðurstöðu í málinu. Þeir sem vilja völlumurinn burt eru ekki á móti landsbyggðinni heldur vilja almennilega uppbyggingu í höfuðborginni og þeir sem vilja flugvöllinn áfram óttast margir um hag sinn og sinna ef hann fer. Þetta er einfalt. Bæði sjónarmiðin eru gild.

Skoðanakannanir benda þó ekkert endilega til þess að borgarbúar sjái flugvallarmálið sem aðalmál kosninganna. Þeir eru víðsýnni en svo. Það er samt angi af því sem gæti vel orðið stærsta kosningamálið, skipulagsmál. Framtíð borgarinnar veltur að miklu leyti á því hvernig þeim málum verður háttað á næstu árum. Nýtt aðalskipulag hefur verið unnið á löngum tíma og í mikilli sátt langflestira borgarfulltrúa.

Þetta hefur gerst á sama tíma og nokkur vakning hefur orðið meðal almennings um skipulagsmál. Borgarbúar hópa sig saman og láta vel í sér heyra ef þeim mislíkar eitthvað í umhverfi sínu. Meðal mest áberandi mála þessa kjörtímabils eru mál tengd skipulagi: Nasa og Landsíma-reiturinn, Hljómalindarreiturinn, sumarlokanir Laugavegs og Hofsvallagata svo dæmi séu tekin.

Þessu tengist að ástandið á húsnæðismarkaðnum er slæmt, eins og Kjarninn hefur sagt ítarlega frá undanfarnar vikur. Fyrirsjáanlegt er að þúsundir Íslendinga muni lenda í miklum vandræðum á næstu misserum vegna þess að eftirspurn eftir litlum og meðalstórum íbúðum er mikil en framboðið takmarkað. Leiguverð er auk þess himinhátt og nauðsynlegt að geta reitt fram margar milljónir til að kaupa fasteign. Vandamálið á einna helst við miðsvæðis í borginni, enda er það þar sem þetta fólk vill búa.

Við þessu er reynt að bregðast og borgaryfirvöld hafa sýnt viðleitni í nýju aðalskipulagi með þéttingu byggðar. Kostnaðurinn við að byggja er hins vegar mikill og eigendur lóða reyna því að fá sem mest fyrir peninginn – byggja mikið og selja dýrt, sem verður til þess að íbúar hverfa mótmæla flestum nýbyggingum sem fyrirhugaðar eru í nágrenni þeirra.

Alla þessa uppbyggingu, sem Reykvíkingar amast við í sínum hverfum, væri hægt að rúma í Vatnsmýri. Hún er stærsta byggingarlandið sem völ er á á því svæði þar sem borgarbúar vilja búa. Það er staðreynd. Þannig að ef Reykvíkingar kjósa að hafa flugvöllinn áfram þar sem hann er verða þeir líka að sætta sig við að það verður enn dýrara að búa á þessum svæðum og þéttingin verður líklega enn meiri í vinsælustu hverfunum á næstunni – nema snúið verði aftur til þess að byggja bara í úthverfunum.

Einmitt nú lítur út fyrir að helsta baráttan í borginni verði á milli Besta flokksins og Sjálfstæðisflokksins. Að óbreyttu munu flokkarnir berjast um það hvor þeirra fær að mynda meirihluta næsta sumar, og munurinn á flokkunum er mun skýrari í dag en í gær.



**kjarninn**

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is

www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórnar: Gísli Jóhann  
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.







Smelltu til að skoða  
fundargerð aðalfundar  
Búmanna frá  
12. júní 2013

**H**ópur fólks sem býr í íbúðum sem húsnæðis-samvinnufélagið Búmenn á í Grindavík hefur reynt að losna út úr íbúðum sínum um nokkurt skeið og fá endurgreitt búsetturéttar-gjald sem það greiddi og hleypur á nokkrum milljónum króna í hverju tilviki fyrir sig. Hópurinn hefur vísað í landslög þessu til stuðnings og segir að þar komi skýrt fram að hægt sé að segja upp búseturétti og að Bú-mönnum sé skylt að kaupa hann af þeim þegar svo ber undir. Félagið hefur neitað þessu og vísar í breytingar á samþykkt-um sem það samþykkti árið 2006 því til stuðnings. Þar var kaupskylda þess afnumin og það sett á herðar íbúanna að selja búseturétt sinn á frjálsum markaði. Tækist það ekki þyrftu þeir að fyrirgera greiðslu fyrir hann.

Íbúarnir í Grindavík töldu að þessar breytingar hefðu verið illa kynntar fyrir þeim þegar samningar voru gerðir og stæðust auk þess ekki lög. Þeir leituðu til félags- og húsnæðisráðuneytisins eftir úrlausn þegar Búmenn neituðu að verða við kröfum þeirra. Ráðuneytið ákvað í þessari viku að taka undir með íbúunum. Búmenn verða að kaupa hlutinn þeirra ef þeir segja upp búsetusamningi. Niðurstaðan gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir rekstur Búmanna.

## Breytingar skömmu fyrir hrun

Búmenn var stofnað árið 1998 og félagar eru um 2.000 talsins. Hugmyndin var að búa til húsnæðissamvinnufélag sem myndi byggja íbúdir fyrir 50 ára og eldri. Íbúarnir greiða 10-30 prósent af byggingarkostnaði húsnæðisins og Búmenn taka lán hjá Íbúðalánasjóði til 50 ára fyrir því sem vantar upp á til að greiða verktakanum sem byggir. Félagið sendir síðan íbúum mánaðarlegan greiðsluseðil vegna þeirra gjalda sem falla mánaðarlega á híbýli þeirra. Á meðal þess sem er innifalið í þeirri greiðslu eru afborganir lána, fasteignagjöld, tryggingar, viðhaldssjóður, hússjóður og þjónustugjald. Reksturinn er ekki ágóðastarfsemi. Það er því enginn að taka arð út úr félaginu.

Ný lög um húsnæðissamvinnufélög voru sett árið 2003.

Í þeim var opnað fyrir þann möguleika að búseturéttahafar gætu sagt upp búseturétti sínum með sex mánaða fyrirvara. Ef ekki tækist að selja búseturéttinn átti rétthafinn rétt á því að fá hann greiddan frá húsnæðisamvinnufélaginu tólf mánuðum eftir að þeir sex mánuðir voru liðnir.

Á þessum tíma uppfærðist virði réttarins í takt við vísitölu neysluverðs. Daníel Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Búmanna, segir að stemning hafi myndast á meðal félaga innan Búmanna til að reyna að breyta þessu. Fólki hafi fundist vísitala neysluverðs ekki hafa mælt nægilega vel hækkun á húsnæðisverði. Bent var á að í Noregi, þar sem húsnæðissamvinnufélög eru mjög algeng, hefði verið horfið frá vísitölu-tengingu og yfir í að meta búseturétt á markaðsvirði árið 1980.

Á árinu 2006 var samþykkt á aðalfundi Búmanna að breyta samþykktum félagsins á þann veg að kaupskylda þess yrði afnumin og að heimilt yrði að selja búseturétt á markaðsverði. Þetta þýddi í raun að Búmönnum bar ekki lengur nokkur skylda til að kaupa búseturétt af þeim félagsmönnum sem vildu losna úr íbúðum sínum. Þess í stað þurftu félagsmennirnir sjálfir að selja búseturéttinn á frjálsum markaði, og á markaðsverði, eða gera aðrar ráðstafanir gengi það ekki eftir.

Þetta fyrirkomulag var haft í gildi í tilraunaskyni út árið 2006 og svo fest í sessi snemma árs 2007. Það gildi þó bara um búseturétti sem seldir voru eftir að samþykktunum var breytt. Enn ríkti kaupskylda á þeim íbúðum sem Búmenn höfðu selt rétt að fyrir þann tíma, en það eru í dag um 65 prósent allra íbúða félagsins.

Til að ganga úr skugga um að Búmönnum væri stætt á þessari breytingu var sent inn erindi til félagsmálaráðuneytisins. Í niðurstöðu þess, sem var send Búmönnum 29. ágúst 2006, segir að „ráðuneytið hefur nú yfirfarið breytingar þær sem gerðar hafa verið á samþykktum Búmanna og er niðurstaðan sú að þær rúmist innan laga um húsnæðissamvinnufélög“. Ráðuneytið, sem var þá undir stjórn framsóknarmannsins Magnúsar Stefánssonar, lagði því blessun sína yfir þessar breytingar.



## MIKLIR REKSTRARERFIÐLEIKAR

Búmenn eiga í töluverðum rekstrarerfiðleikum. Þeir stafa fyrst og síðast af því að félagið ákvað að byggja mikið af íbúðum á Suðurnesjum og í Hveragerði, þar sem húsnæðismarkaðurinn hefur verið afleitur eftir hrun. Alls eru tæplega 38 prósent íbúða Búmannanna á þessum slóðum. Í fundargerð aðalfundar félagsins, sem haldinn var í júní, segir meðal annars að „það hefur komið félaginu um koll að vera landsfélag. Við höfum að jafnaði verið með 30 auðar íbúðir undanfarin misseri sem af ýmsum ástæðum hefur verið erfitt að koma í notkun. Um helmingur þeirra íbúða er í Hveragerði og um helmingur á Suðurnesjum. Á sama hátt hefur það verið mjög íþyngjandi fyrir félagið að búa við kaupskýldu á íbúðum félagsins. Um 65 prósent íbúða félagsins eru í þessu kerfi[...] Í tvö og hálf ár greiddi félagið af öllum auðum íbúðum úr eigin varasjóðum[...]Það var síðan um mitt ár 2011 að félagið fékk heimild hjá Íbúðalánasjóði til að frysta lán í allt að 3 ár[...] eftir að hafa notið þess að fá frýstingu á auðum

íbúðum í eitt og hálf ár var umsókn um áframhaldandi frýstingu sett á bið og hefur enn ekki hlotið afgreiðslu“.

Búmenn hafa einnig átt í langvarandi viðræðum við forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs um að fá að fara 110 prósent leiðina, þar sem skuldir eru færðar niður að 110 prósentum af markaðsvirði íbúða, án árangurs. „Við vonumst eftir því að þessi mál fari að skýrast svo að við vitum hvar við stöndum í þessum málum,“ segir í fundargerðinni.

Þar segir enn fremur: „Nú hafa Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur myndað ríkisstjórn og standa því miklar væntingar til þess að efnd verði loforð um niðurfærslu íbúðalána eins og ráðherrarnir hafa lýst að væru í farvatninu en ætti eftir að útfæra nánar [...]Þegar tekin verður ákvörðun um að færa niður höfuðstóla lána þá verða Búmenn að sitja við sama borð og þeir sem skráðir eru eigendur sinna íbúða.“

### Ósáttir íbúar í Grindavík

Íbúar sem keyptu búseturétt af Búmönnum í nokkrum íbúðum í Víðigerði í Grindavík skömmu fyrir hrun tóku höndum saman fyrir á þessu ári. Þeir vilja geta sagt upp búsetusamningum sínum og fengið búseturéttargjald sem þeir greiddu, oft 20 prósent af byggingakostnaði fasteignarinnar, endurgreitt. Guðlaug Gunnarsdóttir, sem farið hefur fyrir hópnum, sendi ábyrgðarbréf til Búmannanna hinn 26. febrúar 2013. Í því kom fram að hún segði sig úr félaginu og segði um leið upp búsetusamningi sínum. Skilningur Guðlaugar var sá að uppsögnin tæki gildi sex mánuðum síðar, eins og lög um húsnæðissamvinnufélög gerðu ráð fyrir. Hún taldi auk þess að búsetturéttargjald sem hún hefði greitt, um 3,6 milljónir króna, hefði einungis verið trygging fyrir skilvísri greiðslu af mánaðarlegum afborgunum. Guðlaug taldi auk þess að hún ætti að fá þessa upphæð endurgreidda með verðbótum að uppsögn lokinni. Guðlaug heldur því líka fram



### Grindavík

Búmenn hafa byggt fjölmargar íbúðir í Grindavík á undanförunum árum. Hluti íbúanna vill losna úr þeim og fá búseturéttargjald sitt endurgreitt.

að sveppagróður væri í íbúð sinni og það gerði það að verkum að hún væri vart íbúðarhæf og illseljanleg. Hún fékk fyrirtæki til að framkvæma örverumælingu vegna þessa. Í niðurstöðu þess kom fram að sveppagróður hefði mælst og að hann væri yfir viðmiðunarmörkum í gluggum í herbergjum.

Í uppsagnarbréfi Guðbjargar kom einnig

fram að eldri borgararnir sem byggju í Víðigerði teldu að samningarnir sem þeir skrifuðu undir, og tíunduðu meðal annars breytingar á samþykktum Búmannna þess eðlis að þeir teldu samninginn óuppsegjanlegan, hefði verið „illa kynntur“ og að Búmenn hefðu nýtt sér „grandvaraleysi okkar gagnvart ofangreindum lögum“.

### Búmenn neita að endurgreiða búseturéttargjald

Daníel Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Búmannna, svaraði uppsögn Guðlaugar skriflega tveimur dögum síðar. Í svariinu kom fram að Búmenn litu svo á að búsetusamningur Guðlaugar væri óuppsegjanlegur. Ákvæði í lögum sem segði að búseturéttahafar gætu sagt upp samningi sínum með sex mánaða fyrirvara „eigi [aðeins] við um búsetusamninga þar sem kaupskylda er fyrir hendi af hálfu félagsins [...] Verði litið svo á að þeim sem keyptu búseturétt án kaupskyldu Búmannna, sé heimilt að beita uppsagnarákvæði [...] leiðir uppsögn til þess að búseturéttur í vokmoandi búsetuíbúð fellur niður án greiðslu af hálfu félagsins við lok uppsagnarfrests samhliða því að skyldur búseturéttahafans gagnvart félaginu falla niður“.

Með öðrum orðum voru Guðlaugu gefnir tveir kostir: að



uppsögn hennar yrði ekki viðurkennd og hún þyrfti annaðhvort að bera ábyrgð á greiðslu af íbúðinni sem hún bjó í, selja búseturéttinn sinn á frjálsum markaði eða fyrirgera þeim fjármunum sem hún hafði greitt fyrir búseturéttinn.

Guðlaug var ekki sátt og leitaði til lögmanns. Sá sendi bréf til Búmanna í júlí þar sem því er alfarið „hafnað sem röngu að Búmönnum hsf., sé stætt á því að halda eftir búseturárgjaldi umbjóðanda míns, enda liggur fyrir að um lögbundna eign umbjóðanda míns er að ræða“.

Daníel svaraði bréfinu fyrir Búmenn um miðjan ágúst síðastliðinn. Í svarinu ítrekaði hann fyrri afstöðu og í niðurlaginu segir að litið yrði svo á að frá og með 1. september síðastliðnum væri samningssambandi félagsins og Guðlaugar lokið. Hún myndi ekki lengur bera skyldu til að greiða búsetugjald, nokkurs konar leigu, en á móti myndi félagið ekki greiða henni krónu af þeim fjármunum sem hún hefði lagt inn í það.

Guðlaug gafst ekki upp og sendi greinargerð til Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðisráðherra, þar sem hún fór yfir það sem hún kallaði „framkomu Búmanna hsf. gegn íbúum Víðigerði 13,14,15,16,17,20 í Grindavík“. Í henni rakti hún mál sitt og annarra íbúa í Víðigerði með sömu rökum og hún hafði gert gagnvart framkvæmdastjóra Búmanna.

## **Ráðuneytið tekur undir með íbúum**

Samkvæmt heimildum Kjarnans hefur Félags- og húsnæðisráðuneytið tekið undir afstöðu Guðlaugar og þess hóps sem hún er í forsvari fyrir. Ráðuneytið telur að samþykktir Búmanna, sem koma í veg fyrir að félagið verði að kaupa búseturétt af þeim sem vilja losna við slíkan, fari gegn lögum um húsnæðissamvinnufélög og að mikilvægt sé að þær verði teknar til endurskoðunar. Þessari skoðun ráðuneytisins hefur verið komið á framfæri við forsvarsmenn Búmanna.

Guðlaug Gunnarsdóttir segir þetta vera gleðitíðindi fyrir þann hóp sem hún kemur fram fyrir. „Lög eru lög og það verða allir að fara eftir þeim. Félög sem og einstaklingar.“



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# KYNSLÓÐ EFTIR KYNSLÓÐ NÝ COROLLA



Í upphafi skyldi endinguna skoða. Við kynnum nýja kynslóð, spengilegri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Corolla er fyrir löngu orðin að tákni um endingu og gæði. Tæplega fimmtíu ár af óbilandi áreiðanleika hafa skilað henni traustum hóp aðdáenda. Og nú er komin ný kynslóð á götuna. Endurhönnuð og endurbætt Corolla. Nútímaleg, kröftug og sparneytin, búin Toyota Touch margmiðlunarkerfi og ríkulegum staðalbúnaði sem drifur hana til móts við nýjar kynslóðir. Komdu og reynsluaktu.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 3.590.000 kr.



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000



# Skotar efast um sjálfstæði



Smelltu til að  
heimsækja heimasíðu  
sambandsinna



Smelltu til að  
heimsækja heimasíðu  
sjálfstæðisinna

**T**æpt ár er enn þar til Skotar taka um það ákvörðun hvort þeir verða sjálfstætt ríki eða halda áfram að vera hluti af Bretlandi. Þrátt fyrir að langt sé í þjóðaratkvæðagreiðsluna hinn 18. september 2014 er kosningabaráttan löngu hafin.

Hér í Skotlandi er málið orðið fyrirferðarmikið, skoðana-kannanir birtast mjög reglulega og fjölmiðlar segja samviskusamlega frá öllum nýjustu vendingum í þessum málum. Innihald þessara kannana er kannski ekki síst ástæða þess að kosningabaráttan er farin á fullt, því að sjálfstæðissinnar eiga undir högg að sækja og talsvert þarf að breytast til þess að Skotar verði á leið til sjálfstæðis á þessum tíma á næsta ári. Raunar hafa sjálfstæðissinnar verið í minnihluta í Skotlandi svo áratugum skiptir; um það bil 30 prósent þjóðarinnar hafa viljað sjálfstæði og það hefur ekki mikið breyst þrátt fyrir að atkvæðagreiðslan nálgist og umræðan verði meiri. Enn segjast tæplega 60 prósent ætla að kjósa gegn sjálfstæði, um 30 prósent hyggjast segja já og tíu prósent eru óákveðin.

Samkvæmt könnunum er fólk sem býr á ríkmannlegri svæðum almennt fylgjandi óbreyttu ástandi en á svæðum þar sem tekjur eru lægri er meiri stuðningur við sjálfstæði. Sömu sögu má segja þegar afstaða fólks er skoðuð eftir vinnu; þeir sem eru atvinnulausir eru líklegri til að styðja sjálfstæði en þeir sem eru í fullri vinnu.

Þrátt fyrir þetta er engan bilbug að finna á já-fólki í Skotlandi. Um síðustu helgi gekk mikill fjöldi fólks um miðborg Edinborgar til stuðnings sjálfstæði. Gangan endaði á hinni sögufrægu Calton-hæð og ekki er hægt að segja annað en að mikil gleði hafi ríkt meðal viðstaddra. Veðrið var gott og að sögn skipuleggjendanna hjá regnhlífarsamtökunum Yes Scotland mættu um tuttugu til þrjátíu þúsund manns. Lögreglan taldi þó ekki nema um átta þúsund, og líklega var raunverulegur fjöldi nær því. Þetta er talsvert meira en í fyrra, þegar lögreglan sagði um fimm þúsund manns hafa safnast saman í höfuðborginni en skipuleggjendur tíu þúsund.





Smelltu til að lesa frétt  
STV News um könnun  
á afstöðu Skota til  
aðskilnaðar

Það fór ekki á milli mála á Calton-hæð að sjálfstæðis-sinnar reyna hvað þeir geta að skapa stemningu fyrir málstaðnum og virðist takast það þokkalega, þrátt fyrir að stemningin smiti ekki út frá sér ennþá. En eins og fram kom á fundinum er yfirleitt skemmtilegra að berjast fyrir já-i en nei-i. „Þetta verður sigur fólksins,“ sagði Alex Salmond, fyrsti ráðherra skosku stjórnarinnar. Kjósi Skotar með sjálfstæði sýni það sjálfsöryggi og sjálfstraust þjóðarinnar, að ákvarðanir um það sem gerist í Skotlandi verði ávallt teknar af þeim sem þar búi og starfi. „Já er fyrir nálæga ríkisstjórn, ekki fjarlægja – góða ríkisstjórn með sjálfstæði, ekki slæma ríkisstjórn frá Westminster,“ sagði ráðherrann jafnframt.

## Vinsæl ríkisstjórn vill sjálfstæði

Ríkisstjórn Salmonds nýtur þó nokkurra vinsælda í Skotlandi, enda er flokkur hans, Skoski þjóðarflokkurinn, sá stærsti þar í landi. Flokkurinn hefur verið við stjórnvölinn frá árinu 2007 og fékk meirihluta í síðustu kosningum, árið 2011. Eitt stærsta kosningaloforðið var að halda þjóðar- atkvæðagreiðslu um sjálfstæðið. Hinir flokkarnir þrír sem komust á þing, sömu flokkar og í breska þinginu, höfðu ekkert slíkt á stefnuskránni og hafa raunar sameinað krafta sína í baráttunni fyrir óbreyttu ástandi undir merkjum Better Together, eða betri saman.

Að mörgu leyti er verkefni sambandssinna auðveldara. Þeim hefur hingað til nægt að benda á hin ýmsu vandamál sem gætu mögulega komið upp í sjálfstæðu Skotlandi. Og óvissuefnin eru mörg. Stóru spurningarnar snúa að hinum ýmsu efnahagsmálum og öryggismálum.

Báðar fylkingar nota efnahagsmál málstað sínum til stuðnings. Sjálfstæðissinnar segja að Skotar borgi of mikið til breska ríkisins miðað við það sem þeir fá til baka, og að efnahagnum verði betur borgið með sjálfstæðu ríki. Olíu- og gasvinnsla undan ströndum Skotlands er stórmál í þessu samhengi og Skotar myndu krefjast þess að fá yfirráð yfir lindunum þar, að minnsta kosti að hluta til. Um þetta hefur þó ekki verið samið og sambandssinnar hafa gagnrýnt

áhersluna á olíuvinnsluna. „Að leggja efnahagslega fram-  
tíð að veði á svona viðkvæmri og minnkandi auðlind er bara  
ekki trúverðugt. Það er kominn tími til að þjóðernissinnarnir  
komi hreint fram með það,“ hafði breska ríkisútvarpið eftir  
Alistair Darling, fyrrverandi fjármálaráðherra Bretlands og  
sambandssinna. Þá hefur stofnunin IFS (Institute for Fiscal  
Studies) sagt að Skotar þyrftu að skera niður eða hækka  
skatta til þess að halda sjó, ef olíuverð lækkar eins og spár  
segja til um.



Smelltu til að  
lesa frétt BBC um  
áhættur sem  
fylgja sjálfstæðinu

## Lofa hærri lífeyri

Um síðustu helgi greindu stjórnvöld í Skotlandi svo frá  
áætlun sinni um lífeyrismál Skota, þar sem í stuttu máli  
má segja að öllu fögru hafi verið lofað. Stjórnvöld segja að  
ef Skotar ákveði að gerast sjálfstætt ríki verði hefðbundinn  
lífeyrir greiddur út, auk þess að frá árinu 2016 muni nýir  
lífeyrisþegar fá rúmu pundi meira á viku en aðrir í Bret-  
landi. Þá hyggjast skosk stjórnvöld endurskoða þær áætlanir  
breskra stjórnvalda að hækka eftirlaunaaldurinn úr 65 árum  
í 67. Hækkun lífeyrisaldursins henti ekki Skotum, þar sem  
þeir lifi að meðaltali skemur en aðrir Bretar. Það er ekki síst  
vegna þess hversu margir eru hjartveikir og sykursjúkir af  
völdum slæms mataræðis.

Þessar fyrirætlanir stjórnvalda hafa verið harðlega  
gagnrýndar, bæði í Skotlandi og af stjórnvöldum í London.  
„Að yfirgefa Bretland yrði bæði dýrt og áhættusamt fyrir  
lífeyrisþega. Þessi áætlun myndi kosta Skotland sex milljarða  
punda,“ sagði Gregg McClymont, þingmaður Verkamanna-  
flokksins, við skosku útgáfu Sunday Express. Hann sagði  
áformin hljóta að fá fólk til að hugsa sig tvisvar um hvort það  
styddi sjálfstæði.

Þá hefur verið deilt um það hver staða landsins yrði innan  
Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins. Stjórnvöld  
telja að engin breyting verði þar á og að sjálfstætt Skotland  
haldi sjálfkrafa áfram að vera hluti þessara bandalaga.  
Salmond og hans fólk vill þó ekki að Skotar taki upp evru og  
mælst hefur mikill stuðningur við að þeir notist áfram við



Um fjöllun breska  
ríkisútvarpsins BBC um  
þjóðaratkvæðagreiðsluna á  
næsta ári



## HVERJIR HAFNA KOSNINGARÉTT?

Ákveðið var að lækka kosningaaldurinn niður í sextán ár í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Allir yfir sextán ára aldri sem búa í Skotlandi mega því kjósa, en Skotlar sem eru búsettir utan Skotlands mega það ekki.

breska pundið. Stjórnvöld í Bretlandi vilja ekki lofa neinu slíku. Þá eru ekki allir á eitt sáttir um þá stefnubreytingu þjóðarflokksins að vilja aðild að Atlantshafsbandalaginu, en flokkurinn var þangað til í fyrra mótfallinn aðild. Bent hefur verið á að líkur séu á að Skotlar þurfi að sækja um aðild að ESB og NATO eins og önnur ríki. Þeim spurningum er enn ósvarað og bresk stjórnvöld hafa raunar afþakkað hjálp Evrópusambandsins við að svara þeim áður en þess gerist þörf.

Margt getur breyst á þessu tæpa ári sem enn er þar til Skotlar kjósa um þessi álitamál og mun fleiri til. Búast má við því að málið verði fyrirferðarmeira á Íslandi og Norðurlöndunum öllum á næstunni, enda hafa skosk stjórnvöld lýst yfir miklum áhuga á auknu samstarfi við þessi ríki. Sumir telja jafnvel að Skotland vilji verða hluti af Norðurlöndunum, og slík áhersla er jafnvel talin geta aflað sjálfstæðissinum meira fylgis. Víst er að þeir þurfa sannarlega á auknum stuðningi að halda ef þeir ætla að ná markmiðum sínum.



†  
**Evangelistar  
í útrás**





byrjun ágúst síðastliðins ætlaði allt að fara á annan endann í íslensku samfélagi þegar í ljós kom að heimsþekktur bandarískur predikari, Franklin Graham, ætlaði að koma til Íslands síðustu helgina í september til að predika í Laugardalshöll á Hátíð vonar.

Hneykslunin var vegna þess að Graham, og samtökin sem hann leiðir, eru yfirlýstir andstæðingar hjónabands samkynhneigðra. Hún var líka vegna þess að Þjóðkirkjan, sem fær um fimm milljarða króna á ári úr ríkissjóði til að reka víðfeðma starfsemi sína, auglýsti hátíðina á vef sínum og ofbauð með því nánast öllum samtökum fyrir auknum mannréttindum, meðal annars samkynhneigðra, sem starfa á Íslandi.

Þjóðkirkjan baðst á endanum afsökunar á auglýsingunni og fjarlægði hana af vef sínum. Hún vildi þó ekki endurskoða aðkomu sína að hátíðinni. Rúmlega 50 kirkjur, söfnuðir, sóknir og trúarsamtök á Íslandi taka þátt í henni. Á meðal þeirra sem eru í forsvari fyrir samtökin sem standa að hátíðinni eru tveir Þjóðkirkjuprestar.

Ekki voru allir kristnir Íslendingar á eitt sáttir við aðkomu Þjóðkirkjunar að viðburðinum. Sóknarnefnd og sóknarprestur Laugarneskirkju sendu til dæmis frá sér ályktun þar sem fram kom að þau álitu þátttöku þjóðkirkjunnar skref í ranga átt. Í vikunni var síðan ákveðið að haldin yrði Regnbogamessa í Laugarneskirkju næstkomandi sunnudagskvöld. Auðbjörg Stefanía Helgadóttir, formaður sóknarnefndar, segir að þar verði fjölbreytileikanum fagnað og regnbogafánanum flaggað. Í kirkjunni sé rými fyrir alla. Hún leggur þó áherslu á að undirtóninn sé grafalvarlegur og ætlar sjálf að tala á messunni um mjög persónulegt málefni. „Það getur verið lífshættulegt að dæma aðra,“ segir hún.

Þessi afstaða einnar kirkju hefur þó ekki bifað Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands. Hún ætlar að halda erindi á hátíðinni.

## Lögreglan spurð um öryggismál

Franklin Graham er forseti og framkvæmdastjóri The Billy Graham Evangelistic Association (BGEA), samtaka sem

## MIÐAR ÓGILDIR

Upphaflega var hægt að nálgast miða á Há-tíð vonar í gegnum vefsíðuna Miði.is. Þeim sem höfðu nálgast miða með þeim hætti var hins vegar send tilkynning í ágúst um að miðar þeirra væru ógildir vegna þess að

ýmsir aðilar hefðu misnotað sér miðasöluna. Talið er að þar eigi skipuleggjendur við hóp fólks sem tryggði sér miða en ætlaði sér ekki að mæta og vildi með því mótmæla skoðun-um Franklin Graham á samkynhneigðum.



Smelltu til  
að lesa um  
hátíðina

predikarinn umdeildi Billy Graham, faðir Franklins, stofnaði árið 1950. Samtökin eru, og hafa alltaf verið, andstæðingar hjónabands samkynhneigðra. Franklin Graham sjálfur telur að „púpalagnir“ fólks, það er gerð kynfæra þess, sýni einfaldlega að þeir sem stundi kynlíf með einstaklingi af sama kyni séu að endurskilgreina það notagildi sem guð hafi gefið þeim. „Það er guð, ekki stjórnvald, sem skilgreinir hjónaband. Það er á milli eins manns og einnar konu,“ sagði Franklin Graham í viðtali við sjónvarpsmanninn Piers Morgan á CNN fyrr á þessu ári.

Því liggur fyrir að Graham er afar umdeildur maður. Hann er það umdeildur að menn á hans vegum, fyrrverandi starfsmenn bandarískra leyniþjónusta, höfðu samband við lögregluþyrftir á Íslandi til að kanna hvort grípa þyrfti til einhverra öryggisráðstafana vegna komu Grahams hingað til lands. Vert er að taka fram að slíkt er víst ekki óþekkt þegar stjórnur eða annað fyrirferðarmikið fólk heimsækir Ísland. Fólk úr teymi þeirra sem sér um öryggismál er þá að kynna sér lög og reglur og ganga úr skugga um að öryggi viðkomandi sé ekki stefnt í voða.

### Operation Iceland: alþjóðavæðing trúar

Samtökin þykja mjög pólitísk og boða mjög sterkar lífs-skoðanir sem þau segja að tengist þeirri trú sem þau boða. Þau hafa haft sterkar tengingar við marga fyrirferðar-mikla stjórnámálamenn í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra eru forsetaframbjóðendurnir fyrrverandi Mitt Romney og Newt Gingrich. Billy Graham var auk þess andlegur ráðgjafi nokkurra Bandaríkjaforseta á árum áður. Hann var sérstaklega náinn Dwight Eisenhower og Richard Nixon.




## STOFNANDINN BILLY GRAHAM

Billy Graham, faðir Franklins, stofnaði The Billy Graham Evangelistic Association (BGEA) árið 1950. Hann er nú orðinn 95 ára og er mjög virtur og áhrifamikill innan Bandaríkjanna. Það hjálpaði Graham mikið að fjölmiðlar mógúlsins sérvitra Williams Randolphs Hearst studdu dyggilega við bakið á honum til að byrja með og hjálpuðu til við að vekja athygli á honum. Á árinu 2008 var talið að alls 2,2 milljarðar manna hefðu hlýtt á útvarps- eða sjónvarpspredikanir Billy Graham. Hann hefur verið á árlegum lista sem Gallup tekur saman um það fólk sem mest virðing er borin fyrir í heiminum alls 55 sinnum síðan árið 1955. Það er oftast en nokkur annar einstaklingur.

Á heimasíðu BGEA er að finna upplýsingar um tilgang heimsóknar Franklin Graham til Íslands. Yfirskrift færslunnar, sem var sett inn um liðna helgi, er „Útbreiðsla vonar: Íslenska ævintýrið“ (e. Spreading Hope: The Iceland Adventure). Þar er rætt við Hans Mannegren, sem er titlaður stjórnandi Hátíðar vonar. Mannegren þessi er raunar starfsmaður BGEA og ferðast um heiminn til að setja upp viðburði eins og þann sem haldinn verður í Laugardalshöll um helgina. Í fyrrahaust stýrði hann meðal annars 100 þúsund manna viðburði í Suður-Súdan á vegum samtakanna sem báru yfirskriftina „Von fyrir nýja þjóð“ (e. Hope for a New Nation). Aðalnúmerið á þeirri hátíð var auðvitað Franklin Graham. Mannegren þessi er ekki að koma til Íslands í fyrsta sinn. Hann kom meðal annars hingað í janúar síðastliðnum til að halda tölu á samkomu á vegum Sambands íslenskra kristniboðsfélaga.

Í viðtalinu segir Mannegren frá því að kirkjan sé hluti af lífi Íslendinga en að hún sé ekki í aðalhlutverki. Einungis fjögur prósent „skilji“ hin sönnu skilaboð fagnaðarerindisins. Enn fremur segir hann að um 60 prósent Íslendinga telji trú ekki vera mikilvæga í daglegu lífi sínu og vitnar þar í Gallupkönnun frá árinu 2011. „Þar sem einungis 3,8 prósent





**Í Norður-Kóreu**  
Graham-fjölskyldan hefur byggt upp traust samband við norður-kóreska ráðamenn á síðustu tveimur áratugum. Hér er Franklin með Kim Yong Dae, varaforseta þingsins, árið 2009.

af íbúum Íslands telja sig evangelískt kristna er þörfin fyrir því að deila hinum góðu tíðindum fagnaðarerindisins meira knýjandi en nokkru sinni áður,“ segir í færslunni. Mannegren bætir við að það sé ekki öllum trúuðum auðvelt að bjóða vinum sínum á hátíðina. „Það er óvíst hvernig fólk bregst við slíku boði. En þetta þvingar fólk til að trú á guð frekar en að trú á aðferðir.“

Stóra áskorunin sem mætir aðstandendum Hátíðar vonar, að mati færsluhöfundarins Trevor Freeze, er ekki að finna það fólk sem á að bjóða á hana, heldur að finna út hvar það stendur andlega. Síðan tiltekur hann að um 85 prósent Íslendinga tengist Þjóðkirkjunni, sem sé mótmælendakirkja. „Sannir átrúendur hafa beðið mánuðum saman, og í einhverjum tilfellum árum saman, og vonast eftir því að vakning verði á meðal þjóðarinnar. Frá því um vorið 2008, skömmu fyrir efnahagshrunið, hefur hópur 15 til 30 manns beðið saman í hádeginu á hverjum miðvikudegi til guðs um að bregðast kröftuglega við,“ segir Freeze. Koma Franklin Graham er, samkvæmt samtökunum, svar við kalli þessa hóps.

## Peningarnir í trúnni

BGEA eru engin smá samtök. Eignir þeirra námu samtals 347,8 milljónum dala, 41,5 milljörðum króna, í lok árs 2012. Til samamburðar má nefna að eignir Haga, stærsta smásala á Íslandi, voru 25,7 milljarðar króna um síðustu áramót, eða 62 prósent af eignum BGEA. Samtökin skulda auk þess lítið og eigið fé þeirra, það sem eftir stendur þegar búið er að draga skuldir frá eignum, er 270,8 milljónir dala, 32,4 milljarðar króna. Og það renna miklir peningar inn í BGEA á hverju ári. Í fyrra var velta þeirra 98,5 milljónir dala, 10,3 milljarðar króna. Níu af hverjum tíu krónum sem samtökin öfluðu sér voru framlög.



### Leikur á Hátíð vonar

Michael W. Smith er tónlistarmaður sem leikur kristilega tónlist. Hann hefur gefið út 22 plötur og tíu bækur sem boða fagnaðarerindið. Hann verður á Hátíð vonar.

Samtökin standa fyrir viðburðum um allan heim sem hafa það yfirlýsta markmið að hjálpa fólki að finna Jesú Krist. Um þessar mundir standa þau auk þess fyrir stóru átaki innan Bandaríkjanna sem ber nafnið My Hope America with Billy Graham. Tilgangur þess er að ná til sem flestra innan Bandaríkjanna og boða fyrir þeim fagnaðarerindi Jesú Krists með því að sanntrúaðir deili trú sinni með vinum, fjölskyldu og nágrönnum. Átakinu verður ýtt úr vör í nóvember næstkomandi. Í kynningartexta þess segir að það sé ekki „hríðskotatrúboð“ (e. drive-by evangelism) heldur snúist átakið um að gefa sér tíma til að búa til alvöru samband við fólk sem hafi ekki upplifað „lífsbreytandi fund með Jesú Kristi“. Alls vinna um 20 þúsund kirkjur víðs vegar um Bandaríkin að verkefninu og standa vonir þeirra til að um 165 þúsund manns muni nota „My Hope“-átakið til að sannfæra vini, fjölskyldur og nágranna sína um ágæti Jesú Krists. Það er um helmingur íslensku þjóðarinnar.



# TVENNU TILBOÐ

Pú sækir pizzu og stóran skammt af  
brauðstögum, Ostagott eða Kanilgott  
og færð pizzu sömu stærðar að auki.

**PANTA HÉR!**





# Ísland gæti orðið þetta í valdatafli stórvelda



Deildu með  
umheiminum



**2. hluti**  
*Kjarninn fjallar um  
norðurslóðir.*

**I**slensk stjórnvöld hafa á síðustu árum lagt aukna áherslu á samskipti og samvinnu við ríki á norðurslóðum, bæði í gegnum Norðurskautsráðið og með tvíhliða samskiptum. Aukin áhersla er lögð á samvinnu við Færeyjar og Grænland, þar sem löndin þrjú hafa ýmissa sameiginlegra hagsmuna að gæta. Ekki fer mikið fyrir umræðu um norræna samvinnu tengda norðurslóðum og ef hún væri mikil myndu Norðurlandaráðin ekki hafa hátt um hana til að styggja ekki hin ríkin í Norðurskautsráðinu.

Burtséð frá því kann pólitískt vægi Íslands í landfræðilegu tilliti að aukast með opnun siglingaleiða á norðurslóðum, enda skapast þá möguleikar á þjónustustöðvum og umskipunarhöfnum. Gallinn sem fylgir auknum áhuga á Íslandi er sá að hætta er á því að Ísland verði það í valdatafli stórveldanna um auðlindir á svæðinu. Þó má fullyrða að svo lengi sem aukin áhersla er lögð á mikilvægi Norðurskautsráðsins sem aðalvettvangs fyrir málefni norðurslóða er minni hætta á því en þar sem búið er að koma upp sterku stofnana- fyrirkomulagi eru minni líkur á átökum. Erlendir leiðtogar víðs vegar að úr heiminum sem hafa heimsótt Ísland hafa jafnan tekið upp málefni norðurslóða í viðræðum við íslenska ráðamenn.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur lengi fjallað um mikilvægi norðurslóða. Í október 2013 verður haldin í Hörpu alþjóðleg ráðstefna sem forseti Íslands og fleiri standa fyrir og hefur hlotið heitið Hringborð norðurslóða (e. Arctic Circle). Segja má að Hringborð norðurslóða sé nýr vettvangur alþjóðlegs samstarfs um norðurslóðamál. Velta má fyrir sér hvort þetta sé ein leið til að leyfa fleiri ríkjum að koma sínum málefnum á framfæri varðandi norðurslóðamál eða hvort forsetinn sé að reyna að koma Íslandi betur á kortið í þessum efnun.

### **Styrkja samráð og samstarf**

Norðurslóðamál eru fyrirferðarmikill málaflokkur í alþjóðlegri stjórn málaumræðu. Loftslagsbreytingar, mögulegar



#### Forsetinn

Ólafur Ragnar Grímsson hefur lengi fjallað um mikilvægi norðurslóða.

MYND/AFP

siglingaleiðir og auðlindanýting hafa opnað augu ríkja heimsins fyrir tækifærum og áhættuþáttum á þessu svæði. Norðurskautsráðið hefur fest sig æ betur í sessi á síðustu árum, þótt fullyrða megi að fundir strandríkjanna fimm ógni enn stöðu þess.

Til að geta tekið virkan þátt í samstarfi um norðurslóðir þarf að styrkja samráð og samvinnu innanlands. Með því móti geta Íslendingar staðið sterkar að velli í hinni alþjóðlegu samvinnu. Ísland lagar sig að núverandi aðstæðum í alþjóðakerfinu þar sem einnig er talsverður alþjóðlegur áhugi á Íslandi í tengslum við málefni norðurslóða. Það lýsir sér bæði í auknum áhuga annarra ríkja á samvinnu við Ísland þegar kemur að vísindarannsóknum og áhuga erlendra



ríkja á samvinnu við Ísland á breiðari og almennari grundvelli um norðurslóðamál.

Brýnt er að norðurslóðamál verði sett meira inn í ráðuneyti og stofnanir og þau mál séu hluti af vinnulýsingu starfsmanna, ekki einungis aukaverkefni sem ekki er alltaf tími til að sinna. Með því að geta tekið virkari þátt í vinnuhópum Norðurskautsráðsins þarf að styrkja samráð og samvinnu innanlands til að standa sterkar að velli í hinni alþjóðlegu samvinnu.

## Áheyrnaraðilar geta haft mikil áhrif

Norðurskautsráðið stendur að mörgu leyti á tímamótum. Með því að hleypa sex nýjum ríkjum inn í ráðið sem áheyrnaraðilum er stuðlað að því að fleiri raddir fái að heyrast þegar kemur að framtíðaráherslum á norðurslóðum. Þó að áheyrnaraðilar komi ekki að ákvörðunum innan ráðsins má færa rök fyrir því að áhrif þeirra verði nokkur í vinnuhópunum, enda koma þeir með beinum hætti að stefnumótun Norðurskautsráðsins og jafnvel stefnu aðildarríkjanna. Í þessari grein hefur sjónum sérstaklega verið beint að þeim stofnunum sem hafa með norðurslóðamál að gera á Íslandi og aðkomu Íslendinga að vinnuhópum Norðurskautsráðsins. Nokkuð margir innlendir aðilar tengjast starfi Norðurskautsráðsins í gegnum ráðuneyti, hagsmunasamtök og rannsóknarstofnanir. Eins og bent hefur verið á eru þó ekki nægjanleg innbyrðis tengsl á milli þeirra. Staðhæfa má að málefni Norðurskautsráðsins séu nokkrum skrefum á undan stjórnslunni hér heima.

Ekki skal þó gert lítið úr framlagi Íslendinga. Þeir hafa verið leiðandi í gerð vísindaskýrslna fyrir SDWG-vinnuhópin og leggja mikið af mörkum til þeirra tveggja vinnuhópa sem staðsettir eru á Íslandi. Hins vegar eru vísbendingar um að Ísland sé að dragast aftur úr í starfi vinnuhópanna þar sem önnur norðurskautsríki hafa eflt þátttöku sína og senda nú mun fleiri sérfræðinga á fundi en áður. Það sem veikir einnig framlag Íslands er að ákveðin togstreita er á milli vinnuhópanna um það hvort þeir seilist inn á



## Arctic Circle

Í október verður haldin alþjóðleg ráðstefna í Hörpu sem hefur hlotið nafnið Hringborð norðurlóða (e. Arctic Circle). Ráðstefnan verður nýr vettvangur alþjóðlegs samstarfs um norðurlóðamál.

Upplýsingar um hana má sjá hér: <http://www.arcticcircle.org/>. MYND/BPH



vinnusvið hverra annarra. Loks virðast norðurslóðamál vera nokkurs konar aukaverkefni hjá sumum opinberum stofnunum sem sinna þeim á eftir öllum öðrum skylduverkefnum.



Smelltu til að lesa um Drekasvæðið

## Vöntun á samhæfingu aðgerða

Stjórnsýslan hefur ekki samhæft krafta sína nægilega mikið til að framfylgja norðurslóðastefnunni. Fyrir utan utanríkisráðuneytið hafa ráðuneyti og undirstofnanir þeirra ekki innleitt hana með skipulegum hætti í starfsemi sína. Til að vinna bug á þessum vanda mælir margt með því að koma á fót ráðuneytisnefnd þar sem ráðuneytisstjórar í flestum ráðuneytum innanlands myndu hittast reglulega til að ræða og samræma stefnuna í málefnum norðurslóða. Þannig myndi virkni hvers og eins ráðuneytis aukast og stofnanir sem heyra undir þau fá skýr skilaboð um til hvers er af þeim ætlast við framkvæmdina. Slíkt drægi einnig úr þeirri tilhneigingu að þau ráðuneyti og stofnanir sem sýna málefninu mestan áhuga séu þær einu sem sinni því að einhverju marki. Einnig er brýnt að auka fræðslu um norðurheimskautið og stöðu Íslands á svæðinu. Eins og hér hefur verið lögð áhersla á snúast norðurslóðamál ekki eingöngu um utanríkismál heldur varða þau fleiri málaflokka, til dæmis umhverfismál, sjávarútvegsmál, heilbrigði og velferð á norðurslóðum, menntun, öryggi og svo mætti lengi telja.



Þeir aðilar sem eru með sérteyfi fyrir rannsóknir á Drekasvæðinu

## Norðurslóðir áfram í kastljósinu

Gera má ráð fyrir því að norðurslóðir verði áfram í deiglu alþjóðamála og að meiri hiti muni færast í umræðuna. Þar rekast á ólík sjónarmið, þeirra sem vilja nýta möguleikana á opnum siglingaleiðum og auðlindanýtingu og þeirra sem vilja berjast gegn loftlagsbreytingum. Hið sama má segja þegar kemur að Íslandi og norðurslóðamálum. Þegar farið verður að leita að olíu mun stjórn mála umræðan innanlands vafalaust beinast í auknum mæli að norðurslóðum. Þótt hún verði fyrst um sinn tengd hugsanlegum olíuvinnslustöðum er líklegt að hún þróist og muni einnig ná til umhverfismála sem og annarra mála sem snerta beint íbúa á norðurslóðum,



til dæmis á sviði heilbrigðis- og velferðar. Þá kemur í ljós hvort takast muni að viðhalda sátt um málefni norðurslóða á Íslandi eða hvort þau eigi eftir að leiða til pólitískrar sundrunar.

*Greinin er byggð á MA-rannsókn höfundar: Ísland, Norðurskautsráðið og samvinnuverkefni á norðurslóðum. Aðkoma stjórn-sýslu, rannsóknaraðila og hagsmunasamtaka. Um var að ræða tilviksrannsókn (e. case study) sem er byggð á 24 viðtölum við sérfræðinga og embættismenn sem vinna að norðurslóðamálum hjá ráðuneytum, opinberum stofnunum og rannsóknastofnunum á Íslandi. Einnig voru tekin fleiri viðtöl við stjórnámálamenn, þar á meðal ráðherra og þingmenn, til að setja aðild Íslands að norðurslóðaverkefnum í pólitískt samhengi. Loks var stuðst við bækur, fræðigreinar, skýrslur stofnana, opinber fundargögn og blaðagreinar um efni sem tengjast rannsókninni með beinum og óbeinum hætti.*



# Danske Bank í vandræðum





**D**anske Bank, langstærsti banki Danmerkur, hefur undanfarið verið áberandi í dönskum fjölmiðlum. Misheppnaðar auglýsingaherferðir, flótti viðskiptavina frá bankanum og nú síðast brottrekstur bankastjóra sem aðeins hafði setið í hálf tveimur árum.

Þegar Eivind Kolding, bankastjóri Danske Bank, mætti til vinnu í höfuðstöðvum bankans við Kóingsins Nýjatorg í miðborg Kaupmannahafnar um áttaleytið að morgni mánuðagsins 16. september átti hann sér einskis ills von. Venjulegur dagur fram undan, fjölmargir fundir á dagskrá, ekkert óvenjulegt við það, þar á meðal einn með stjórnarformanni bankans, Ole Andersen. Kolding var varla kominn úr frakkanum á skrifstofu sinni þegar stjórnarformaðurinn bankaði og bað hann að koma strax yfir í skrifstofu sína, sem er reyndar í næsta herbergi við bankastjóraskrifstofuna. Fundurinn á skrifstofu stjórnarformannsins var stuttur; Andersen tilkynnti Kolding að stjórn bankans, sem hafði hist fyrr um morguninn, væri sammála um að segja honum upp störfum, hér og nú. Tíu mínútum síðar var Eivind Kolding á leið heim, atvinnulaus, með starfslókasamning upp á 23 milljónir danskra króna (um 500 milljónir íslenskar) í vasanum.

Eivind Kolding tók við bankastjórastarfinu hinn 15. febrúar 2012 og hafði því einungis gegnt starfinu í níttján mánuði. Uppsögnin mun hafa komið honum mjög á óvart, en Ole Andersen stjórnarformaður hefur í viðtölum sagt að ákvörðunin hafi verið tekin að mjög vel athuguðu máli sem stjórnin hafi verið búin að vege og meta mánuðum saman. Kolding hafi einfaldlega ekki haft þá kunnáttu á bankamálum og rekstri peningastofnana sem stjórnin telji nauðsynlega. Þetta verður að teljast einkennileg yfirlýsing í ljósi þess að Kolding hafði setið í stjórn bankans frá árinu 2001 og hafði, áður en hann tók við bankastjórastarfinu, verið formaður stjórnarinnar um skeið. Þegar Peter Straarup hætti í febrúar 2012 eftir fjórtán ár sem bankastjóri komu tveir til greina: Eivind Kolding og Thomas F. Borgen. Þótt allt væri kyrrt á yfirborðinu urðu talsverð átök innan stjórnarinnar um valið á eftirmannin

Danske Bank var stofnaður 1871, hét þá Den Danske Landmandsbank og varð fljótt stærsti banki á Norðurlöndum. Bankinn komst í þrot 1922 en var endurreistur. Núverandi heiti, Danske Bank, var tekið upp árið 2000. Bankinn hefur í áratugi verið stærsti banki Danmerkur.

um. Stjórnarformaðurinn benti á sjálfan sig og hann varð að endingu fyrir valinu.

Þótt Eivind Kolding, sem er 53 ára, hafi setið í bankastjórninni um árabil var hann ekki bankamaður í eiginlegum skilningi. Að loknu lögfræðiprófi árið 1983 vann hann um nokkurra ára skeið á lögmannsstofu en hóf árið 1989 störf hjá A.P. Möller-Mærsk fyrirtækinu. Frá 1. júlí 2006 og þangað til hann settist í bankastjórastólinn var hann forstjóri Maersk Line, stærsta fragtskipafélags í heimi, með 25 þúsund starfsmenn. Mörgum þótti einkennilegt að Kolding skyldi velja að yfirgefa Maersk-skútuna og gerast bankamaður en í viðtölum sagði hann að það væri spennandi vettvangur og mikil áskorun að takast á við nýtt starf. Það reyndust orð að sönnu.

Danske Bank hefur verið í miklum vanda staddur síðan í bankahruninu. Bankinn, sem er sá langstærsti í Danmörku og hefur lengi verið, tapaði miklu fé í krepunni og það er hreint ekki víst að hann hefði lifað hrúnið af án aðstoðar danska ríkisins. Sérfræðingar segja að það hafi einfaldlega ekki komið til greina að láta bankann rúlla eins og það er kallað, til þess hafi allt of mikið verið í húfi. Bankinn var, og er, risavaxinn á danskan mælikvarða og fall hans hefði haft gríðarleg áhrif í dönsku samfélagi. Nær öruggt er að margir aðrir danskir bankar hefðu komist í þrot og fjölmörg dönsk fyrirtæki, bæði stór og smá, hefðu ekki lifað af.

Þegar best lét á fyrsta áratug aldarinnar var heildarverðmæti Danske Bank um 170 milljarðar danskra króna, sem í dag samsvarar yfir 3.700 milljörðum íslenskra króna. Vorið 2009 hríðféll hins vegar verð á hlutabréfum í bankanum og í mars það ár var heildarverðmæti hans 25 milljarðar danskra króna. Tiltrú umheimsins, og Dana sjálfra, á bankanum hafði beðið alvarlegan hnekki. Þannig var ástandið þegar Eivind Kolding settist í bankastjórastólinn. Hans biðu því mörg og erfið verkefni. Það mikilvægasta, og erfiðasta, var að efla tiltrú og traust landsmanna á bankanum en nýja bankastjóranum og samstarfsfólki hans virðast hafa verið ákaflega mislagðar hendur í þeim efnum.

Höfuðstöðvar Danske Bank á  
Kóingsins Nýjatorgi  
Mikið rót hefur verið undanfarið á  
rekstri þessarar kjölfestu í dönsku  
fjármálalífi.



Í nóvember 2012 fór bankinn af stað með mikla auglýsinga- og ímyndarherferð undir heitinu „New Normal – New Standard“. Skemmst er frá því að segja að þessi herferð hafði þveröfug áhrif og auglýsing bankans var talin sú versta í landinu það árið. Ekki tók betra við þegar bankinn ákvað í ársbyrjun 2013 að almennir borgarar, hinn svokallaði litli maður, skyldu framvegis þurfa að borga fyrir að vera með venjulegan launareikning, oft kallaðan tékkareikning, í bankanum. Gjaldið miðaðist við 480 krónur (um 10.500 íslenskar) á ári. Þetta þótti ekki góð latína, að þurfa að borga fyrir að vera með bankareikning. Almennungi (litla mannum) fannst hann settur til hliðar og ekki lengur skipta máli, nú væri greinilegt að Danske Bank væri með hugann við stórlaxana. Enda viðurkenndu stjórnendur bankans að stefnan væri sú að sinna fyrst og fremst fyrirtækjum og þeim sem mikið hefðu umleikis í viðskiptum. Ekki bætti úr skák að bankinn lokaði fjölmörgum útibúum og nú eru í landinu öllu aðeins 55 útibú, þar sem hægt er að taka út reiðufé og borga reikninga. Önnur útibú eru eingöngu svokölluð ráðgjafar- og þjónustuútibú. Þetta varð til þess að á síðasta ári yfirgáfu um það bil 100 þúsund viðskiptavinir bankann og hafa langflestir þeirra hafa flutt viðskipti sín yfir í Nordea-bankann. Þótt margir viðurkenni að Danske Bank hafi gert það sem aðrir bankar þorðu ekki, varðandi fækkun og breytingu á starfsemi útibúa, hefur bankinn eigi að síður fengið á sig ímynd þess sem lætur sig almenning litlu varða. Nýleg könnun staðfesti þetta álit; þar sögðu flestir að Danske Bank væri ekki lengur stofnun fólksins heldur fyrirtækjanna, stóru fyrirtækjanna vel að merkja.

Að lokum varð það niðurstaða bankastjórnarinnar að Eivind Kolding væri ekki rétti maðurinn til að stýra skútunni. Enginn efast um hæfni hans og hæfileika, sagði formaður bankastjórnarinnar í blaðaviðtali, hann hefði hins vegar ekki verið á réttri hillu. Eitt dönsku blaðanna sagði frá því að sumir starfsmanna bankans hefðu sín á milli kallað Eivind Kolding útgerðarmanninn, en blaðið taldi það til marks um takmarkað álit starfsmanna á stjórnandanum.





Ekki má þó líta framhjá því sem vel hefur tekist og í nýbirtri skýrslu um bankahrunið, ástæður þess og afleiðingar kemur fram að þrátt fyrir mikil áföll og margháttaða erfiðleika hafi Danske Bank tekist að snúa vörn í sókn og rekstur bankans sé á réttri leið.

Formaður bankastjórnarinnar hefur fullyrt að sú ákvörðun að einbeita sér að fyrirtækjum fremur en einstaklingum hafi skilað árangri í rekstrinum. Eigið fé bankans hafi aukist og mörg jákvæð teikn séu nú á lofti.

Samtímis tilkynningunni um starfslok Eivind Kolding var frá því greint að Norðmaðurinn Thomas F. Borgen tæki við bankastjórarstarfinu. Hann hefur um árabil verið í hópi helstu yfirmanna bankans og einn lykilmanna í starfseminni.

Nýja bankastjórans bíða erfið verkefni. Þótt jákvæð teikn séu á lofti í rekstrinum skortir mikið á að bankinn standi jafnfætis stærstu bönkum annars staðar á Norðurlöndum. Höfuðviðfangsefni bankastjórans verða að styrkja eiginfjárstöðu bankans og hækka lánshæfismat hans. Hvort tveggja erfið verkefni.

Formaður bankastjórnarinnar sagði í viðtali að miklar kröfur væru gerðar til Thomasar F. Borgen. Danskir fjölmiðlar túlka þessi ummæli á þann veg að bankastjórin þurfi að vinna hratt og vel, ella muni hann ekki sitja lengi í bankastjórstólnum.



*Hraðari enn Porsche  
Grænni enn Prius*



**EIGUM ENN NOKKRA BÍLA TIL AFHENDINGAR Í DESEMBER  
HÆGT AÐ GANGA FRÁ PÖNTUNUM TIL 8. OKTÓBER NK.**

**VERÐ FRÁ KR. 11.800.000**


**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [TESLA.IS](https://www.tesla.is)**



**even**

# GALLERÍ

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin







**Stórsigur Merkel**

Andlit Angelu Merkel Þýskalandskanslara prýddi forsíður allra helstu dagblaða Þýskalands á mánudagsmorgun enda vann hún stórsigur í þingkosningunum þar á sunnudag. Kristilegir demókratar, flokkur Merkel, hlaut 40,5 prósent þingsæta og jók fylgi sitt nokkuð. Frjálsir demókratar, samstarfsflokkur Merkel í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, féllu hins vegar af þingi.

MYND/AFP







### Krefjast mannsæmandi launa

Verkafólk í fataiðnaði í Bangladess mótmælti lágum launum sínum í höfuðborginni Dakka á laugardaginn. Krafa verkafólksins er skýr: Að það fái greidd lágmarkslaun sem nema 12.500 íslenskum krónum á mánuði. Aðbúnaður í fataverksmiðjum í Bangladess er víða óviðunandi, kjör verkafólks léleg og öryggi starfsmanna nánast ekkert.

MYND/AFP





### Átti fótum fjör að launa

Þessi maður hefur örugglega vonað að fætur sínir væru hvor öðrum fljótari þegar hann flúði undan flóðbylgju á tveimur jafnfljótum í Sjantú í Guangdong-héraði í suðurhluta Kína á mánudag. Fellibylurinn Usagi gekk þá á land, en eftir hann liggja 25 manns í valnum. Fleiri þúsund ferðalangar sátu fastir á flugvöllum og allt samgöngukerfi héraðsins lamaðist.

MYND/AFP







### Jerúsalem lokað fyrir hátíðarhöld

Ísraelum þótti ekki við hæfi að Palestínumenn fengju að mótmæla þegar trúarhátíð gyðinga í Jerúsalem hófst á þriðjudag og sendu meðal annars þessa leynilögglumenn til að hafa hendur í hári þeirra sem mótmæltu hörku Ísraela gagnvart Palestínumönnum. Laufskálahátíðin er þakkarhátíð heldin að hausti til að minnast fjörutíu ára veru Ísraela í eyðimörkinni, eins og stendur í Gamla testamentinu.





### **Bjargaði móður og barni**

Umsátursástand stóð yfir í verslunarmiðstöð í Naíróbí frá laugardegi til þriðjudags þegar hryðjuverkamenn héldu fjölda fólks í gíslingu inni í byggingunni. Yfirvöld í Kenía segja 67 manns hafa verið drepna og lýstu yfir þriggja daga þjóðarsorg eftir að umsátrinu lauk. Þessi lögreglumaður bjargar hér móður og barni úr haldi hryðjuverkamannanna.

MYND/AFP







VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Erna Gísladóttir, forstjóri BL

# Þurfum að halda vel á spöðunum



## VIÐTAL

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is

**E**rna Gísladóttir hefur sjaldgæfa innsýn í íslenska hagkerfið og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig frá degi til dags. Hún er forstjóri bílaumboðsins BL, stjórnarformaður tryggingafélagsins Sjóvar og á sæti í stjórn smásölurísans Haga, sem rekur Bónus og Hagkaup, svo eitthvað sé nefnt. Í gegnum þessi störf sér hún fljótt merki þess ef þróun í hagkerfinu er jákvæð eða neikvæð. „Mér sýnist allt benda til að þetta ár verði aðeins lakara en í fyrra hvað bílasölu varðar og það segir mér að það er of mikill hæga-gangur í hagkerfinu, meiri en búist var við og var búið að spá. Þetta er vitaskuld áhyggjuefni,“ segir Erna. „Það sem við hjá BL höfum gert að undanförunu er að minnka lagerinn af bílum, en við vorum búin að stækka hann töluvert. Þetta er alvanalegt í bílageiranum.“

### Aftur til baka

Árið 2012 keypti félag í eigu Ernu og eiginmanns hennar, Jóns Þórs Gunnarssonar, rekstur B&L og Ingvars Helgasonar ehf. Þau voru voru sameinuð í nýtt félag, BL. Afi Ernu, Guðmundur Gíslason, stofnaði B&L árið 1954 og var félagið í eigu fjölskyldu hans til ársins 2007, þegar það var selt eigendum Ingvars Helgasonar. Fall krónunnar og hrun fjármálakerfisins frá vormánuðum 2008 og fram í október sama ár sneri bílasölu á Íslandi nær alveg á hvolf og þurftu stærstu bílaumboð landsins öll á rekstrarlegri endurskipulagningu að halda en endurreistu bankarnir og fjármögnunarfyrirtækin, sem kröfuhafar, eignuðust umboðin að stóru leyti. Erna ákvað að láta til sín taka á nýjan leik eftir hrunið og koma aftur að fyrirtækinu sem svo lengi var eign fjölskyldu hennar.

*Hvernig hefur gengið eftir að þú komst að fyrirtækinu á nýjan leik og hvað hefur helst breyst frá því sem áður var?*

„Það hefur gengið ágætlega en það eru mestu vonbrigðin að það hefur ekki komist eins mikill gangur í sölu á bílum hér á landi og við vonuðumst eftir. Við gerum ráð fyrir að það verði ekki miklar breytingar á þessum markaði næstu átján mánuði. Ef ekki væru bílaleigurnar væri veltan alls ekki mikil. Það hafa líka orðið miklar breytingar frá því sem áður var þegar kemur

## UM ERNU GÍSLADÓTTUR

Erna er menntuð MBA frá IESE Barcelona og B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hún er forstjóri og eigandi BL ehf. og er ræðismaður Suður-Kóreu á Íslandi. Erna var forstjóri Bifreiða & landbúnaðarvéla hf. 2003-2008 og einn af eigendum þess félags, en

hún var framkvæmdastjóri hjá B&L 1991-2003. Erna situr í stjórnun eftirtalinnna félaga: EGG ehf., EGG fasteignir ehf., Eldhúsvörur ehf., Hregg ehf., BL ehf., BLIH eignarhaldsfélag hf., SF 1 slhf., SF1GP ehf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Viðskiptaráð.

að innkaupum. Það er ekki hægt að fá erlendar ábyrgðir lengur. Áður fyrr áttum við birgðirnar í evrum, borguðum miklu lægri vexti og áttum kost á því að fá fjármögnun frá framleiðendum, jafnvel vaxtalaust í einhvern tíma. Nú eru gerðar kröfur um að allt sé borgað um leið og bílarnir eru pantaðir. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er Íslandi illa treyst. Framleiðendur fá þær upplýsingar frá bönkum erlendis að það sé ekki lengur hægt að treysta íslenskum fyrirtækjum fyllilega. Í öðru lagi hefur staða efnahagsmála í Evrópu líka versnað. Við erum ekki þau einu sem eru í vandræðum og það hefur mikil áhrif á allt ytra umhverfið að hagkerfi heimsins eru í hæga-gangi, eins og hefur verið reyndin í Evrópu að undanfögnu. Við slíkar aðstæður eru allar reglur hertar og gerðar meiri kröfur um staðgreiðslu og þess háttar. Þetta helst í hendur og við erum tengd alþjóðlegri þróun í þessum efnunum.“

### Einn elsti bílafloiti Evrópu

Íslenski bílafloiti hefur elst hratt og er nú orðinn einn sá elsti í Evrópu með meðalaldur upp á um þrettán ár. Erna segir þetta umhugsunarefni. „Við erum meira að segja komin með eldri bílafloata en Danir og er þá mikið sagt,“ segir Erna. Danir hafa lengi verið þekktir fyrir það í hinum alþjóðlega bílaiðnaði að vera með gamlan bílafloata, sem meðal annars ræðst af aðstæðum í Danmörku þar sem reiðhjólamenning á sér djúpstæðar rætur í samfélaginu líkt og almenningsamgöngur.

*Eftir fall krónunnar eru nýir bílar orðnir mjög dýrir í krónum talið fyrir fólk og erfitt fyrir marga að leggja út fyrir nýjum bílum. Hvernig horfir staðan við þér?*

„Ég hef velt þessu mikið fyrir mér og hef verið að afla upplýsinga um hvernig önnur lönd hafa brugðist við efnahags



### Stóra myndin

Erna leggur áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnu, hafi afmarkaðan ramma sem segi til um nákvæmlega hvaða verkum það eigi að sinna og fái síðan frið þegar það fari í frí. Þannig skapist agi, sem skipti miklu máli í rekstri.





legum þrengingum, því til lengri tíma litið er þjóðhagslega hagkvæmt fyrir þjóðir að vera með nýrri bílafloða frekar en gamlan. Ýmsar þjóðir hafa tekið upp skilagjald, svo dæmi sé tekið, þar sem ríkið borgar fólki fyrir að skila elstu bílunum. Við keyrum elstu bílana mikið ennþá þótt það sé í rauninni ekki þjóðhagslega hagkvæmt að nota þá, meðal annars vegna þess hvað þeir eyða miklu eldsneyti og eru almennt dýrir í rekstri. Ég sé hins vegar ekki að það sé hægt að grípa til aðgerða eins og þessara á meðan staða ríkisfjármála er jafn erfið og hún er nú hér á landi, því það getur verið viðkvæmt að breyta gjaldtöku mikið í þessum geira þó að markmiðið til lengdar sé göfugt og vel raunhæft. Það þarf að huga að þessum málum og skoða hvernig megi yngja bílaflotann, öllu samfélaginu til hagsbóta, en stóra myndin er sú að bilageirinn er mjög háður hagsveiflunni og er yfirleitt mjög næmur fyrir öllu breytingum. Æskilegur meðalaldur bílaflotans er sjö til átta ár en það mun taka mörg ár að yngja flotann niður í þá tölu frá því sem nú er.“

## Skipulagsmál og umhverfisvakning

Eitt af því sem bilageirinn stendur frammi fyrir er stórar spurningar þegar kemur að umhverfismálum og ekki síður skipulagsmálum í borgum. Þannig er það hér á landi ekkert síður en annars staðar, þó að hagsmunirnir séu vissulega meiri eftir því sem íbúarnir eru fleiri og borgirnar stærri. Rafmagnsbílar eru að verða sífellt vinsælli, segir Erna, en það er enn töluvert í að þeir geti tekið við af bílum sem ganga fyrir olíu og bensíni. „Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hvað Íslendingar hafa tekið rafmagnsbílunum vel sem við höfum verið að selja og við finnum glögglega fyrir miklum áhuga á þeim. Til þess að rafmagnsbílar geti orðið valkostur fyrir alla þarf að fara í miklar breytingar á innviðum, til dæmis að byggja upp hraðhleðslustöðvar, svo að fólk búi við meira öryggi þegar það ferðast á rafmagnsbílunum. Þetta er eins og með símana. Það þarf alltaf að vera mögulegt að hlaða þá svo að bílarnir séu öruggir og að fólk komast leiðar sinnar.“ Erna segir enn fremur að rafmagnsbílarnir séu ekki síður spurning um lífsgæði. „Það

## VILL EKKI JÁ-FÓLK

Erna segist starfa eftir því að hver og einn starfsmaður sem starfi með henni sé með skýrt afmarkað starfssvið, svo að hann „viti með fullu hvað hann er að gera“. Þá segist Erna líta svo á að fólk eigi að vera einbeitt á fundum, sleppa því að tala í símann og klára þau verkefni sem séu á borðinu á hverjum tíma. „Ef það þarf að ná í fólk eru alltaf leiðir til

þess. Það þarf ekki alltaf að vera með símann uppi við. Stjórnarstörf eru mikilvægari en svo.“ Þá vill Erna ekki hafa já-fólk í kringum sig, heldur gagnrýnið fólk sem þorir að setja fram sín sjónarmið, óháð því hvort það telur þau vera á skjön við það sem aðrir hafa sett fram innan fyrirtækisins.

heyrist lítið í rafmagnsbílunum og truflun af umferð þeirra er því lítil. Þetta tengist skipulagsmálunum af þessum sökum þar sem lífsgæði aukast gríðarlega mikið þegar rafmagnsbílar eru orðnir algengir í umferðinni. Hér á landi er þetta líka mikið umhverfismál þar sem við erum með umhverfissvæna endurnýjanlega raforku. En það er vitaskuld ekki raunin alls staðar, þar sem olía og kol eru notuð til þess að framleiða raforku. Hversu hratt rafbílarinn ná fótfestu á markaði mun hanga saman við alþjóðlega þróun, meðal annars í orkugeiranum. En mér finnst sjálfri mjög spennandi hvað rafbílnum hefur verið vel tekið og vafalítið eiga þeir eftir að verða enn vinsælli eftir því sem fram í sækir.“

### Hringurinn hjá venjulegu fólki

Erna segist njóta þess að sinna ólíkum verkefnum. Hún líti svo á að tryggingageirinn, smásalan og bílageirinn, sem hún komi beint að, myndi efnahagslegan hring sem áhugavert sé að fylgjast með. „Ég líki tryggingageiranum við klett í hafinu sem breytist ekki. Tryggingar fólks eiga að vera stöðugt öryggisnet og þannig lít ég á tryggingageirann. Hann snýst um góða þjónustu, stöðugleika og tryggð. Smásalan er síðan svolítið eins og „púlsinn“ í þjóðfélaginu. Fólk þarf að kaupa mat og nauðsynjar og það er mikill hraði í öllum verkferlum. Ef matvara selst ekki verður hún ónýt á skömmum tíma. Reksturinn þarf því að ganga eins og vel smurð vél, sem er tilfellið hjá Högum. Bílageirinn byggir mikið á væntingum og í gegnum hann sést betur en í flestum öðrum geirum hvað er fram undan.“

*Svona til einföldunar; Ef bílasala minnkar mikið og hratt, hvað er þá að fara að gerast hálfu ári seinna?*



### Miklar sveiflur

Erna segir bílasölu oft vera góðan mælikvarða á það sem koma skuli í hagkerfum. Hún telur að árið 2013 verði lakara en árið 2012.

„Ég er sjálf hagfræðingur og eftir langa reynslu úr þessum geira gæti ég frætt þig lengi um hagsveifluna út frá bílageiranum. Í stuttu máli sést það á gögnum um sögulega þróun að það kemur alltaf fram nokkrum mánuðum fyrir í bílasölnni sem síðan kemur skýrar fram annars staðar í hagkerfinu síðar. Þetta á bæði við um uppsveiflu og niðursveiflu. Ef bílasala minnkar mikið og hratt er það skýrt merki um óvissu og niðursveiflu. Síðan getur tíðarandinn og tískusveiflur líka haft mikil áhrif. Árið 2001 sagði þáverandi forsætisráðherra til dæmis að við ættum að spara gjaldeyri og vera ekki að kaupa nýja bíla. Í kjölfarið hrundi bílasala. Þetta gerðist nokkru fyrir alþjóðlegu efnahagslægdina í kjölfar 11. september 2001, sem var mjög stutt hér á landi [...] Ég hef af því áhyggjur, ekki síst í ljósi þess hvað sagan segir okkur, að við séum núna á miklum óvissutímum og að það sé lægð handan við hornið ef ekkert verður að gert. Í síðustu viku voru 77 nýir bílar skráðir á öllum markaðnum. Við erum þokkalega sátt ef nýskráningarnar eru í kringum 120. Við finnum fyrir því að fólk sé að bíða, þau skilaboð koma meðal

annars í gegnum verkstæðin. Fólk er frekar tilbúið að fresta endurnýjun og virðist vonast eftir betri tíð eins og málin standa núna.“

## Konum er treyst

Fáar konur hér á landi eru með jafn marga þræði í hendi sér í atvinnulífinu og Erna, en hún hefur sérstaklega verið áberandi í fjárfestingum og stjórnarstörfum eftir hrun fjármálakerfisins og uppbyggingu að því loknu. Hún segir of oft gleymast að hér hafi margt áunnist og endurskipulagning á rekstri fjölmargra fyrirtækja hafi verið gríðarlega umfangsmikið verk. „Við Íslendingar erum svolítið sveifflugjarnir. Stundum gleymum við okkur í svartsýni og stundum í bjartsýni. Ég tel að margt hafi verið vel gert eftir hrunið og að endurreistu bankarnir hafi í heildina staðið sig mjög vel í því að viðhalda veltu í hagkerfinu og láta tannhjólin ekki stöðvast. Það hefði vel verið hægt að loka fyrirtækjum í stórum stíl, með tilheyrandi atvinnuleysi og erfiðleikum. Vissulega tókst misjafnlega til þegar kom að endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja en ég tel að stóra myndin sýni að bankarnir hafi oftast nær valið rétta leið.“

Erna telur einnig að stjórnendur fyrirtækja séu tilbúnir að læra af biturri reynslu og stjórnir fyrirtækja séu vandvirkari í sínum störfum eftir hrunið en þær voru oft á árum áður. Þær einfaldlega passí sig betur. Þá segist hún fagna því að konum sé treyst alveg eins og körlum til þess að sinna ábyrgðarstörfum, jafnvel þótt það hljómi sem sjálfsagður hlutur. Ekki megi gleyma því að Ísland standi flestum öðrum þjóðum mun framar þegar þessu kemur. „Ég finn ekki fyrir því að konum sé ekki treyst í atvinnulífinu og tel að við höfum náð miklum árangri á tiltölulega skömmum tíma. Það má alltaf gera betur, í þessu eins og öðru. Mín reynsla er sú að um leið og fólk, hvort sem það er karlar eða konur, áttar sig á því að einstaklingurinn sem á í hlut veit hvað hann er að tala um, þá er honum treyst. Ég er líka mjög bjartsýn fyrir hönd okkar kvenna hér á landi, ekki síst vegna þess hversu duglegar konur hafa verið að mennta sig og þar með styrkja þekkingu sína á hinum ýmsu sviðum. Tíminn vinnur með okkur í þessum efnunum og framtíðin virðist björt.“



BÍÓ ★ PARADÍS

EVROPSK  
KVÍK  
MYNDA  
HÁTIÐ

EUROPEAN FILM FESTIVAL ICELAND  
19 - 29 SEPTEMBER 2013

Evrópustofa

Upplýsingamiðstöð ESB





## PISTILL

Auður Jónsdóttir  
rithöfundur

# Uppruni upplýsinga

Auður hefur skrifað sex skáldsögur: Stjórnlauk lukka (1998), Annað líf (2000), Fólkið í kjallaranum (2004), Tryggðarpantur (2006), Vetrarsól (2008) og Ósjálfrátt (2012). Einnig hefur hún sent frá sér tvær barnabækur fyrir almennan markað, Algjört frelsi (2001) sem hún skrifaði í samvinnu við Þórarín Leifsson myndskreyti og Skrýtnastur er maður sjálfur (2002) sem er ævisaga Halldórs Laxness fyrir börn. Hún hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín.

**É**g vissi ekkert í minn haus þar sem ég stóð fyrir utan Nettó á Grandanum, klyfjuð tuskum og hreinsiefnum, og einbeitti mér að því að reyna að muna hvar ég ætti heima meðan maðurinn minn skrapp á lager Forlagsins til að sníkja pappakassa í flutninga. Eftir nokkrar langar sekúndur mundi ég að hann ætlaði að pikka mig upp á bakaleiðinni.

Ég dró andann djúpt og um leið rann upp fyrir mér hvar ég væri skráð til heimilis. Það sem meira var, ég mundi líka eftir draslinu sem lá eins og hráviði úti um alla íbúð. Drasl sem ég mundi engan veginn hvaðan kom, bara alls konar drasl sem við höfum sankað að okkur í lítilli leiguíbúð á fimm árum.

Nú voru aðeins nokkrir dagar í að ég myndi hætta að eiga heima þarna en þeir virtust óyfirtíganlegir. Það var svo margt sem átti eftir að gera að ég snerist hring eftir hring í kringum sjálfa mig, ein úti á bílplaninu í köldu sólskini. Allt þar til ég fór að hugsa um DV.

## Íslenska birtan

Kannski var það birtan sem minnti mig á DV; þessi erki-íslenska hádegisbirta sem baðaði kaldranalegar verslanirnar á Grandanum og lék um fjúkandi Bónusfánann andspænis Nettó.

Af einhverjum ástæðum fór ég að hugsa um frétt á dv.is, frétt sem hafði birst nokkrum dögum áður. Sennilega hefur flugvél flogið yfir hausinn á mér því þessi frétt hafði verið um undirskriftasöfnunina til stuðnings óbreyttum flugsamgöngum í Vatnsmýri.

## Flugvöllur eða ekki flugvöllur

Nú skal tekið fram að ég hef verið tvístígandi í þessu flugvallarmáli. Ósköp einfaldlega vonað að það yrði ofan á sem er bæði höfuðborg og þjóðinni fyrir bestu, hver sem niðurstaðan verður.

Snemma á vetrarmorgnum finnst mér notalegt að liggja í rúminu mínu vestur í bæ og heyra flugvélnar ræsa hreyflana, en að sama skapi horfir borgarúinn í mér ágirndaraugum á flæmið við Vatnsmýrina sem býður upp á ófáa spennandi framtíðarmöguleika. Eins á ég mágkonu úti á landi sem hefur þurft að fljúga í illviðri með ófætt barn á Landspítalann svo það þarf engar auglýsingaherferðir til að fræða mig um nauðsyn aðgengis landsbyggðarinnar að viðeigandi lækniþjónustu. En ég er líka móttækileg fyrir þeim rökum að flugvöllur í Vatnsmýrinni sé afsökun yfirvalda (bæði til hægri og vinstri) fyrir því að skera niður heilbrigðisþjónustuna úti á landi.

Það eru fleiri, reyndar fjölmörg, rök á báða vegu sem vega þungt í þessu máli. Einmitt þess vegna hafði það komið mér á óvart þegar auglýsingaherferðin fyrir flugvelli í Vatnsmýri var farin að hafa tilætluð áhrif á mig, sama þótt mér hefði hreinlega misboðið hún lengi framan af vegna aðferðafræði í ætt við tilfinningaklám.

## Pólarisering

Herferðin virtist í fljótu bragði til þess gerð að upplýsa almenning, þá sérstaklega borgarbúa, um aðstæður landsbyggðarfólks. Hún má eiga það að hún var sterk. Öllu var tjaldað til, veikum börnum og hjartveikum feðrum, í þeim tilgangi að pólarísera þjóðina í sanna Íslendinga og sjálfelskan borgarlýð, reiðubúinn að drepa börn landsbyggðarfólks fyrir spildu af landi undir enn eitt mjólkurkaffi-kaffihúsið.

Hver var ég að dirfast að hugsa um borgarskipulag meðan vandamenn úti á landi væru stöðugt í bráðri lífshættu? Sjálfstyrirlitningin hafði vætlað um blóðrásina, allt þar til mér varð aftur hugsað til fréttarinnar á DV.is. Helstu atriði hennar voru á þessa leið:

„Vefurinn lending.is þar sem landsmenn eru hvattir til að sýna stuðning sinn við að hafa Reykjavíkflugvöll áfram í Vatnsmýri er skráður á fyrirtækið Vefmiðlun ehf. en það fyrirtæki er staðsett í húsi Morgunblaðsins og er þekktara fyrir að halda úti stjórnmalavefnum AMX.“

...  
„Á vef lending.is má sjá þá einstaklinga sem komu verkfninu á fót og þar á meðal má finna Friðbjörn Orra Ketilsson sem meðal annars vakti athygli fyrir nokkrum árum fyrir að bera mótmælendur í búsáhaldabyltingunni saman við ítalska fasista. Hann er líka mikill stuðningsmaður Davíðs Oddssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, og hefur ítrekað skrifað lofgjörðir um þann mann.“

## Fjöldaframleiðsla á upplýsingum

Af hverju var ég að hugsa um þessa frétt? Jú, dagleg fjöldaframleiðsla á upplýsingum er svo umfangsmikil að hún minnir á tætingslega búslóð okkar hjóna: endalaust drasl – sem enginn veit hvaða þýðingu hefur í rauninni.

Í stuttu máli sagt má maður hafa sig allan við að ná yfirsýn. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að setja alltaf upp gleraugu efasemda, sama hvert málagníð er, og vera meðvitaður um uppruna upplýsinganna. Í öðru lagi verður hinn svokallaði upplýsinganeytandi að gefa sér tíma til að lesa, hlusta og horfa á ólíka miðla, helst sem flesta.

Að ná báðum þessum markmiðum á hverjum degi er nánast ógjörningur, svona ef miðað er við lífsryþma nútímamannskju. Þannig er hún dæmd til að verða stöðugt fyrir áróðri, oftast en ekki án þess að gera sér nokkra grein fyrir eðli hans. Eina leiðin til að verja sig er að vera stöðugt á verði.

Það er ekki nóg að lesa fréttir. Það er heldur ekki nóg að afla fréttu. En hvorki neytendur fréttu né þeir sem afla þeirra hafa undan að tvítékka allar fullyrðingarnar sem eru bornar á borð sem staðreyndir. Hvað þá að kanna allar litlu hliðarsögurnar – sem segja þó kannski mikilvægustu söguna þegar öllu er á botninn hvolft.

## Teboðshreyfingin

Í heimildarmynd um Teboðshreyfinguna, sem var á dagskrá RÚV fyrir nokkru, er farið í saumana á því hvernig voldugar hagsmunaklíkur geta fengið fjöldann til að ganga sinna erinda.

Með öflugum áróðri, matreiddum í formi upplýsinga og/eða skrumskældrar réttindabaráttu, fá þessi fyrirtæki græskulausan almenning til að berjast fyrir hagsmunum þeirra, í nafni hugsjóna og alls þess sem göfugt er – meðan raunin er sú að starfsaðferðir þeirra eru ávísun á heimsendi – um það leyti sem börnin okkar verða níræð.

Ef eitthvað er að marka heimildarmyndina eru þau ófá stórfyrirtækin sem beita þessari aðferð. Sem dæmi má nefna tóbaksframleiðendur sem egna bandaríska kjósendur til að verja sig í nafni frelsis.

Okkur er frjálst að reykja! hrópar fólkið til að mótmæla hertum reglugerðum, sama þótt það reyki ekki, bara því það vill vera frjálst. Eða öllu heldur af því að tóbaksframleiðandinn borgaði vini sínum á stórrí sjónvarpstöð fyrir að matreiða málið þannig ofan í grasrótahópa. Sama hvað líður réttindum þeirra sem ekki reykja til að anda að sér hreinu lofti, til dæmis barna. Sama þótt málið snúist um eitthvað allt annað.

## Hagur hins ósýnilega

Auðvitað vilja borgarúar ekki að börn úti á landi deyi, eins og til dæmis auglýsingin um hjartveiku stúlkuna gaf til kynna í áðurnefndri herferð, svo ekki sé minnst á tilætlaða umræðu sem hún kveikti. Það virðist hagur einhvers, af einhverjum ástæðum, að láta það líta þannig út og þessi ósýnilegi aðili kann svo sannarlega að leika sér með skynjun og tilfinningalíf fólks, rétt eins og markaðsstjóri sigarettu-fyrirtækis sem flaggar frelsissigarettum framan í bandarískan almenning.

Það er hagur einhvers að pólariseringin verði sem mest í íslensku þjóðfélagi. Kannski eru hagsmunirnir pólitískir, kannski bæði pólitískir og fjárhagslegir. Kannski snýst gjörningurinn um eitthvað miklu meira en bara flugvöllinn, þó að hann sé vitaskuld stórt mál í sjálfa sér.

Hver er það sem stillir fólki upp hverju á móti öðru á þennan hátt? Hver er hagur þeirra sem standa að AMX í þessu máli? Snýst þetta um sveitarstjórnarkosningarnar? Eða snýst þetta um útgerðarmenn? Eða jafnvel hóteleigendur úti á landi. Eða bara um það að skapa gjá milli landsbyggðar og meintra 101-dekurgrísa svo að fleiri atkvæði renni til flokka sem spila inn á þjóðernisrómantik?

Ég veit það ekki. Ég veit bara að ég lét glepjast eitt augnablik. Ég varð ein stór tilfinning. Og það á við um fleiri í þessu máli þar sem öllu skiptir að fá öll rökin upp á borðið, vega þau og meta og skoða af yfirvegun.

Ég romsaði þessu upp úr mér þegar maðurinn minn kom loksins að sækja mig. Hann horfði ringlaður á mig og spurði síðan hvort ég hefði nokkuð verið að súpa á Ajax-leginum.



# Nýjar leikreglur

ÁLIT



**Hjalti Þórarinnsson**  
Hjalti er tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands, MBA frá MIT og starfar sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Microsoft í Seattle í Bandaríkjunum

**É**g hef verið búsettur erlendis undanfarin níu ár og hef því sloppið við að sogast inn í daglegt þras vegna hrunsins. Fjarlægðin hjálpar mér að skoða málin í öðru ljósi en ég er líka Íslendingur í húð og hár og vil sjá landið blómstra.

Bókin Ísland ehf. lýsir sögunni og núverandi stöðu í stórskemmtilegum smáatriðum en sem utanaðkomandi aðili (eða „erlendur aðili“ eins og Seðlabankinn kallar mig) varð ég skelfingu lostinn við lestur bókarinnar. Ég get ekki séð að undirliggjandi vandamál hafi verið leyst. Það er verið að endurtaka leikinn, og við vitum hvernig hann endar.

Áður en ég dembi mér í úrlausnir vil ég taka fram að ég er mikill fylgismaður frjálsra markaðsviðskipta (og einstaklingsfrelsis). Ég tel að þannig hafi sem flestir jöfn tækifæri og það er tryggt að hámarks verðmæti fáiast í hverri sölu. Hins vegar er þetta eins og með eðlisfræðina í Menntaskólanum, þegar við vorum að reikna út fallhraða á belju – þá gerðum við ráð fyrir að hún væri kúla í lofttæmi. Það er svo sem ágætis nálgun en það má ekki gleyma því að lögmál eru einungis rétt þegar forsendurnar eru til staðar. Það sama á við í hagfræði. Það eru ýmsar forsendur sem þurfa að vera til staðar til þess að minn útópíski frjálsi markaður geti gengið upp. Eftirfarandi forsendur eru þær mikilvægustu að mínu mati:

- Fullkomið upplýsingaflæði (eða a.m.k. jafnt aðgengi að upplýsingum)
- Enginn getur stýrt verði á markaðinum
- Óendanlegt magn af kaupendum og seljendum
- Öll fyrirtæki hafa fjárhagslegan ágóða að leiðarljósi
- Það kostar ekkert að fara inn á markaðinn eða út af honum.

Það vantar mjög mikið upp á að ofangreindar forsendur séu fyrir hendi á Íslandi. Við höfum markað sem einkennist af ójöfnu aðgengi að upplýsingum, við höfum mjög stóra aðila sem þátttakendur, við höfum einnig mjög takmarkað magn af kaupendum og seljendum – og svo mætti lengi telja. Það er ekki nóg að eitt af boðorðum hins frjálsa markaðar sé brotið – þau eru öll mölbrotin. Þetta þýðir að við höfum bara tvo möguleika: (a) að sameinast stærra hagkerfi með frjálsan markað (b) að setja upp nýtt regluverk, sem tekur mið af sérstöðu Íslands.

## Sameinast stærra hagkerfi

Jafnvel þótt við gengjum í Evrópusambandið (eða eitthvert annað efnahagsbandalag af svipuðum toga) myndum við aldrei ná fullkomnum samruna við hið stóra hagkerfi. Það verða alltaf til staðar séraðstæður á Íslandi, og sérþekking. Ísland yrði áfram lítið með ójafnt upplýsingaflæði, jafnvel þótt við tækjum upp evruna og skráðum öll íslensk fyrirtæki á markað í London.

Til viðbótar við sérstöðu Íslands verðum við að taka á kæruleysi þjóðarinnar. Það er stórfurðulegt hvernig ýmsir leikmenn komust upp með að stofna ný fyrirtæki, kaupa eignir á slíkkverði eða taka lán í banka sem þeir áttu sjálfir. Þetta voru kannski ekki lögbrot en hvert þessara atriða flokkast undir kæruleysi og ýtti undir vandamál orhagkerfisins. Það er vandséð hvernig þessi hegðun ætti að hætta við það eitt að ganga í í Evrópusambandið.

Við skulum því ýta Evrópusambandinu út af borðinu í bili og einbeita okkur að hinum möguleikanum í stöðunni: Að taka til heima hjá okkur.

Að setja upp nýtt regluverk, sem tekur mið af sérstöðu Íslands.

Hugmyndirnar byggjast á því að slíta í sundur hringamyndunar-eignatengsl svo að kerfisáhætta lækki, auka upplýsingaflæði til almennings þannig að allir sitji við sama borð og koma í veg fyrir ranga hvata á markaðnum.

Þess vegna vil ég leggja til eftirfarandi breytingar á fyrirtækjalöggjöf á Íslandi.

**1** Hver á fyrirtækið? Á Íslandi er nauðsynlegt að vita hver á hvaða fyrirtæki til að geta gert sér grein fyrir hagsmunatengslum og árekstrum. Öll fyrirtæki ættu að vera skyldug til að tilkynna hverjir eru endanlegir eigendur, og þessi listi þarf að vera opinber á netinu, öllum aðgengilegur, og sýna öll eignatengsl á auðgreinanlegan máta. Á þessum lista skal sýna endanlegan eiganda, þar endanlegur eigandi getur einungis verið annaðhvort (a) einstaklingur eða (b) fyrirtæki skráð á markað.

Hér er rétt að vitna í orð Péturs Blöndal frá 2010:

„Menn geta verið með fjögur hlutafélög sem eiga hvert um sig 9,9% í banka og með því að dreifa þessu nógu lystilega <sup>[svo]</sup> út og suður kemur ekkert fram að á bak við það allt saman er einn aðili sem fer í rauninni með virkan eignarhlut, en það getur verið mjög erfitt að sanna það. Þetta er kannski vandinn. Vandinn er ógagnsæi í þessu kerfi öllu og það er það sem ég hef margoft bent á og hef flutt um það frumvarp ásamt mörgum öðrum um gagnsæ hlutafélög, að allt eignatréd liggi fyrir.“

## Lausn

Tökum sem dæmi íslenskt fyrirtæki sem að 5% hluta er í eigu skúffufyrirtækis á Tortólaeyjum (þar sem upplýsingar um eigendur eru ekki opinberar). Mín tillaga er að það væri skilyrði undir íslenskum lögum að skúffufyrirtækið á Tortólaeyjum mætti ekki gerast hluthafi í íslenska fyrirtækinu nema tilkynna hverjir eru raunverulegir eigendur skúffufyrirtækisins. Tilkynningaskyldan þyrfti að ná upp allt „eignatréd“, alveg þar til komið er að eigendum sem eru annaðhvort einstaklingar, ríkið, eða fyrirtæki sem er skráð á markað. Sama á við um fasteignir (fasteign er skilgreind sem einhvers konar húsnæði sem Íbúðalánasjóður myndi veita lán fyrir). Það skal vera augljóst hver er eigandi að öllum fasteignum á Íslandi – og opinbert.

**2** Takmörkum lánveitingar. Fyrirtæki og bankar ættu aldrei að geta lánað stjórnendum eða hluthöfum sínum, eða félögum tengdum þeim (við sjáum í #1 hverjir eru tengdir). Ekki einu sinni 50 þúsund króna yfirdrátt. Til viðbótar ættu fyrirtæki aldrei að geta lánað með beinu eða óbeinu veði í sínum eigin hlutabréfum. Hér er rétt að taka fram að lög um fjármálafyrirtæki hafa alla tíð haft ýmsar takmarkanir í þessum efnum, og þau hafa verið uppfærð verulega í rétta átt á síðustu árum (einnig hefur 104. gr. hlutafélagalaga takmarkanir á lánveitingum til hluthafa, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra – en þar er stórskemmtileg undanþága sem heimilar „venjuleg viðskiptalán“). Þrátt fyrir ágætis breytingar á undanförunum árum tel ég núverandi lög ekki ganga nægjanlega langt. Núverandi lög takmarka fyrst og fremst hvers konar veð stjórnendur og hluthafar verða að leggja fram, en í lögum er kveðið á um að lánin skuli ekki veitt nema gegn „traustum tryggingum“ og til viðbótar er fjármálafyrirtækjum óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum af því. Ég tel að það eigi að banna lán til stjórnenda og hluthafa algerlega, því ef umrædd viðskipti eru hagfræðilega ábatasöm er til nóg af öðrum fjármála-stofnunum sem vilja væntanlega ólm veita þetta lán. Slíkt bann kæmi í veg fyrir árekstra milli hluthafa og stjórnenda.

**3** Slíta á eignaflækjur og eignarhaldsfélög. Fyrirtækjum ætti að vera bannað að fjárfesta í óskyldum rekstri og bannað að fjárfesta í samkeppnisaðilum – nema um yfirtöku sé að ræða. Að sjálfsögðu þurfa fyrirtæki að ávaxta hagnað og lausafé en það eru margar leiðir til þess. Fyrst og fremst eiga fyrirtæki að fjárfesta í eigin starfsemi en ef slík fjárfesting er ekki talin arðbær geta fyrirtæki keypt ríkisskuldabréf eða sett pening í sjóð sem er stjórnað af fagaðilum. Ef stjórn eða hluthafar telja tiltekið fyrirtæki í óskyldum rekstri vera betri fjárfestingarkost en að fjárfesta í eigin starfsemi, eða sjóðum getur stjórnin alltaf greitt út arð til hluthafa og hluthafarnir geta fjárfest á eigin vegum. Að sama skapi þarf að banna eignarhaldsfélög sem eru að halda utan um fyrirtæki í óskyldum rekstri. Eignarhaldsfélög eru gjarnan stofnuð til að fela tap, hagnað eða hvar raunveruleg verðmæti liggja. Fjárfestingarsjóðir mættu vera undan-tekning frá þessari reglu en þeir mættu ekki vera í neinni annarri starfsemi. Til viðbótar mættu fjárfestingarsjóðir ekki eiga yfir 5% í einstöku fyrirtæki (sem er metið út frá endanlegum eiganda fjárfestingarsjóðsins. Ef til dæmis banki rekur 10 fjárfestingarsjóði mega sjóðirnir ekki eiga meira en 5% samanlagt í einu tilteknu fyrirtæki). Á þessu mætti þó gera þá undanþágu, til að koma í veg fyrir að fjármagn liggj dautt, að fjárfestingarsjóðir sem eignuðust meira en 5% í einstöku fyrirtæki fengju einungis atkvæðarétt á hluthafafundum sem þeir væru 5% eigendur. Fjárfestingarsjóðurinn nýtur arðs (í gegnum hækkun hlutafjár, og arðgreiðslur) en getur ekki tekið yfir stjórnun félagsins. Hér gæti þó þurft að skoða aðrar reglur fyrir lítil fyrirtæki og áhættufjárfestingarsjóði en þegar fyrirtækin stækka þurfa þau (og eigendur þeirra) að laga sig að þessum reglum.

**4** Fjölmiðlar. Enginn einstaklingur sem á yfir 20% í einu af 500 stærstu fyrirtækjum landsins mætti eiga meira en 10% hlutafjár í einstökum fjölmiðli. Fyrirtæki ættu ekki að geta verið hluthafar í fjölmiðlum. Til viðbótar er nauðsynlegt að fjölmiðlar hafi auknar upplýsingaskyldur og reksturinn sé hlutlaus. Til að mynda ættu tveir fulltrúar blaðamanna að fá að sitja alla stjórnarfundi og hafa aðgang að öllum upplýsingum líkt og stjórnarmenn. Allir fjölmiðlar verða að gefa út ársfjórðungs-uppgjör til almennings (hvort sem þeir eru skráðir á markað eða ekki) og þurfa að sjálfsögðu (eins og öll önnur fyrirtæki) að fylgja reglu #1 að ofan.

**5** Lífeyrissjóðir. Það eru tvö stór vandamál sem tengjast lífeyrissjóðum; starfsskyldur og fjárfestingarstefna (ávöxtunarkrafa).

- Starfsskyldur lífeyrissjóða eru nokkuð ljósar í lögum nr. 129 frá 1997. Þar segir í 20. gr. ásamt tilvísun í 1. gr: „Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi [að veita] viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka... [eða til að sjá um] móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld ... skal ávaxta sameiginlega með innlánunum í bönkum og sparissjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.“ Með öðrum orðum er ólöglegt að lífeyrissjóðir stýri fyrirtækjum beint eða óbeint. Lífeyrissjóðir eru ekki fjárfestingarsjóðir í hefðbundnum skilningi, og þeir voru ekki byggðir upp í þeim tilgangi að leggja til önnur verðmæti en fjármagn. Lífeyrissjóðir eiga að vera hlutlausir fjárfestar sem njóta ávöxtunar – en eiga að standa fyrir utan stefnumótun og rekstur fjárfestinga sinna. Þó að í 29. gr. sömu laga sé ákvæði um að



lífeyrissjóðir ákveði fulltrúa í stjórn stofnana eða atvinnufyrirtækis má færa rök fyrir því (í ljósi 20. gr.) að slík stjórnarseta eigi fyrst og fremst að vera í formi áheyrnar. Ég hef ekkert á móti lífeyrissjóðum en þeir voru stofnaðir í ákveðnum tilgangi, þeir lúta ákveðnum lögum og við getum ekki ætlast til að þeir taki að sér leiðtoga hlutverk í fyrirtækjarekstri. Rétt eins og við getum ekki ætlast til þess að stjórnámálamenn hafi raunsæjar hugmyndir um hvernig eigi að reka hlutlausan fjölmiðil.

Eitt af stóru vandamálum íslensk markaðar er allt fjármagníð sem liggur í lífeyrissjóðum. Það skapar allt of mikla spennu á markaðinum sem getur bara endað á tvennan hátt. Annaðhvort mynda lífeyrissjóðirnir bólu með of miklu frambóði af fjármagni eða þeir fara að fjárfesta í lélegum tækifærum. Markaðurinn er ekki nógu stór fyrir þá. Þeir verða að fá frekari tækifæri til að fjárfesta erlendis, og þá helst í samstarfi við sjóði sem þekkja vel til. Þetta mun því miður leiða til ójafnvægis í gjaldeyrisviðskiptum, sem mun hafa áhrif á gengið, en þetta er nauðsynlegt. Einnig þarf að lækka ávöxtunarkröfu á lífeyrissjóðina. Núverandi lög um ávöxtunarkröfu og framtíðarskuldbindingar eru auðvitað tóm tjara – það sjá allir sem setja tölurnar saman. Lífeyrissjóðum eru sett gríðarleg hliðarskilyrði varðandi hvers konar eignir þeir mega eiga, og í hvaða gjaldmiðlum – en þeir eiga samt að ná ávöxtun sem tryggir allar framtíðarskuldbindingar. „Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum.“ Þetta er auðvitað sturluð pressa á stjórnir lífeyrissjóðanna. Þær þurfa að standa sig álíka vel og Warren Buffett (sem hefur algert frjálsræði varðandi fjárfestingarstefnu) eða eiga á hættu að lenda í fangelsi. Auðvitað á það að vera hlutverk stjórnar að ná sem mestri ávöxtun, en lögbundin ávöxtunarkrafa leiðir bara til markaðsmisnotkunar. Það verður að létta þrýstinginn. Annars springur hraðsuðuketillinn.

**6** Lánveitingar banka. Þessi hugmynd er tvíþætt, og snýr að því að leysa hrakvalsvandamál í kerfinu. Dæmi um hrakval er þegar lántakandi hefur hámarkað öll þau lán sem hann getur fengið hjá einni stofnun, þá snýr hann sér að þeirri næstu og heldur áfram að sanka að sér lánnum.

- Hið fyrsta þarf að taka upp „credit score“-kerfi svipað og í mörgum af nágrannalöndum okkar og má þar líta til Bandaríkjanna, sem nýta þetta kerfi til hins ýtrasta. Í slíku kerfi eru allar lánveitingar tilkynntar í miðlægum grunn (til dæmis reiknistofu bankanna). Síðan er tilkynnt hversu vel viðkomandi stendur í skilum. Þó að flest þessara kerfa horfi fyrst og fremst til einstaklinga tel ég nauðsynlegt að allar lánveitingar til fyrirtækja yrðu hluti af þessu kerfi. Kerfið myndi horfa til þess hversu skuldsettur viðkomandi einstaklingur eða fyrirtæki er. Eru til dæmis fjármagnsliðir 20% af heildarútgjöldum heimilisins (eða fyrirtækisins)? Þetta myndar kredittölu fyrir alla lánþega, sem segir til um það hversu stór lán og hversu góða vexti viðkomandi getur fengið (án þess að leggja til veð). Til dæmis ætti að vera einfalt fyrir skuldlausan einstakling, sem er með 500 þúsund krónur í mánaðarlaun og hefur alltaf staðið í skilum, að taka 1 milljón króna í lán (án veða). Afborgunin af þessu láni setur ekki stórt strík í reikninginn fjárhagslega, auk þess sem viðkomandi hefur alltaf staðið í skilum. En nú þegar þetta lán hefur verið veitt gæti verið erfiðara að fá næsta lán því skuldsetning hefur aukist og „kreditskorið“ er því væntanlega örlítið lægra en áður en lánið var veitt. Öll fjármálafyrirtæki (fyrirtæki sem hafa heimild til að veita lán) hafa aðgang að þessum miðlæga grunni í hvert skipti sem er sótt um nýtt lán.
- Síðari hluti hugmyndarinnar snýr að veðum. Þegar einstaklingar eða fyrirtæki sækja um lán sem er svo stórt að „kreditskor“ þeirra gefur til kynna að einhvers konar veð sé nauðsynlegt verða að vera miklar takmarkanir á því hvaða veð eru tekin gild. Augljóslega má ekki nýta bréf eigin fjármálafyrirtækis sem veð (samanber núverandi lög) en til viðbótar mætti heldur ekki leggja fram „tengd hlutabréf“ sem veð (þ.e. hlutabréf sem hafa skylda áhættu, til dæmis hlutabréf í eignarhaldsfélagi, sem aftur á bréf í fjármálafyrirtækinu). Ef veðið er einhvers konar hlutabréf má aldrei meta verðmæti hlutabréfsins hærra en 80% af markaðsvirði, og það er einungis leyfilegt ef svokallað „beta“ viðkomandi hlutabréfs er lægra en 1 (þ.e. verðið sveiflast yfirleitt minna en markaðurinn í heild). Eftir því sem „beta“ er hærra verður að leggja meiri afslátt á hlutabréfið og mjög auðvelt er að verðleggja það samkvæmt Black-Scholes. Þetta eru auðvitað alþekkt fræði, og sumpart nýtt af íslenskum fjármálafyrirtækjum þegar það hentar þeim. En það var litið algerlega framhjá þessari aðferðafræði við verðmætamat á veðum, sérstaklega þegar lánveitingar voru veittar til eigenda. Því tel ég að það verði að setja fram lög eða reglugerð um hvernig skuli meta veð gegn lánnum. Sama á við um aðrar eignir sem fyrirtæki leggja fram sem veð. Fyrirtæki

gætu í einhverjum tilfellum lagt fram skip eða húsnæði sem veð en þá verður að taka mið af því hvað eignin myndi seljast á í nauðungaraðstæðum. Ekki horfa til þess hversu mikils virði eignin er á þeim tíma sem fyrirtækið er í góðum rekstri – heldur hversu auðvelt er að selja frystihús á Siglufirði þegar útgerðin er farin á hausinn og helmingur vinnuafls er að flytja úr bænum. Nokkurs konar brunabótamat. Veð í erlendum gjaldmiðlum verður að meta sérstaklega sökum gengisáhættu og þar skal lækka verðmat eignarinnar sem nemur áhættu. Flestir lánasamningar í dag gjaldfella lánið ef veðið lækkar niður fyrir ákveðin mörk. Þetta ákvæði (ásamt eignamati) ætti að vera í lögum sem skylda í öllum lánasamningum.

**7** Sala eigna. Að sjálfsgöðu eiga stjórnir fyrirtækja að geta ráðstafað eignum fyrirtækisins eftir því sem þær telja best fyrir reksturinn. En sökum smæðar markaðarins verður að setja hömlur þar á. Í fyrsta lagi eiga stjórnir ekki að geta selt (eða fært yfir í önnur félög) verðmæti sem nema yfir 20% af eigin fé fyrirtækis nema með samþykki allra hluthafa, allra lánardrottna sem kunna að eiga veð í fyrirtækinu og tilkynningu í Alþingistíðindum um áætlað söluverð. Það er mikilvægt að þetta viðmið sé eigið fé en ekki eignir. Þetta gerir öllum kleift að tryggja hagsmuni sína áður en salan gengur í gegn og kemur í veg fyrir að fyrirtæki séu seld á undirverði til vina og vandamanna. Þetta kemur líka í veg fyrir að óprúttir stjórnarmenn séu að hreinsa út eignir úr eignamiklum en skuldsettum félögum (sem hafa lágt eigið fé). Sama þyrfti að eiga við um skuldlaust fyrirtæki í eigu eins aðila (eða ríkisfyrirtæki), þannig að tilkynna þurfi áætlað söluverð í Alþingistíðindum með eðlilegum fyrirvara svo að aðrir geti komið fram og boðið hærra. Auðvitað er seljanda í lófa lagt hvort hann vill fá meiri pening (nema í sölu ríkisfyrirtækja, þar verður að taka hæsta raunverulega tilboði), en þegar viðskipti eiga sér stað fyrir opnum tjöldum er líklegra að þau verði sanngjörn. Tökum sem dæmi að einstaklingur A vilji selja einstaklingi B verslunina sína á 100 milljónir. Þetta er tilkynnt í Alþingistíðindum, og þá kemur fram nýtt tilboð frá einstaklingi C upp á 150 milljónir. A ákveður samt sem áður að selja B verslunina sína – en þar sem allt var fyrir opnum tjöldum er komin upp áhugaverð staða. B þarf nú allt í einu að greiða skatt af 50 milljón króna hagnaði vegna þess að hann keypti fyrirtækið á undirverði. Auðvitað má vera að C hafi verið að blekkja til að skapa vandræði en það er samt B sem þarf að útskýra hvers vegna hann ætti ekki að greiða skatt af hagnaðinum.

**8** Skyldur stjórnar. Fyrirtækjalög eru nokkuð góð hvað varðar skyldur og ábyrgð stjórnar en þrátt fyrir það eru ýmis dæmi þar sem stjórnarmenn koma málum í gegn með óprúttum aðferðum – til dæmis með því að taka mál af dagskrá, sýna ekki allar upplýsingar, bregðast seint við eða koma af stað tilhæfulausum orðrómi. Það er mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að eiga við vandamál sem þessi undir núverandi lögum. Mín tillaga er sú að ef einhver stjórnarmaður telur stjórnina ekki sinna hlutverki og skyldum sínum gagnvart öllum hluthöfum þarf hann fyrst að láta stjórnarformann vita. Ef stjórnarformaður bregst ekki við umkvörtun getur stjórnarmaður óskað eftir hlutlausum matsmanni frá Iðnaðarráðuneyti til að rannsaka málið (þetta væri útvíkkun á 97. gr. 73. gr. laga nr. 2 frá 1995 varðandi sérstakar rannsóknir. Núverandi lög takmarka þessar rannsóknir við mál sem hafa verið á dagskrá hluthafafundar og hluthafi verður að óska slíkrar rannsóknar á hluthafafundi og njóta samþykkis 1/10 hlutafjár). Slíkur matsmaður skal vera veittur samstundis ef umkvörtun stjórnarmanns snýr að vísitandi verðmætaeyðingu á kostnað sumra hluthafa eða lögbroti. Allar ákvarðanir stjórnarinnar, frá og með þeim tíma sem stjórnarmaður tilkynnti stjórninni um þá ætlun sína að óska eftir hlutlausum matsmanni og fram að hluthafafundi, þurfa samþykki matsmanns. Matsmaður skal komast að niðurstöðu innan eins mánaðar, og leggja til hvort stjórnin starfi áfram í óbreyttri mynd, hvort einhverjir stjórnarmenn (eða allir) skuli segja af sér eða hvort einhverjum málum skuli vísað til lögreglu. Matsmaður skal síðan boða til hluthafafundar eins skjótt og auðið er og kynna niðurstöðu sína. Það er síðan undir hluthöfum komið hvort þeir kjósa sömu stjórn yfir sig aftur. Fyrirtækið skal greiða Iðnaðarráðuneyti allan kostnað sem hlýst af.

**9** Stjórnmalaflokkar. Það er ekki hægt að lagfæra fyrirtækjaumhverfið nema taka samtímis á stjórnmalunum. Stjórnmalaflokkar ættu ekki að mega taka við gjöfum eða fjárframlögum frá fyrirtækjum. Punktur. Það er engin ástæða fyrir fyrirtæki sem hefur þá kjarnastarfsemi að framleiða og selja vörur að hafa skoðun á stjórnmalum. Eðlilega vilja útgerðar-fyrirtæki stjórnmalamenn sem eru hlyntir óbreyttu fyrirkomulagi en þau eiga ekki að geta beitt fjárhagslegum þunga sínum til að ná fram skoðunum. Eigendum fyrirtækisins er frjálst að leggja til peninga í eigin nafni. Til viðbótar eiga öll fjárframlög í stjórnmalaflokka að vera opinber, hversu lítil sem þau eru. Þetta skal vera aðgengilegt á netinu og birt í rauntíma. Kjósendur eiga að geta séð einni viku fyrir kosningar hverjir hafa lagt mest fé af hendi á þeim tímapunkti – og það á að vera auðvelt fyrir þá að tengja þær upplýsingar saman við eignakortið sem rætt er um í #1.

Ef allar þessar tillögur yrðu að veruleika þyrfti fyrst að rannsaka hvaða fjármagnsþrýstingur myndast á kerfið. Það er mjög líklegt að þar sem fyrirtækjum væri bannað að fjárfesta í óskyldum rekstri myndi verða til gríðarlegur þrýstingur að greiða út stórar upphæðir í arð. Þar þyrfti að skoða einhvers konar skammtímalausn sem myndi lágmarka skattgreiðslur á eigendum við slíka aðgerð, og hjálpa til að innleiða þessi lög.

Vissulega má færa rök fyrir því að sumar hugmyndirnar hér að ofan séu brot á persónuvernd og verið sé að setja íslenskum markaði allt of miklar hömlur. En staðreyndin er sú að markaðurinn á Íslandi er allt of lítill til að geta verið algerlega frjáls. Að auki þolir landið ekki sömu fyrirtækjaleynd og aðrir stærri markaðir. Varðandi birtingu persónuupplýsinga er ekkert sem þvingar einstaklinga til þess að fjárfesta á markaðnum. Þeir geta auðveldlega sett peninginn í banka, og treyst á bankaleynd – og á einhverjum tímapunkti mun opnast fyrir erlendar fjárfestingar, sem mun auðvelda Íslendingum að ávaxta fé sitt á öðrum stöðum.

En ef Íslendingar ætla sér að spila á heimavelli eru auknar kröfur um viðskipti fyrir opnum tjöldum og einfaldari eignatengsl. Þó að þessar reglur myndi aukinn kostnað á fjárfesta miðað við fjárfestingar erlendis sækjum við alltaf heim á endanum. Jafnvel þótt við höfum búið erlendis í níu ár.

Lærum af reynslunni.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundu verður að fylgja. Sendið greinar á [ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)

# Framtíðartækifæri Icelandair

ÁLIT



Snorri Björn Gunnarsson

nemi í rekstrarverkfræði

Nýlega tilkynnti Icelandair mikla stækkun á leiðakerfi sínu. Ætlar félagið að hefja flug á þrjá nýja áfangastaði og enn fremur að auka tíðni ferða til núverandi áfangastaða. Samkvæmt tilkynningu frá félaginu verður næsta ár það stærsta með tilliti til tíðni fluga og fjölda áfangastaða.

Icelandair var stofnað árið 1973 þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinuðust, en saga þeirra félaga nær 76 ár aftur í tímann. Sameiningin gekk ekki þrautalaust, en deilur um starfskjör flugmanna gömlu félaganna settu nokkurn svip á breytingarnar. Reksturinn gekk einnig erfiðlega fyrsta áratug félagsins en upp úr 1985 gengu bjartari tímar í garð og á fyrstu árum tíunda áratugarins var sú mynd komin á félagið sem við þekkjum í dag. Segja má að það hafi verið ákveðinn vendipunktur þegar félagið tók upp hið svokallaða „hub-and-spoke“-kerfi með Keflavík sem miðpunkt, eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Á sama tíma komu nýjar og sparneytnari flugvélar inn í flotaninn í stað þeirra eldri, sem voru mjög óhagkvæmar með tilliti til rekstrar, viðhalds og eldsneytiseyðslu. Þessar nýju vélar voru af gerðinni Boeing 757, sem enn eru í notkun, og Boeing 737, sem hafa nú horfið úr flotanum. Þessar breytingar gjörbyltu rekstri Icelandair og mynduðu grunninn að því flugfélagi sem það er í dag.

## Tilkoma Boeing 757 olli straumhvörfum

Stór þáttur í því hversu vel hefur gengið undanfarin ár er flugfloti Icelandair. Boeing 757 hentar ákaflega vel inn í leiðakerfi Icelandair. Vélarnar eru ekki of stórar né of litlar og geta flogið tiltölulega langa vegalengd. Með þeim hefur Icelandair gefist kostur á að fljúga til áfangastaða milli Evrópu og Bandaríkjanna sem hafa annars litla umferð farþega.

Floti Icelandair samanstandur nú af átján Boeing 757-flugvélum, þar af eru sautján af gerðinni 757-200 og ein af gerðinni 757-300. Flotinn hefur aldrei verið stærri, en hann hefur vaxið um 80% frá árinu 2008 þegar vélarnar voru aðeins tíu. Segja má að vélarnar séu sérhannaðar fyrir leiðakerfi félagsins. Til dæmis hentar 200-gerðin af 757-týpunni ákaflega vel í flug félagsins til Seattle. Þar nýtist að vélin er nægilega stór og flugdrægi hennar er mikið.

Icelandair bíða fjölmörg spennandi tækifæri í náinni framtíð, sérstaklega þegar félagið tekur í notkun nýjasta útspil Boeing-verksmiðjanna, Boeing 737 MAX. Er vélin svar Boeing við þeirri miklu samkeppni sem nú ríkir við Airbus. Vélin verður tæknivæddasta flugvél Boeing-verksmiðjanna. Sparar hún, samanborið við Boeing 757, meira en 20% á hvert sæti. Samkvæmt áætlunum félagsins mun Icelandair fá samtals sextán vélar, með kauprétt á átta til viðbótar, sem gerir níu Boeing 737 MAX 8 sem taka 153 farþega hver og sjö Boeing 737 MAX 9 sem taka 172 farþega hver. Til samanburðar tekur Boeing 757-200 vél Icelandair 183 farþega. Þetta mun því gefa Icelandair mikil tækifæri til frekari vaxtar eins og stjórnendur félagsins gera ráð fyrir. Vélarnar eru tilvaldar til flugs á minni staði og með þeim getur Icelandair hafið flug á áður óþekkta áfangastaði, einfaldlega vegna þess að þær eru mun hagkvæmari í rekstri og stærð þeirra hentar betur að fara til minni borga. Einnig getur félagið flogið oftar til þeirra áfangastaða sem það flýgur til í dag sem og í náinni framtíð. Auk þess geta vélarnar drifið lengra en forverar þessarar gerðar flugvéla.

Fá flugfélög í heiminum hafa stækkað jafn ört og Icelandair, sérstaklega í ljósi þess að heimamarkaðurinn telur einungis um 320.000 manns og enn fremur í þeirri samkeppni sem nú ríkir á helsta markaði félagsins. Það er svokallaður via-hluti, flutningur farþega yfir Atlantshafið með millilendingu á Íslandi.

Þó að rekstur flugfélaga á borð við Icelandair snúist í hnotskurn um að fljúga með farþega frá A til B þarf fjölmargt að virka svo að farþeginn annars vegar fljúgi með flugfélaginu í fyrsta sinn og hins vegar fljúgi aftur með því. Fjölmargir þættir spila inn í ákvörðun viðskiptavinarins. Eru þeir í grófum dráttum eftirfarandi (í engri sérstakri röð):

- Fargjaldið er hagstætt
- Góð afþreying og þjónusta er í boði
- Brottfarar- og komutímar henta viðskiptavininum
- Áreiðanleiki og stundvísi flugfélagsins
- Flugöryggi – hefur flugfélagið lent í flugóhöppum?
- Saga og vörumerki

## „Hub-and-spoke“ er lykillinn

Val á áfangastöðum er lykilákvörðun í rekstri flugfélaga. Undanfari þess að taka þá ákvörðun að hefja flug til nýs áfangastaðar er viðamikill og veltur á ýmsu. Við vinnuna er mikilvægt að hinar mismunandi deildir félagsins vinni að henni saman. En þótt fjölmargir aðilar og mismunandi deildir innan félagsins komi að ákvörðuninni liggur hún endanlega hjá æðstu stjórnendum. Ýmislegt þarf að greina áður en ákvörðun um hvort hefja eigi flug á viðkomandi flugleið er tekin. Hér að neðan gefur að líta nokkra þætti sem hafa mikið vægi við þá ákvörðunartöku:

- Finna lægsta verðið, svo að flugleiðin sé hagkvæm, og kanna hvert verður framtíðarmeðalverðið
- Greina hver eftirspurnin er á flugleiðinni
- Er grundvöllurinn fyrir fraktflutningum á leiðinni?
- Hentar núverandi floti fyrir þessa tilteknu flugleið með tilliti til flugdrægi?
- Hentar brottfarar- og komutími?
- Hvaða flugfélög fljúga á eftirfarandi flugleið? Hver er þjónustan um borð, er afþreyingarkerfi í flugvélunum og svo framvegis.

Leiðakerfi Icelandair byggist á fyrrnefndu „hub-and-spoke“-kerfi, þar sem félagið notar Ísland sem tengistöð fyrir farþega sem fljúga milli Evrópu og Norður-Ameríku. Kerfið byggist þannig á því að öll flug tengjast miðpunktinum (e. hub). Upprunalega er hugmyndin tekin frá Loftleiðum, á gullaldarárum félagsins, þegar félagið flaug með fullar vélar til og frá Evrópu, aðallega frá Lúxemborg og til New York.

Með „hub-and-spoke“-kerfinu er hægt að sækja farþega frá smærri áfangastöðum sem ella þyrftu að millilenda á 1-2 stöðum því með legu Keflavíkur minnkar ferðatíminn og félagið hefur fleiri áfangastaði til að velja úr í Norður-Ameríku og Evrópu.



Icelandair tilkynnir umfangsmikinn vöxt

Flugáætlunin fyrir sumarið 2014 verður 18% umfangsmeiri en síðasta sumar. Að meðaltali hefur flugáætlunin stækkað um 16% á árunum 2011-2014 (2011: 17%, 2012: 13%, 2013: 15%, 2014: 18%)



Icelandair Group og Boeing ganga frá samningum um kaup á 737 MAX



## Nýir áfangastaðir og framtíðartækifæri Icelandair

Framkvæmdastjóri Icelandair hefur sagt að markmiðið sé að þetta leiðakerfi félagsins á sumrin og á veturna. Minnka eigi árstíðasveifluna í leiðakerfinu með því að fljúga oftari til núverandi áfangastaða og til fleiri borga á veturna. Icelandair er nú þegar byrjað að þetta leiðakerfi sitt fyrir komandi vetur, með því að fjölga ferðum til Parísar og Toronto. Enn fremur hefur félagið flogið undanfarna vetur til München og Helsinki, svo dæmi séu tekin, sem það gerir einnig á sumrin. Ekki er hægt að sleppa að nefna að félagið mun hefja flug til Newark-flugvallar í nágrenni New York-borgar, en það er aðeins viðbót við núverandi flug félagsins þangað.

Mörg spennandi tækifæri bíða Icelandair, ekki síst í Norður-Ameríku, þar sem tækifærum í Kanada mun að öllum líkindum fjölga til muna. Hingað til hafa flugmálayfirvöld í Kanada haft miklar hömlur á flugi flugfélaga þangað, stýrt flugtíðninni og hvaða áfangastaða hvert flugfélag flýgur til. Þetta hefur gert það að verkum að Icelandair hefur þurft að fljúga til Halifax til þess að fá að fljúga til Toronto og hægst hefur á fjölgun áfangastaða þar. En nú með nýjum samningi, svokölluðu „open skies agreement“, munu þessar hömlur falla úr gildi. Á síðustu misserum hefur Icelandair gert samninga við kanadíska flugfélögin Westjet og Porter Airlines sem munu væntanlega styðja sókn Icelandair á Kanadamarkað, sérstaklega samningurinn við Westjet.

Meðal áfangastaða sem hugsanlega gætu komið inn í leiðakerfi Icelandair í Kanada í náinni framtíð eru Montreal, Vancouver og Edmonton, en eins og fyrr er sagt verða tvær síðastnefndu borgirnar nýir áfangastaðir félagsins fyrir næsta sumar. Borgir eins og Winnipeg og Calgary væru einnig álitlegir kostir en eflaust eru þær aðeins neðar í goggunarröðinni, þar sem markaðurinn er líklega of litill fyrir flota Icelandair eins og hann er í dag. Í Bandaríkjunum getum við séð áfangastaði eins og Chicago, Miami, Portland og jafnvel Atlanta. Ólíklegt er að Icelandair hefji flug til Detroit og Philadelphia, einfaldlega vegna þess að þeir markaðir eru vel mettaðir þar sem bandaríska flugfélagið US Airways er með stóra miðstöð í Philadelphia og Delta Airlines er með stóra miðstöð í Detroit. Þó verður spennandi að sjá hvort tíðni til Minneapolis muni aukast og einnig hvort borgin verði áfangastaður félagsins allan ársins hring.

Leiðakerfi Icelandair í Evrópu er nánast fullmettað eins og staðan er í dag. Aftur á móti gætu áfangastaðirnir Dublin, Prag, Varsjá, Düsseldorf, Vín og Birmingham bæst við á næstu misserum. Þessir áfangastaðir eru allir innan fjögurra tíma radíuss frá Keflavík þó að Prag og Varsjá séu reyndar á mörkunum. Enn fremur væru staðir eins og Zürich og Brussel áhugaverðir „kandídatar“ sem vetraráfangastaðir, sérstaklega fyrir farþega sem fljúga milli Evrópu og Norður-Ameríku.

## FJÖLDI FLUGVÉLA OG ÁFANGASTAÐA

### 2008

Áfangastaðir Icelandair eru 23. Floti félagsins samanstendur af tíu flugvélum; níu Boeing 757-200 vélum og einni Boeing 757-300.

### 2009

Fjöldi áfangastaða hækkar í 25 þegar Seattle og Stafangur koma inn í leiðakerfi félagsins. Bætt er við einni Boeing 757-200 vél.

### 2010

Félagið bætir við Brussel og Prándheimi inn í leiðakerfið. Bætt er við einni Boeing 757-200 vél.

### 2011

Fjórir áfangastaðir hafa bæst við í leiðakerfi félagsins og flýgur félagið nú til Billund, Gautaborgar, Hamborgar og Washington D.C. Fjöldi áfangastaða er nú 31. Bætt er við tveim vélum í flotann, báðum af gerðinni Boeing 757-200.

### 2012

Denver er nýr áfangastaður félagsins þetta árið. Einnig hefst flug til Gatwick-flugvallar í London til við-

bótar við flug félagsins til Heathrow-flugvallar. Bætt er við tveim Boeing 757-200 vélum. Aukin tíðni á flesta áfangastaði félagsins.

### 2013

Fimm nýir áfangastaðir bætast við leiðakerfið. Þeir eru Anchorage, Sankti Pétursborg og Zürich. Einnig flug til Newark-flugvallar í New Jersey til viðbótar við núverandi flug félagsins til New York-borgar. Floti félagsins stækkar og telur nú átján vélar; sautján Boeing 757-200 og eina Boeing 757-300. Tíðni eykst á flesta áfangastaði félagsins.

### 2014 (áætlun)

Flotinn hefur stækkað um 110% síðan 2008 og eru vélarnar orðnar 21 talsins. Ekki hefur verið gefið út hvers konar flugvélar þessar þrjár verða. Þrjú nýir áfangastaðir koma inn; Genf, Vancouver og Edmonton. Fjöldi áfangastaða er orðinn 38. Tíðni eykst á flesta áfangastaði félagsins. Flugáætlun fyrir sumarið 2014 er sú stærsta í 77 ára sögu félagsins.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundu verður að fylgja.

Sendið greinar á [ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)



Arion banki



Íslandsbanki

# Flókin staða

Slitastjórnir ráða því samkvæmt lögum hvernig eignum þrotabúa er ráðstafað. Stjórnvöld vilja niðurskrift á krónueign erlendra aðila um 300 til 500 milljarða.

## LÖGFRÆÐI

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**E**inn vandinn sem snýr að kröfuhöfum í bú föllnu bankanna, Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, og síðan þeim áformum stjórnvalda að lækka höfuðstól húsnæðislána, er að hagsmunir kröfuhafa í búin eru ólíkir. Sem dæmi eru kröfuhafar í stærsta þrotabúið, bú Kaupþings, riflega þrettán þúsund aðilar í yfir hundrað löndum í heiminum, allt frá stórfyrirtækjum til einstaklinga sem eiga kröfur upp á lágar fjárhæðir. Slitastjórnirnar eru samkvæmt lögum eini aðilinn sem getur ráðstafað eignum búanna en hluti kröfuhafa, til dæmis erlendir



vogunarsjóðir eða skuldabréfasjóðir, getur ekki samið sérstaklega við stjórnvöld um ráðstöfun á tilteknum eignum.

## Útfærslan enn á huldu

Ekki liggur enn fyrir hvernig staðið verður að því að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána, eins og stjórnvöld stefna að. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur þó sagt að stjórnvöld muni gera það og þá á kostnað þeirra sem hér eru innlyksa innan fjármagnshafta með eignir í krónum. Þar eru kröfuhafar í bú gömlu bankanna hlutfallslega stórir en einnig þeir sem eiga hin svonefndu jöklabréf. Samkvæmt Fjármálastöðugleikariti Seðlabanka Íslands, sem kom út á fyrsta fjórðungi þessa árs, nemur kvik krónueign erlendra aðila hér á landi ríflega ríflega 450 milljörðum króna. Þar af nemur kvik krónueign þrotabúa gömlu bankanna um 85 milljörðum og síðan eru 367 milljarðar til viðbótar, þar sem jöklabréfaeigendur eru stærsti hlutinn. Stærstu krónueignir kröfuhafa þrotabúa Kaupþings og Glitnis eru eignarhlutir í Arion banka og Íslandsbanka. Kröfuhafar eiga 87 prósentu hlut í Arion banka og 95 prósentu hlut í Íslandsbanka. Ráðstöfun þessara eignarhluta hefur því mikil áhrif á stöðu mála þegar kemur að krónueign erlendra aðila hér á landi. Bókfært virði þessara eignarhluta er um 200 milljarðar króna, en eiginfjárstaða bankanna beggja hefur verið að batna hratt undanfarin misseri. Báðir bankarnir eru til sölu og hefur slitastjórn Glitnis verið með Íslandsbanka í formlegu sölufarli um nokkurt skeið en slitastjórn Kaupþings hefur ekki enn stigið það skref.

Nokkuð deildar meiningar hafa verið um hversu há upphæð það er sem nefnd hefur verið snjóhengja aflandskróna, það er heildarkrónueign erlendra aðila, en heildarupphæð er oftast nefnd á bilinu 600 til 1000 milljarðar króna. Til samanburðar nam landsframleiðslan í fyrra rúmlega 1.700 milljörðum. Samkvæmt heimildum Kjarnans er vilji til þess hjá stjórnvöldum að afskrifa stóran hlut af þessari upphæð, á bilinu 300 til 500 milljarða króna, með það að markmiði að lækka skuldir heimila og ríkissjóðs og gera það mögulegt að afnema fjármagnshöft.



## SÉRFRÆÐINGAHÓPAR STJÓRNVALDA

Sérfræðingahópar stjórnvalda um lækkuð höfuðstóls húsnæðisskulda og afnám verðtryggingar af neytendalánnum eru þannig skipaðir:

Sérfræðingahópur um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og kosti og galla leiðréttingasjóðs:

Dr. Sigurður Hannesson, stærðfræðingur, formaður.

Dr. Arnar Bjarnason, hagfræðingur

Einar Hugi Bjarnason, hrl.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir, hdl.

Lilja Alfreðsdóttir, alþjóðahagfræðingur

Sigrún Ólafsdóttir, alþjóðaviðskiptafræðingur í forsætisráðuneyti

Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Sérfræðingahópur um afnám verðtryggingar af neytendalánnum:

Ingibjörg Ingvadóttir, hdl., formaður

Hafþís Ólafsdóttir, lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti

Íða Brá Benediktsdóttir, viðskiptafræðingur

Sigrún Ólafsdóttir, alþjóðaviðskiptafræðingur í forsætisráðuneyti

Tómas Brynjólfsson, hagfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti

Valdimar Ármann, hagfræðingur/fjármála-verkfræðingur

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

### Markmiðið að semja

Stjórnvöld hafa þegar skipað tvo sérfræðingahópa sem eru nú að skoða útfærslur á því að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána, kosti og galla svonefnds leiðréttingasjóðs, og síðan hvernig megi afnema verðtryggingu á neytendalánnum. Hóparnir voru skipaðir í júní og munu þeir skila niðurstöðum til stjórnvalda í nóvember, miðað við það sem að er stefnt.

Eins og greint hefur verið frá í Kjarnanum hafa stjórnvöld kallað eftir því að kröfuhafar og erlendir eigendur krónueigna sýni frumkvæði þegar kemur að því að semja um hvernig megi ráðstafa krónueignumum.

Samkvæmt heimildum Kjarnans er ekkert slíkt tilboð á leiðinni frá þrotabúum bankanna, þar sem slitastjórnirnar líta svo á að slíkt sé ekki í samræmi við ákvæði laga um starfsemi slitastjórna. Auk þess telja þær að slitastjórnir hafi ekki vald til þess að gefa eftir eignir búanna, hvorki að eigin frumkvæði né samkvæmt fyrirmælum hluta kröfuhafa. Slitastjórn Kaupþings skilaði umsókn um undanþágu á lögum um fjármagnshöft til Seðlabanka Íslands 24. október 2012 en hún er enn óafgreidd,



en undanþágan er að mati slitastjórnarinnar forsenda fyrir því að nauðasamningar geti verið lagðir fyrir kröfuhafa til samþykkis. Það sama er uppi á teningnum hjá slitastjórn Glitnis.

## Vandi á höndum

Eitt af því sem stjórnvöld munu þurfa að meta þegar kemur að höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána, á kostnað erlendra krónueigenda hér á landi, er hvernig hægt verður að útfæra hana þannig að hún standist lög um slitameðferðina sem þrotabúin eru nú í.

Annar möguleiki, sem Sigmundur Davíð hefur nefnt sérstaklega, er að samningar um niðurfærslu á húsnæðis-skuldum verði útfærðir á þeim grundvelli að þeir séu hluti af neyðaraðgerðinni sem framkvæmd var á grundvelli neyðarlaganna sem samþykkt voru á Alþingi í byrjun október 2008. Útfærsla á aðgerð sem byggir á þessari forsendu liggur ekki fyrir enda hafa sérfræðingahópar stjórnvalda, sem skoða þá möguleika sem eru í stöðunni þegar kemur að samningum við erlenda krónueigendur, ekki lokið störfum.



# Skilyrði skaðabóta- ábyrgðar ríkisins

ÁLIT



Þóra Hallgrímsdóttir  
Lögfræðingur og  
kennari við Lagadeild  
Háskólans í Reykjavík

**I**þessari grein verður fjallað um helstu skilyrði þess að íslenska ríkið, hið opinbera, geti bakað sér skaðabótaábyrgð. Sem þýðir með öðrum orðum; hvenær þurfa skattgreiðendur að þola það að fjármunum hins opinbera sé varið til að greiða skaðabætur til þeirra sem hið opinbera hefur valdið tjóni?

## Almennar reglur skaðabótaréttarins

Almennt þegar einhver hefur orðið fyrir tjóni kemur annað tveggja til greina, að hann beri tjónið sjálfur eða hann geti krafist bóta frá öðrum. Aðalreglan er sú að maður beri tjón sitt sjálfur. Eina leiðin til að komast hjá því er að maður geti sýnt fram á að einhver annar beri ábyrgð á því. Sönnunarbyrði um slíkt hvílir á þeim sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni. Hann þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt bæði með tilliti til ábyrgðarreglna og þess hvert tjónið er. Nánar er hægt að lesa um skaðabótaábyrgð sérfræðinga í grein Kristínar Edwald hrl. í 1. tölublaði Kjarnans sem kom út í lok ágúst síðastliðnum.

Skaðabótaábyrgð getur leitt af lagareglum eða ólögfestum reglum. Þær reglur geta kveðið á um hlutlæga skaðabótaábyrgð, ábyrgð sem byggir á sakarlíkindum eða ábyrgð sem byggir á saknæmri og ólögumháttsemi, sem algengast er. Þegar slík háttsemi er metin er nú til dags fyrst og fremst litið til hlutlægra mælikvarða, það er hvort brotið hafi verið gegn háttisreglum, skráðum eða óskráðum, þó að einnig eimi eftir af því að litið sé til þess hvað góður og gegn einstaklingur hefði gert í sömu aðstæðum og það notað sem mælikvarði. Í skaðabótaréttinum eru einnig viðtækari reglur sem leitt geta til skaðabótaábyrgðar og má þar nefna regluna um vinnuveitendaábyrgð (húsbóndaábyrgð), sem felur í sér að vinnuveitandi ber skaðabótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Ef sýnt er fram á að skilyrði einhverra umræddra reglna liggi fyrir og sennilegt tjón hafi orðið vegna þeirra getur sá sem orðið hefur fyrir tjóni gert kröfu um greiðslu skaðabóta sem nema fullu fjártjóni hans og jafnvel miska ef lagaheimild er fyrir greiðslu slíkra bóta. Sýna þarf því fram á skilyrði til greiðslu bóta auk þess sem sá sem kveðst hafa orðið fyrir tjóni ber sönnunarbyrðina um hver fjárhæð tjónsins er.

## Skaðabótaábyrgð hins opinbera

Getur hið opinbera verið í þeirri stöðu að almennar reglur skaðabótaréttarins eigi við um það? Í eldri fræðiskrifum um skaðabótarétt voru uppi sjónarmið um að sérstaka lagaheimild þyrfti til þess að íslenska ríkið gæti borið skaðabótaábyrgð vegna ólögumháttsemi embættisathafna. Ef litið er til annarra ríkja má segja að slík sjónarmið hafi komið til vegna einveldishugsunar, það er að konungar sóttu vald sitt til æðri máttar og þyrftu því ekki að sæta því að ákvarðanir þeirra væru endurskoðaðar af öðrum en þeim sama æðri mætti. Þó að sjónarmiðin um að lagasetningu þyrfti til skaðabótaábyrgðar ríkisins hafi verið uppi hér á landi kom aldrei til slíkrar lagasetningar eins og gerðist til dæmis í hinum Norðurlandaráttunum nema í Danmörku. Þingsályktunartillögur voru fluttar í kringum 1960 en ekki kom til sérstakrar lagasetningar í kjölfarið.

Þetta þýðir þó ekki í dag að íslenska ríkið geti ekki borið skaðabótaábyrgð vegna embættisathafna eða háttsemi starfsmanna eða þeirra sem vinna á vegum ríkisins. Af dómaframkvæmd má ráða að almennar reglur skaðabótaréttarins gildi um íslenska ríkið sem og aðra og fjölmargir dómur eru til þar sem íslenska ríkið er dæmt til að greiða skaðabætur, á grundvelli mismunandi bótareglna. Engin vafi er því um með tilliti til reglunnar um vinnuveitendaábyrgð til dæmis geti íslenska ríkið borið skaðabótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna. Annað mál er hins vegar að álykta með almennum hætti um hver slík skaðaverk geta verið, því þau geta verið margs konar.

## Íslenska ríkið almennt að baka sér skaðabótaábyrgð?

Þó að reikna megi með að ýmislegt komi upp á í opinberum rekstri sem er í eðli sínu umfangsmikill og stundum flókinn verður ekki hjá því komist að staldra við þegar dómstólar fjalla um mál þar sem auðveldlega hefði verið hægt að komast hjá frekari fjárútlátum af hálfu ríkisins ef rétt hefði verið haldið á málum. Af nýlegum málum má nefna þrjá dóma Hæstaréttar.

Nýlega féll dómur í máli [nr. 98/2013](#) þar sem íslenska ríkið var dæmt til að greiða auglýsingastofu rúmar fimm milljónir króna með vöxtum og dráttarvöxtum vegna þess að starfshópur á vegum íslenskra stjórnvalda sem sá um undirbúning markaðsáttaksins „Inspired by Iceland“ fór ekki eftir lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 þegar hann valdi auglýsingastofu til að sinna því verkefni. Fleiri auglýsingastofur hafa gert kröfu á íslenska ríkið í kjölfar dóms Hæstaréttar eins og [komið hefur fram í fréttum](#) en íslensk stjórnvöld telja dóm Hæstaréttar ekki hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum auk þess sem þær auglýsingastofur hafi sýnt tomlæti. Ekki er á vísan að róa með þær röksemdir ríkisins.

Þó að í ofangreindu máli sé ekki um mjög háar fjárhæðir að ræða er það ekki alltaf með þeim hætti því seint á síðasta ári féll einnig dómur í máli [nr. 416/2011](#), þar sem reyndi á skaðabótaskyldu íslenska ríkisins vegna laga um opinber innkaup. Þar var um að ræða skaðabótakröfu tveggja verktakafyrirtækja sem á árinu 2003 höfðu átt lægsta tilboð í gerð Héðinsfjarðarganga. Síðar á sama ári hætti Vegagerðin við framkvæmdir og hafnaði framkomnum tilboðum að beiðni þáverandi ríkisstjórnar vegna hættu á þenslu í þjóðfélaginu vegna framkvæmda sem þessara. Á árinu 2005 höfðu þessi tvö verktakafyrirtæki skaðabótamál gegn íslenska ríkinu vegna missis hagnaðar sem þau töldu sig hafa orðið fyrir vegna umræddrar ákvörðunar stjórnvalda. Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 182/2005 var fallist á að íslenska ríkið hefði bakað sér skaðabótaábyrgð vegna umræddrar ákvörðunar en með dómi í máli nr. 416/2011 var tekist á um fjárhæð tjónsins. Án þess að farið sé nákvæmlega í ágreiningsatriði varðandi fjárhæð tjónsins er vakin athygli á dómsorði þar sem kemur fram að íslenska ríkið sé dæmt til þess að greiða fyrirtækjunum um 260 milljónir króna ásamt dráttarvöxtum í tæp fimm ár. Á þessum fimm árum voru dráttarvextir að meðaltali um 18%. Það þýðir að nær annað eins bætist við dæmda fjárhæð, sem og átta milljónir króna í málskostnað. Nær hálfur milljarður króna! Vegna þess að hið opinbera gætti ekki að því að fara eftir eftir lögum. Það kostaði skattgreiðendur nær hálfan milljarð að vernda samfélagið fyrir mögulegri þenslu, sem var ekki uppi á teningnum að vernda þegar ráðist var í gerð gangnanna árið 2006, þremur árum síðar.

Fjölmörg önnur dæmi má nefna úr dómaframkvæmd Hæstaréttar þar sem íslenska ríkið hefur verið dæmt til greiðslu skaðabóta. Það má einnig nefna dæmi þar sem ráðherra persónulega hefur verið dæmdur til greiðslu miskabóta vegna þess að ekki var farið að stjórnsýslulögum við skipun héraðsdómara, sbr. [Hrd. 412/2010](#)

## Ályktanir

Íslenska ríkið og ráðherrar geta því þurft að greiða skaðabætur vegna starfsemi hins opinbera ef sannað er að skilyrði til þess eru uppfyllt og tjón sannað. Það ber að halda því til haga í umræðum um skaðabótamál almennt. Þá er ég ekki einu sinni byrjuð að máta lögfræðileg hugtök eins og forsendubrest, réttmætar væntingar eða mögulega skaðabótaskyldu innan samninga inn í umræðu um skaðabótaábyrgð hins opinbera.

Erfitt er hins vegar að sjá af ofangreindu að augljóst sé að hið opinbera geti borið skaðabótaábyrgð vegna óljósra réttinda almennings og mögulegrar skerðingar á þeim. Þannig þyrfti að byrja á því að staðreyna þau réttindi, sýna fram á að brotið hafi verið gegn þeim þannig að reglur skaðabótaréttarins eigi við sem og að það hafi leitt til raunverulegs tjóns fyrir þann sem heldur því fram.



AMERICAN EXPRESS

TRIBECA  
FILM  
FESTIVAL

AMERICAN EXPRESS  
FOUNDING SPONSOR

FEST

TRIBECA  
FILM  
FESTIVAL

AMERICAN EXPRESS  
FOUNDING SPONSOR

# Björt framtíð heit fyrir landsbyggðinni



TRIBECA  
FILM  
FESTIVAL

TRIBECA  
FILM  
FESTIVAL

**L**íklegt er að Björt framtíð muni bjóða fram í ýmsum sveitarfélögum á landsbyggðinni. Flokkurinn mun ekki bjóða fram í Reykjavík þar sem systurflokkur hans, Besti flokkurinn, er fyrir á fleti.

Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar og framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Besta flokksins, segir Besta flokkinn ekki ætla að færa út kvíarnar í komandi sveitastjórnarkosningum. „Það er ekki ólíklegt að einhverjir hópar taki sig saman í nokkrum sveitarfélögum víða um land og bjóði fram undir merkjum Bjartrar framtíðar. Besti flokkurinn hefur hingað til haldið sig innan borgarmarkanna.“

Spurð hvort samstarfs sé að vænta við mörg þeirra framboða sem buðu fram í síðustu kosningum en tilheyra ekki hinum hefðbundna fjórflokki Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingar og Vinstri grænna segir Heiða Kristín að margt sé rætt í því sambandi. „Það eru einstaklingar úr mörgum af þessum óhefðbundnu flokkum í Bjartri framtíð og það er mikið verið að þæla og tala saman. En það er ekkert ákveðið ennþá.“ Á meðal þeirra „óhefðbundnu“ flokka sem buðu fram á landsbyggðinni í kosningunum 2010 var Næstbesti flokkurinn, sem bauð fram í Kópavogi og náði manni inn, Listi fólksins í bænum, sem bauð fram í Garðabæ og náði líka manni inn, og L-listi fólksins á Akureyri, sem náði sex bæjarfulltrúum inn og hreinum meirihluta í höfustað Norðurlands.

Óhefðbundnu framboðin fengu samtals um 31 prósent gildra atkvæða á landinu öllu og 35 prósent allra kjörinna fulltrúa.

## **Brandarinn sem hættir ekki að vera fyndinn**

Besti flokkurinn vann sögulegan stórsigur í Reykjavík vorið 2010. Saga þess framboðs er orðin vel þekkt á alþjóðavísu. Grínistinn Jón Gnarr stofnaði flokkinn og bauð fram undir þeim formerkjum að hann langaði í vel borgaða innivinnu, lofaði að svíkja öll kosningaloforðin og náði að láta kosningabaráttuna snúast að miklu leyti um hvort ísbjörn ætti að vera





#### Hættur

Gísla Marteini Baldurssyni fannst leiðinlegt að standa í stöðugum illdeilum, sérstaklega við félagu og vini. Hann steig því út úr borgarmálunum í gær og endurvakti sjónvarpsferil sinn.

í Húsdýragarðinum eða hvort setja ætti tollahlið á Seltjarnarnes. Skemmst er frá því að segja að Jón og samstarfsmenn hans náðu vel til fólks, fengu 34,7 prósent atkvæða og voru með því orðin stærsta pólitíska aflið í Reykjavíkurborg. Borgarfulltrúarnir urðu sex, meirihluti var myndaður með Samfylkingunni og Jón Gnarr varð borgarstjóri.

Líkast til töldu margir að brandarinn myndi hætta að vera fyndinn mjög fljótlega. En í síðustu skoðanakönnun sem Capacent Gallup framkvæmdi, og birti um síðustu helgi, kom fram að Besti flokkurinn mældist enn með kjörfylgi, 35 prósentu stuðning, og væri enn stærsti flokkurinn í borginni. Borgarþúar virðast því vera ánægðir með störf hans á kjörtímabilinu sem er senn á enda.

Enn er langt til sveitastjórnarkosninganna sem haldnar



verða vorið 2014, flokkarnir eiga allir eftir að raða fólki á lista og stilla málefnaþyngningarnar og ný framboð eiga ugglaustr eftir að bætast við. Því getur margt gerst á næsta rúma hálfu árinu.

## Gísli Marteinn hættir

Þau stórtíðindi áttu sér síðan stað í borgarþinginu í gær að Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tilkynnti að hann ætlaði að hætta og yrði ekki í framboði fyrir flokkinn né nokkurn annan í haust. Þess í stað ætlar hann að stýra stjórn málaumræðuþætti sem mun taka við af Silfri Egils á sunnudögum á Rúv.

Margir töldu ljóst að Gísli Marteinn myndi eiga í erfiðleikum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins, sem fer fram um miðjan nóvember. Ástæðan er sú að hugmyndir, áherslur og að einhverju leyti vinnubrögð hans hafa ekki rímað við stefnu flokksins né sýn margra annarra sem hafa verið í forystu fyrir hann í Reykjavík. Nægir þar að nefna Júlíus Vífil Ingvarsson og Kjartan Magnússon. Því töldu margir einsýnt að Gísli Marteinn myndi annaðhvort fara í sérframboð eða hætta.

Í færslu sem Gísli Marteinn setti inn á heimasíðu sína í gær segir: „Það er heilmikið álag að vera í stjórnárum. Ég hélt alltaf að það hlyti að vera auðveldara ef ég vissi fyrir hvað ég stæði og hefði trú á mínum hugmyndum. Þá þyrfti ég ekki að vakna á hverjum morgni og gá til veðurs, í pólitískum skilningi. En staðreyndin er að sú harða sannfæring sem ég hef fyrir því hvað er rétt að gera í Reykjavík, getur verið til bölvæðra trafala. Það er leiðinlegt að standa í stöðugum illdeilum, ekki síst við félagi og vini sem mér þykir vænt um. Það var því ekki erfitt að ákveða að stíga til hliðar og leyfa öðrum að eiga sviðið, í bili að minnsta kosti.“



# Hugleiðingar um bótasvik

ÁLIT



Brynhildur Pétursdóttir  
þingkona  
Bjartrar framtíðar

Um nokkurra ára skeið bjó ég í Danmörku og þar var viðhorfið gagnvart bótasvikum nokkuð öðruvísi en ég átti að venjast. Umburðarlyndi gagnvart því að fólk seildist með óréttmætum hætti í sameiginlega sjóði var lítið og ég varð ekki vör við að fjölmiðlar og stjórnámálamenn væru eitthvað að tipla á tánum í kringum þennan málaflokk. Flestum virtist finnast fullkomlega eðlilegt að tilkynna bótasvik, enda verið að stela skattfé sem nýttist þá ekki í annað.

Mér er sérstaklega minnisstætt eitt atvik. Vinahjón mín í Danmörku skildu. Eitt sinn þegar maðurinn var að ná í börnin til sinnar fyrrverandi veiktist hann hastarlega og varð úr að hann gisti yfir nótt í stað þess að sofa einn heima hjá sér. Vinkona mín sagði mér síðar að hún hefði verið mjög stressuð yfir því að nágrannarnir myndu sjá manninn næsta morgun. Ég, hinn dæmigerði Íslendingur, spurði hvaða máli það skipti og svaraði vinkona mín að þar sem þau væru skilin myndi nágrannakonan auðvitað láta vita. Ég hváði eitthvað, hvort fólk væri virkilega að standa í slíku, og hún leit á mig ströng á svip og sagði: „Auðvitað, og ég myndi gera slíkt hið sama.“

Eftir að ég flutti aftur heim hef ég ekki fylgst jafn vel með dönsku þjóðlífi en mér sýnist að Danir hafi heldur gefið í. Sveitarfélögin, sem greiða út bætur, eru beinlínis farin að kalla eftir því að fólk tilkynni um bótasvik og tilkynningaferlið er gert mjög aðgengilegt á heimasíðum þeirra. Þar má sjá upplýsingar um það hvernig hægt sé að tilkynna um bótasvik og því til dæmis svarað hvort fólk sé beinlínis skylt að upplýsa um grun sinn. Þá er einnig bent á að ef upp komist að einhver hafi vísitandi tilkynnt um bótasvik sem enginn fótur sé fyrir geti það leitt til kæru.

Við Íslendingar viljum vera með öflugt bótakerfi eins og hinar Norðurlandþjóðirnar en við höfum verið eitthvað feimin við að taka á bótasvikum, sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur kerfisins. Það hefur heyrt til undantekninga að stjórnámálamenn tali opinberlega um bótasvik og fjölmiðlar hafa líka farið mjög varlega í sakirnar þegar þessi málaflokkur er annars vegar. Þá hefur beinlínis verið erfitt fyrir fólk að koma upplýsingum um bótasvik á framfæri. Þannig á ég vinkonu sem reyndi að tilkynna um bótasvik þegar henni ofbauð tilfelli sem hún vissi af en varð ekkert ágengt. Vísaði hver á annan og greinilegt að enginn vildi taka við þessu „óþægilega“ símtali. Þetta var reyndar fyrir hrún en mér sýnist reyndar að á síðustu árum hafi umræðan um bótasvik aðeins verið að færast upp á yfirborðið.

Í byrjun árs kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar „Eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum“ og er hún um margt áhugaverð. Í henni kemur meðal annars fram að sérstök eftirlitseining Tryggingastofnunar, sem var ekki stofnuð fyrr en árið 2005, hafi frá árinu 2011 stöðvað óréttmætar greiðslur fyrir um 100 milljónir á ári. Í skýrslu sem danska ráðgjafarfyrirtækið KMD Analyse gaf út árið 2011 kom fram að rekja mætti um 3–5% af heildarbótagreiðslum danska ríkisins til bótasvika. Ef gert er ráð fyrir að hlutfallið sé sambærilegt hér á landi nema bótasvik um 2–3,4 milljörðum á ári en ekki 100 milljónum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur einnig fram að í engum tilfellum hafi Tryggingastofnun beitt þeirri heimild að reikna dráttarvexti á bætur sem sviknar hafi verið út. Þá nýtir stofnunin sér ekki til fulls þær eftirlitsheimildir sem hún hefur samkvæmt lögum, svo sem til upplýsingaöflunar um greiðsluþega og samkeyrslu upplýsinga. Þá hefur stofnunin mjög takmarkaðar lagaheimildir til að ljúka bótasvikamálum með stjórnvísluviðurlögum og þau eru sjaldan kærð til lögreglu. „Ekkert mál hefur komið til kasta dómstóla hér á landi þar sem greiðsluþegi hefur verið ákærður og dæmdur fyrir bótasvik. Varnaðaráhrif núverandi fyrirkomulags eru því lítil,“ segir enn fremur í skýrslunni. Fjölmörg skattsvikamál hafa hins vegar ratað inn í réttarsali landsins. Einhverra hluta vegna teljum við skattsvik mun alvarlegri en bótasvik en í báðum tilfellum er þó verið að stela úr ríkissjóði.


Í skýrslunni er einnig bent á leiðbeiningaskyldu Tryggingastofnunar, sem er mjög mikilvægt atriði. Bent er á að stofnunin verði að geta rækt þá skyldu sína með markvissari hætti en nú er gert. Umsækjendur eiga ekki að þurfa að velkjast í vafa um réttindi sín. Liður í því að þjóna fólki betur og koma í veg fyrir mistök er að einfalda kerfið til muna. Að því hefur verið stefnt í velferðarráðuneytinu og vonandi heldur sú vinna áfram. Þá er gríðarlega mikilvægt að bótaþegar fái réttar bætur á réttum tíma og fái ekki bakreikning löngu seinna.

Í skýrslu KMD Analyse, sem vísað er í hér að ofan, kom margt áhugavert í ljós. Til dæmis er meirihluti Dana hlynntur strangari eftirliti ef það getur orðið til að draga úr bótasvikum og kjósa þeir þá helst rafrænt eftirlit (aukin samkeyrsla á opinberum skrá) á meðan fæstum hugnast meira eftirlit í formi eftirlitsheimsókna. Sveitarfélögin töldu hins vegar þörf á margvíslegum aðgerðum til að auka eftirlitið enn frekar, svo sem fleiri starfsmenn, meiri heimildir til að samkeyra gögn og einfaldara regluverk (að bótakerfið sé einfaldað) en einnig heimild til að mæta óvænt í eftirlitsheimsókn hjá grunuðum og betri möguleika á að vakta heimili þeirra. Er þá meðal annars horft til þess hvort fólk skrái lögheimili annars staðar en þar sem það raunverulega býr. Hér draga reyndar margir Danir mörkin því þriðjungi aðspurðra fannst óviðunandi að „njósnað“ væri um fólk heima hjá því.

Bótasvik tíðkast því miður þótt þeir sem þau stunda séu í algerum minnihluta. Bótasvik grafa undan velferðarkerfinu. Það er því ekkert óeðlilegt við að umræða fari fram um þetta samfélagsvandamál og við megum ekki vera feimin við hana. Ég held að við séum sem betur fer öll sammála um að standa dyggan vörð um þá sem treysta á almannatryggingar. Kerfið þarf að vera skiljanlegt og skilvirkt og fólk verður að geta lifað af þeim bótum sem það fær. Að sama skapi er eðlilegt að við gerum þá kröfu að unnið sé gegn bótasvikum með öllum tiltækum ráðum.



# Stærsta lygi internetsins







Smelltu til að lesa grein  
Birgittu Jónsdóttur á The  
Guardian

**M**ed því að leggja inn pöntun í gegnum þessa vefsíðu á fyrsta degi fjórða mánaðar ársins 2010 eftir Krist samþykkir þú að veita okkur óframseljanlegan rétt til að krefjast, nú og fram til eilífdar, ódauðlegrar sálu þinnar. Kjósum við að ganga að rétti okkar samþykkir þú að láta af hendi sálu þína og gefur jafnframt upp allan rétt til hennar, innan 5 virkra daga frá móttöku kröfunnar frá gamestation.co.uk. [...] Ef þú a) telur þig ekki búa yfir ódauðlegri sálu b) hefur nú þegar ráðstafað henni til annarra aðila eða c) óskar ekki eftir að veita okkur umbeðið leyfi, smelltu þá vinsamlegast á tengilinn hér að neðan...“

Ofangreint aprílgabb í notkunarskilmálum tölvuleiksins GameStation aflaði fyrirtækinu á einum degi yfirráðum yfir 7.500 grunlausum sálum, sem félagið hefur enn ekki gert grein fyrir hvenær það hyggst innheimta og ráðstafa.

Því hefur lengi verið haldið fram að stærsta lygi internetsins sé þegar fólk hakar í reitinn „Ég hef lesið og skilið þessa notkunarskilmála...“, því fæst okkar lesi í raun það sem við segjumst vera að samþykkja, heldur hökum hugsunarlaust í reitinn, áfjád í að byrja að nota umrædda þjónustu.

## Fáir lesa lítið

Rannsóknir sýna að þessi fullyrðing er líklega sönn; af þeim 8-12 prósentum sem yfirhöfuð lesa notkunarskilmálana les fólk einungis 10-20 prósent af textanum og yfirgæfandi meirihluti hefur hvorki skilning á því hvaða gildi notendaskilmálarnir raunverulega hafa né gerir sér grein fyrir því að um lagalega bindandi samkomulag er að ræða. Í einni rannsókn sögðust ríflega 20 prósent þátttakenda hafa setið eftir með sárt ennið eftir að hafa ekki kynnt sér fyrrnefnda skilmála nægilega vel. Flestir treysta því einfaldlega að notendaskilmálarnir séu nauðsynlegir og sanngjarnir en velta því lítið fyrir sér hvaða vald vefsíðan/appið/forritið er að taka sér, hvaða réttindum menn eru að afsala sér með samþykki eða þeim afleiðingum sem af hljótast.

Þekktasta íslenska dæmið um afleiðingar slíks afsals er

án efa mál Birgittu Jónsdóttur, núverandi alþingismanns Pírata, en hún ritaði árið 2011 grein í The Guardian þar sem hún segir frá því „Hvernig bandaríska dómismálaráðuneytið ‘hakkaði’ Twitter-reikninginn minn löglega“. Þetta er sérstaklega umhugsunarvert því Birgitta er gamalreyndur netnotandi með góða þekkingu á málinu, en í greininni viðurkennir hún að hafa, rétt eins og við hin, hakað við skilmálana án þess að átta sig á að með því hefði hún afsalað sér rétti til einkalífs gagnvart erlendum stjórnvöldum. Birgitta tapaði dómsmáli fyrir bandarískum stjórnvöldum þar sem hún reyndi að verja rétt sinn til einkalífs, og forráðamenn Twitter létu af hendi allar upplýsingar sem þeir höfðu um hana.

En málið er grafalvarlegt og fordæmisgefandi, þar sem Birgitta hefði samkvæmt alþjóðlegum diplómátskum hefðum átt að njóta aukinna réttinda sem íslenskur þingmaður. Síðar áttu uppljóstranir Edwards Snowden þátt í að sýna að rafrænt eftirlit erlendra ríkisstjórna er enn umfangsmeira og aðgangsharðara en flestir höfðu þorað að ímynda sér.

## Gildi notendaskilmála

Ein stærsta spurningin um rafræna skilmála er hvaða gildi notendasamningar hafi í raun og veru – hvort hver sem er geti sett upp skilmála á nánast hvað sem er um nánast hvað sem er og ætlast til þess að þeim sé framfylgt lagalega.

Notendaskilmálar eiga við um nær alla notkun okkar á rafrænum þjónustum, öppum, verslun og notkun heimasíðna á internetinu. Algengustu form slíkra samninga eru þjónustuskilmálar (TOS), notkunarskilmálar (TOU), leyfisskilmálar (EULA) og persónuverndarákvæði (Privacy Policies), en í grunninn er um einhliða samningaferli að ræða þar sem veitandi þjónustunnar setur reglurnar og val notandans stendur á milli þess að samþykkja skilmálana ellegar sleppa því að nota þjónustuna eða kaupa vöruna.

Kjarninn ræddi við fjölmarga lögmenn við vinnslu þessarar greinar sem allir báðust undan því að tjá sig undir nafni en voru sammála um að málaflokkurinn væri flókinn



Smelltu til að lesa  
umfjöllun Yale Law  
Review um verstu  
þjónustuskilmálana

og aðstæðubundinn auk þess sem víða gætti aukinnar lagalegrar óvissu sem nauðsynlegt væri að fá úr skorið. Meðal þeirra sviða sem notendaskilmálar falla undir má nefna samningarétt, lög um persónuvernd, höfundarrétt, skilgreiningu á lögsögu, afsölnun réttinda, neytendarétt og í einhverjum tilvikum refsirétt. Margar þeirra fullyrðinga sem fyrir tæki varpa fram í notendaskilmálum, svo sem um að notandi afsali sér rétti til málshöfðunar eða hámarksupphæð skaðabóta, fær einfaldlega ekki staðist samkvæmt neytendalögum. Í nýju lokaverkefni Margrétar Herdísar Hallvarðsdóttur frá Lagadeild HÍ um Staðlaða neytendasamninga – Óréttmæta skilmála og réttarvernd neytenda kemst höfundur að þeirri niðurstöðu að enn sem komið er hafi ekki reynt á neytendaákvæði samningalaga í dómaframkvæmd á Íslandi en til þess að samningar teljist óréttmætir þurfi þeir að uppfylla tvö skilyrði; „að vera andstæðir góðri viðskiptavenju og raska til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag.“

## Hver setur reglurnar?

Eitt svæsnasta dæmið um ósanngjarna og einhliða notkunarskilmála er 21.000 orða „samningur“ Central Pacific Railroad Museum sem útnefndur var sem verstu notendaskilmálar internetsins á heimasíðu Yale Law Review. Fyrir utan hversu ítarlegir, yfirgripsmiklir og fjarstæðukenndir skilmálarnir eru er hver einasta aðgerð notandans túlkuð sem samþykki á skilmálanum, meðal annars að smella á tengla (sem er þó nauðsynlegt til að lesa umrædda skilmála), að senda safninu tölvupóst eða reyna að hafa samband við það á annan hátt, þar með talið í síma. Í umræddu tilviki er um ákveðna háðsádeilu að ræða en safnið sagðist engu að síður vera neytt til umfangsmikilla takmarkana á réttindum notenda til að tryggja rekstrargrundvöll sinn.

## Skilmálar úr tengslum við rafrænan veruleika

Fyrir nokkrum árum setti mbl.is upp ýtarlega notkunarskilmála sem að mati blaðamanns voru bæði úr tengslum við



Smelltu til að skoða glærur  
um tíu helstu hættur  
við snjallsímaöpp

rafrænan veruleika og almennar nethefðir, en þar var kveðið á um að birting með rss væri óleyfileg án samþykkis mbl.is. Markmiðið var augljóslega að koma í veg fyrir að fréttir mbl.is væru endurbirtar á öðrum vefsvæðum, að hluta eða í heild, án þess að nettraffíkin rataði inn á vef Morgunblaðsins og skapaði þar með heimsóknir og auglýsingatekjur. Umræddir skilmálar hafa nú verið fjarlægðir en voru á sínum tíma kveikjan að því að undirrituð ákvað að setja notendaskilmála á Facebook-síðu sína og láta reyna á trúgirni og lögsögu viðhlajenda og vina. Útgangspunktur greinarhöfundar var að ef fyrirtæki sem lögaðilar gætu sett upp notendaskilmála til að verja hagsmuni sína ætti hún sem lögaðili einnig að geta gert hið sama. Í skilmálunum áskil ég mér rétt til friðhelgi einkalífs innan „vinahópsins“ og að endurbirting á því sem ég segi á veggnum mínum sé óleyfileg nema með mínu samþykki. Enn sem komið er hefur enginn sett spurningarmerki við það hvort mér sé yfirhöfuð leyfilegt að setja notendaskilmála á minn eigin Facebook-prófil en af og til hefur fólk samband sem biður um leyfi til að vitna í mig og virðist þar af leiðandi taka mark á umræddu bessaleyfi.

## Þú ert verslunarvara

Notendur internetsins og hugbúnaðar þurfa að vera vel vakandi fyrir því að á sama tíma og notendaskilmálar ganga sífellt lengra í að baktryggja fyrirtæki og firra þau ábyrgð fer fram stóraukin upplýsingasöfnun um notendurna og fyrirtæki leita sífellt frumlegri leiða til að gera notendur að tekjuhind. Mörg öpp, sérstaklega fyrir Android-stýrikerfið, hafa og áskilja sér aðgang að persónulegri helgi okkar, svo sem skilaboðum, addressubókum, GPS-staðsetningu, myndavélum og hljóðnemum í snjallsímum án þess að tiltaka til hvers eða með hvaða hætti umrædd leyfi eru notuð.

Enginn vafi leikur á að um viðamikilið inngríp í einkalífið er að ræða og stóruandlegt er hversu litla athygli mála-flokkurinn hefur fengið á lýðræðislegum vettvangi.

Í nýlegri rannsókn á hátt í 200 öppum kom í ljós að 43 prósent tóku sér of ríkan aðgang að gögnum notandans,



39 prósent forvitnuðust um of um staðsetningu notandans, 33 prósent kröfðust óeðlilega mikilla persónuupplýsinga og mörg höluðu þessar upplýsingar niður án dulkóðunar. Samtímis firra framleiðendur sig ábyrgð af þeim skaða sem neytandinn gæti orðið fyrir vegna ágalla, til dæmis ef vefþjónar fyrirtækisins eru hakkaðir, appið býr til „bakdyr“ inn á tölvu notandans eða ef þjónustan stendur ekki undir þeim væntingum sem notandinn ber til hennar. Það er því óhætt að fullyrða að jafnræði gildi ekki milli sammingsaðila þegar kemur að notkunarskilmálum, og að í mörgum tilvikum er beinlínis um „blöff“ að ræða, þar sem fyrirtæki reyna að fá fólk til að afsala sér lögbundnum rétti sem samkvæmt landslögum er ekki afsalanlegur.

## 21. aldar veruleiki

Rannsóknir á nethegðun hafa sýnt að öryggi og vernd persónuréttar er það mál sem ungt fólk setur helst fyrir sig við notkun á rafrænum þjónustum – það vill að mannréttindi sín séu tryggð og kærir sig ekki um að einkalíf sitt sé verslunarvara. Krafa um skýran neytenda- og borgararétt á internetinu verður stöðugt háværi og nauðsynlegt er að löggjafi og dómstólar átti sig á breyttum veruleika; að hér er ekki um jaðarmálefni að ræða, heldur raunverulegan mála-flokk sem snertir daglegar stafrænar athafnir okkar allra. Meðal netnotenda ríkir mikil tortryggni gagnvart afskiptum ríkisvaldsins, einkum vegna skilningsleysis hins opinbera á notkun tækninnar, vaxandi vanvirðingu fyrir friðhelgi einkalífsins og þjónkun við hagsmuni stórfyrirtækja á kostnað neytenda. Leitin að skynsamlegum úrbótum fer að stærstu leyti fram í grasrótinni á internetinu; á síðum eins og biggestlie.com og commonterms.net þar sem markmiðið er að einfalda og samræma notendaskilmála svo að notendur lesi og skilji þau skilyrði sem gilda hverju sinni, og að jafnvægi ríki milli notenda og veitenda rafrænnar þjónustu.

# ÍSLAND SVISS

Í ÞÍNUM  
SPÖRUM  
Stöndum saman  
gegn einelti

- Undankeppni HM
- Fimmtudaginn 26. september
- Klukkan 18:30
- Laugardalsvöllur
- Kveðjuleikur Katrínar Jónsdóttur
- Miðasala á Miði.is

Lengjan

BORGUN  
RÚÐVÉLDIÐ VÉÐRÖÐFI

Coca-Cola



ICELANDAIR

KSI  
Alltaf í boltanum

A photograph of Barack Obama on the right, wearing a dark suit and tie, kissing an elderly man on the cheek. The man on the left has white hair and is wearing a dark suit with a red and black striped bow tie. He has a tearful expression. The background is a dark blue curtain.

# Stjórnmal og fjölmiðlar

**S**tjórnámamenn eru stanslaust í kastljósi fjölmiðla og hvert orð sem þeir segja er krufið til mergjar. Leikarar geta horfið á milli þess sem þeir kynna ný verk í fjölmiðlum, atvinnumenn í íþróttum geta verið í kastljósi fjölmiðla án þess að segja orð og rithöfundar eru dæmdir eftir því sem þeir skrifa frekar en því sem þeir segja. Stjórnámamenn búa hins vegar ekki við þann lúxus; þeir eru margir með myndavélar og hljóðnema í andlitinu alla daga og því er gríðarlega mikilvægt fyrir stjórnámamenn sem vilja ná árangri að vera með samskipti við fjölmiðla á hreinu.

En samskipti við fjölmiðla eru ákveðin list. Stjórnámamaður sem er með frasana á hreinu og nýtur sín fyrir framan myndavélar er líklegri til að fá mikla og jákvæða umfjöllun, sérstaklega í kosningabaráttu, en sá sem er stífur og líður augljóslega illa í sviðsljósi fjölmiðla. En á sama tíma þarf ekki nema eina vandræðalega frammistöðu í sjónvarpi til að fylgið hrynji af frambjóðendum. Flestir stjórnámamenn kjósa því að eiga í stöðugum (og eins miklum og mögulegt er) samskiptum við fjölmiðla enda má segja að þeir séu lífæð stjórnámamannsins.

## Ólíkar nálganir

Það er áhugavert að bera saman ólíka nálgun bandaríska þingmannsins John McCain gagnvart fjölmiðlum þegar hann sóttist eftir tilnefningu repúblikana til forsetaembættisins árið 2000 annars vegar og árið 2008 hins vegar. Árið 2000 veitti hann fjölmiðlum áður óþekktan aðgang að sér í kosningarúttunni, the Straight Talk Express. Fjölmiðlamenn ferðuðust með McCain í rúttunni á milli funda og höfðu nánast óheftan aðgang að honum. Hann hlaut ekki náð flokksmanna í það skiptið, enda að keppa við George W. Bush og flokksmaskínu repúblikana.

Árið 2008 sóttist hann aftur eftir tilnefningu til forsetaembættisins en veitti fjölmiðlum í fyrstu ekki sama aðgang að sér og í fyrra skiptið. Umfjöllun fjölmiðla um McCain í þessum tveimur kosningabaráttum var mjög ólík. Árið 2000





John McCain talar við  
fjölmiðla í the Straight  
Talk Express

var umfjöllunin um McCain mjög jákvæð. Hann var aðgengilegur, hann var með frasana á hreinu, hann var myndinn og fjölmiðlar hrifust af honum. Árið 2008 var allt annað uppi á teningnum til að byrja með, McCain veitti fjölmiðlum ekki sama aðgang að sér og árið 2000 og þeir fengu ekki að vera með honum í kosningarútnni.

Í rannsókn sem Project for Excellence in Journalism og Joan Shorenstein Center on the Press, Politics and Public Policy gerðu í október árið 2007 kemur fram að á fyrstu fimm mánuðum ársins fékk McCain neikvæðustu fjölmiðla-umfjöllun þeirra sem sóttust eftir tilnefningu (og áttu raunhæfa möguleika) Repúblikanaflokksins til forseta-embættisins. Aðeins tólf prósent umfallana fjölmiðla um McCain voru jákvæð en 48 prósent voru neikvæð eða óhagstæð honum. Á sama tíma var næstmest fjallað um McCain í fjölmiðlum af þeim frambjóðendum repúblikana sem sóttust eftir tilnefningunni. Í kjölfar birtingar rannsóknarinnar fjölluðu fjölmiðlar mikið um meint endalok kosningabaráttu McCain og töluðu um að hann ætti ekki möguleika á að hljóta tilnefninguna.

## Pólitískur refur

En McCain er pólitískur refur og eldri en tvævetra í bransanum. Hann tók aftur upp sömu stefnu og í kosningabaráttunni árið 2000 og hóf að veita fjölmiðlum nánast óheftan aðgang að sér í kosningarútnni. Þegar keyrt var á milli funda sat McCain gjarnan með fjölmiðlamönnum og ræddi við þá á eðlilegan og óþvingaðan hátt og forðaðist að tala eins og hefðbundinn stjórnmalamaður. Umfjöllun fjölmiðla um hann snerist í kjölfarið um 180 gráður og fljótlega fóru þeir að tala um endurkomu McCain íaráttuna. Fjallað var á jákvæðan hátt um McCain í fjölmiðlum og var breytingin svo mikil að Joe Scarborough, sem sér um þáttinn Morning Joe á MSNBC, sagði um þá fjölmiðlamenn sem ferðuðust með McCain að þeir væru allir með tölu til í að hefja nýtt líf með honum í Massachusetts ef þær gætu. Slík væri aðdáunin. Háskólinn í Navarra gerði óformlega könnun

á umfjöllun fjölmiðla eftir að McCain veitti þeim óheftan aðgang að sér og þar kom í ljós að eftir að McCain varð opnari gagnvart fjölmiðlum jókst umfjöllun um hann mikið og hann náði þeim Mitt Romney og Mike Huckabee að því leyti, en þeir höfðu fengið töluvert meiri athygli í kosningabaráttunni en McCain fram að þessu. Það sem skipti þó meira máli var að umfjöllunin um McCain var miklu jákvæðari en á fyrri stigum kosningabaráttunnar, þegar fjölmiðlar höfðu ekki óheftan aðgang að honum.

McCain náði á endanum að tryggja sér tilnefningu Repúblikanaflokksins til forsetaembættisins og það er alveg ljóst að breytt viðhorf til fjölmiðla á seinni stigum kosningabaráttunnar hafði mikið um það að segja þótt það hafi á endanum ekki dugað honum gegn Barack Obama, sem var endurkjörinn forseti Bandaríkjanna árið 2008.

# EXIT


Exit er menningar-, afþreyingar- og lífsstílskefli kjarnans.


## Skop




## Samfélagið segir...


 **PORBJÖRN ÞÓRÐARSON** @thorbjornth  
IOS 7 - Breyting breytinganna vegna. Þvílíkt drasl. Ég vil gamla stýrikerfið aftur...strax!  
Fimmtudagurinn 19. september


 **BRAGI VALDIMAR** @BragiValdimar  
Troðið þessum athyglissjúka himni upp í innsta grammíð á ykkur.  
Sunnudagurinn 22. september


 **BJÖRN SIGURBJÖRNSSON** @bjossilitli  
Puttinn á @Gummiben  
} sami staður  
Púlsinn á alheiminum  
Mánudagurinn 23. september

 **ÁSLAUG SIGURBJÖRNSDÓTTIR** @aslaugaarna  
„Beta að selja fót en göt,“ sagði Sveppi í FM95BLÓ þegar rætt var um að Atalína væri að opna fataverslun hér á landi #éghló #svartaperlan  
Þriðjudagurinn 24. september

 **LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR**  
Ég var send í fitumælingu því allir í vinnunni fóru í fitumælingu. Ég sprengdi skalann. Mér er í alvörunni vorkennt (og enginn þorir að stríða mér) því tölurnar eru svo óvandaðar. Innri fita, aldur miðað við tölurnar, vöðvamassi...þetta er ekki fagurt. — alone.  
Þriðjudagurinn 24. september

 **BERGSTEINN SIGURÐSSON**  
Ég veit svo sem ekki með fegursta orðið en snotur er tvímælalaust það snotrasta.  
Þriðjudagurinn 24. september

 **LÁRA HANNA EINARSDÓTTIR**  
„Ég er ekki ég, ég er annar. Ég hugsa ekki, ég er hugsaður.“  
Arthur Rimbaud  
Miðvikudagurinn 25. september

 **BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**  
Það er með ólíkindum að þessari ríkisstjórn takist án þess að til nokkurrar alvöru andstöðu verði vart að rústa nánast öllu því sem var vel gert hjá þeirri sem á undan var. Hvar er svo umhverfisráðherran sem þjóðinni var lofað? Á nýr umhverfisráðherra að þurfa að vinna umhverfisnið fylgi á þinginu?  
Miðvikudagurinn 25. september.



## FÖSTUDAGUR 27. SEPT.

- 16:00 Tjaldið opnar
- 18:00 Bjórsaga Vikings (með smakki)
- 19:00 Fullorðinssirkusinn Skinnsæmi  
Veitingavagnar sjá um að enginn sé svangur  
3.000 kr. aðgangseyrir ([midi.is](http://midi.is))
- 21:00 Tjaldið opið öllum á nýjan leik  
(ókeypiss aðgangur)
- 00:00 Slútt


## LAUGARDAGUR 28. SEPT. (ÓKEYPIS AÐGANGUR)

- 16:00 Tjaldið opnar  
Björgarður Vífilfells  
Gunni Helga treður upp  
Hamborgarar og aðrar veitingar á vægu verði
- 18:00 Barsvar (pub-quiz) Stefáns Pálssonar  
Fyrsta flokks skemmtun fyrir alla fjölskylduna
- 21:00 Mögnuð skemmtidagskrá  
Uppistand landsins bestu grínista  
Sólmundur Hólm  
Lee Nelson  
Halldór Gylfason  
Steindi jr. & Ágúst Bent flytja öll sín bestu lög
- 00:00 Slútt



eftir Erling Grétar Einarsson

# Bandaríkin skipta ekki máli lengur



**S**teven Spielberg og George Lucas, tveir af frægustu stórmyndaleikstjórum veraldar, hafa skipst á því undanfarin ár að lýsa yfir því að dýrar stórmyndir eins og við þekktum þær væru óðum að líða undir lok. Þær væru of margar og of dýrar og myndu áhorfendur því innan tíðar sjá fjölda minni mynda taka við af þeim þegar stúdíóin gæfust loksins upp á risamyndunum.

Árangur mynda er langoftast mældur eftir velgengi – eða vandræðum – þeirra í Bandaríkjunum. Oftar en ekki byrja kvikmyndauglýsingar á hinum hræðilega ofnotaða sígilda frasa „Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum!“ eins og um sé að ræða hinn eigindlega og óumdeilanlega mælikvarða á hvort myndin njóti velgengi eða ekki. Og við, lesendur, áhorfendur og áhugafólk um kvikmyndir, höfum um áratugaskeið litið á tekjutölur frá Bandaríkjunum sem miðlæga uppsprettu upplýsinga um hvort þessi mynd eða hin sé „smellur“ eða „flopp“.

Og um langa hríð var það þannig. Stór hluti af tekjum kvikmynda úr kvikmyndahúsum, í það minnsta sá hluti sem rann til framleiðendanna, kom frá Bandaríkjunum. Auk þess voru fréttir um vinsældir – eða vöntun þar á – frá Bandaríkjunum oftar en ekki afar mótandi á aðsókn víða um heim. Ef dýr mynd floppaði í Bandaríkjunum var svo gott sem úti um þá sem settu peningana sína í framleiðslu hennar.

Nú er öldin hins vegar aldeilis önnur.

## Floppunum fjölgar

Gríðarleg fjölgun á kvikmyndahúsum í Suður-Ameríku, Kína, Rússlandi og víðar um Asíu hefur orðið þess valdandi að aðsókn í Bandaríkjunum einum saman er farin að skipta stúdíóin minna máli, jafnvel fyrir stærstu og dýrustu myndir hvers árs. Við sjáum margar umfjallanir á netinu um að sumarið 2013 hafi reynst mörgum myndum, og stúdíóum, ansi blóðugt, þar sem aðsókn á fjölda mynda hafi valdið vonbrigðum. Ef aðeins er litið



Avatar

á aðsókn í Bandaríkjunum er hægt að skrifa upp ansi stóran lista af floppum fyrir árið 2013:

MYND	KOSTNAÐUR Í DOLLURUM	TEKJUR Í BNA
G.I. Joe: Retaliation	130 milljónir	122 milljónir
Pacific Rim	190 milljónir	99 milljónir
Oblivion	120 milljónir	89 milljónir
The Lone Ranger	215 milljónir	88 milljónir
Turbo	135 milljónir	79 milljónir
Elysium	115 milljónir	80 milljónir
White House Down	150 milljónir	72 milljónir
A Good Day to Die Hard	92 milljónir	67 milljónir
Jack the Giant Slayer	195 milljónir	65 milljónir
The Smurfs 2	105 milljónir	65 milljónir
After Earth	130 milljónir	61 milljónir
Percy Jackson: Sea of Monsters	90 milljónir	52 milljónir
R.I.P.D.	130 milljónir	32 milljónir
Beautiful Creatures	60 milljónir	19 milljónir

Og þetta eru aðeins augljósustu dæmin um myndir sem fengu fullt af peningum til að vinna með og

mistókst algerlega að fá til baka í Bandaríkjunum. Og ef kvikmyndaheimurinn væri eins og hann var fyrir um það bil 20 árum væru þær allar skínandi dæmi um uppblásna stórmyndaloftbelgi sem hrapa logandi til jarðar.

Aftur á móti hefur heimurinn breyst töluvert síðustu tuttugu árin. Pacific Rim, ein dýrasta mynd ársins, er enn að reyna að skríða yfir 100 milljón dollara markið í Bandaríkjunum, en er þegar farin að skila hagnaði fyrir Guillermo del Toro og framleiðendur. Svo mikinn, reyndar, að talið er líklegt að framhaldsmynd verði gerð af henni. Ástæðan? Kína.

Myndin hefur verið gríðarlega vinsæl þar, reyndar svo vinsæl að tekjur af henni eru hærrí þar en í Bandaríkjunum, heilar 109 milljónir dollara. Heildartekjur á heimsvísu standa nú í rúmum 400 milljónum dollara, sem gerir myndina að hinni prýðilegustu fjárfestingu fyrir Warner Bros. og aðra sem stóðu að henni. Svipaða sögu er að segja af Oblivion (Suður-Ameríka og Evrópa), G.I. Joe: Retaliation (Asía), Elysium (Rússland og Evrópa), A Good Day to Die Hard (Rússland, Suður-Ameríka og Evrópa), After Earth (um allan heim) og fleiri myndum.

## **Hvernig sér maður hvort mynd er flopp eða ekki?**

Það sem gerir lestur og mat á velgengni mynda, í það minnsta hvað varðar hvort þær skili framleiðendum hagnaði eða ekki, erfiðan er þessi sama sprenging á kvikmyndahúsamarkaðnum á heimsvísu. Mismunandi samningar gilda milli framleiðenda, dreifingaraðila og sýningaraðila í hverju landi, með mismunandi tekju-skiptingu til hvers aðila. Flestir sem þekkja til setja þó þá grunnlínu að stúdíóin fái milli 50 og 60 prósent af tekjum mynda, og að meðaltalið sitji um 55 prósent markað. Þetta er auðvitað aðeins viðmið, en nokkuð nákvæmt í flestum tilvikum.

Því er gott að margfalda kostnaðartölu myndar með 1,8 til að fá út hversu mikinn pening myndin þarf að taka



inn til að skila hagnaði, eða margfalda með 0,55 til að sjá hvort uppgefnar tekjur ná að borga upp kostnað við gerð myndarinnar.

Þegar heimsaðsókn er tekin saman kemur í ljós að 6 af þessum 13 „floppum“ hafa þegar skilað framleiðendum sínum hagnaði, og þar sem bæði Percy Jackson og Elysium eru enn ný- eða óútkomnar víða um heim má fastlega gera ráð fyrir að þær muni skila hagnaði þegar upp er staðið. Það gerir 8 af 13 myndum sem margir hafa talað um sem stærstu vonbrigði ársins, hvað miðasölu varðar, að arðvænlegri fjárfestingu, þökk sé aðsókn annars staðar en í Bandaríkjunum.

Í þessu öllu höfum við svo ekki einu sinni nefnt stórmyndir eins og Tintin-mynd Stevens Spielberg og Peters Jackson, sem var frumsýnd í Evrópu tveimur mánuðum á undan Bandaríkjunum árið 2011 og var farin að skila hagnaði löngu áður en einn einasti Kani hafði borgað sig inn á hana, eða Avatar, sem væri tekjuhæsta kvikmynd allra tíma jafnvel þó allar 760 milljónirnar sem hún tók inn í Bandaríkjunum væru þurrkaðar út.

Einnig væri hægt að gera heila grein sem fjallaði eingöngu um uppgang dýrra stórmynda frá Evrópu, Asíu og Suður-Ameríku. Spænska stórslysadramað The Impossible hefur tekið inn 172 milljónir dollara á heimsvísu, þar af aðeins 19 milljónir í Bandaríkjunum. John Woo gerði kínversku, 80 milljón dollara, tveggja hluta og fimm klukkutíma löngu stórmyndina Red Cliff árið 2008, og tók inn 250 milljónir í miðasölu, nánast eingöngu í Asíu. Einnig er hægt að taka til myndir eins og Fast and Furious-hasarmyndaröðina, sem stílar aðallega inn á áhorfendur í Mið- og Suður-Ameríku og Suðaustur-Asíu, með ótrúlegum árangri.

Árið 1995 tóku flestar stærstu myndir veraldar um 40-55% tekna sinna inn í bíóum í Bandaríkjunum. Í dag fer þessi tala aðeins í undantekningartilvikum yfir 40%, og er oftast um 28-34%, slík er þróunin.




## G.I. Joe Retaliation

### Hvað þýðir þetta þá fyrir sumarstórmyndina?

Þessi þróun þýðir þó ekki að sumarstórmyndirnar svokölluðu séu að deyja út. James Cameron er til dæmis að undirbúa allt frá tveimur og upp í fjórar framhaldsmyndir af Avatar, eftir því hvaða fjölmiðill segir frá því. Marvel mun koma einni til þremur risastórum Avengers-tengdum myndum í bíó á hverju ári til ársins 2019 hið minnsta, Disney hefur áformað milli þrjár og sjö nýjar Star Wars-myndir frá 2015 til 2021 og Warner Bros. og DC Comics er með heila Justice League-seríu af myndum á dagskrá, sem eiga að spinnast út frá Man of Steel og framhaldsmynd hennar, Batman vs. Superman, sem kemur í bíó árið 2015. Svo fáum við nýja Jurassic Park-mynd árið 2015, nýja Star Trek-mynd um svipað leyti og gríðarlegan fjölda annarra stórmynda.

Ef eitthvað er mun úrval stórmynda á heimsvísu aukast næsta áratuginn, og það í gegnum allt árið að auki, þar sem markaðurinn er stærri og fjölbreyttari en nokkurn tíma áður. Þær munu koma frá fleiri löndum en áður, innihalda fjölbreyttari og alþjóðlegri hóp leikara



og jafnvel auka sögubreiddina í leiðinni. The Wolverine sýndi okkur í sumar, þar sem japönsku samúræjamyndahefðinni var skeytt saman við ofurhetjusögu úr heimi X-Men, og skilaði góðum hagnaði.

Það sem er mest spennandi við næstu tíu árin er Kína. Nú komast aðeins örfáar erlendar myndir í dreifingu þar á hverju ári, en eftir því sem sá markaður opnast meira og efnahagur landsins styrkist enn frekar, mun það hafa gríðarleg áhrif á framtíð kvikmynda í heild sinni, líklega meiri en nokkuð annað í sögu kvikmyndanna til þessa. Bandaríkin hafa hins vegar aldrei skipt jafn litlu máli og núna.



# La Jamais Contente – Hin óseðjandi

**P**að var í aprílmánuði árið 1899 að Belginn Camille Jenatzy braut blað í sögu sjálfrenni-reiða með því að aka fyrstur manna hraðar en 100 kílómetra á klukkustund (nánar tiltekið 105,882 km/klst.).

Bifreið hans, rennilegur sívalningur sem minnti helst á tundurskeyti, var ekki knúin áfram með sprengihreyfli, heldur tveimur rafmótorum. Þessir rafmótorar, ásamt 100 tveggja volta rafhlöðum, lögðu öikumanninum ▼



til 67 hestöfl, sem knúðu 1.450 kg bifreiðina áfram hægt og sígandi uns methraða var náð.

Ökuþórinn frækni var sonur gúmmíframleiðanda, verkfræðingur að mennt og bar viðurnefnið Rauði djöfullinn (Le Diable Rouge) vegna eldrauðs hárs og skeggs sem hann skartaði.

Jenatzy hafði þá um nokkurt skeið háð harða keppni við aðra ævintýramenn sem einnig þráðu að eiga heimsins hraðskreiðasta bíl. Um þetta leyti hafði Jenatzy og keppinautur hans orðið ljóst hversu veigamiklu hlutverki loftmótstaða gegndi þegar smíða átti hraðskreiðan bíl. Þeir voru innblásnir af hönnun loftskipa, sem líktust einna helst risavöxnum vindlum.

Spurður um þá tilfinningu að aka hraðar en almennt var talið að mannlíkaminn gæti þolað svaraði Jenatzy: „Þér finnst sem bíllinn takist á flug og þeysist áfram eins og loftskeyti ofan jörðu. Hvað ökumanninn varðar stífnar líkami hans upp til að standast loftþrýstinginn; hann starir um það bil 200 fet fram á veginn; skynfæri hans eru á varðbergi.“


Á þessum árum var samkeppni hörð á milli framleiðenda rafbíla og bensínknúinna bíla og tvísýnt um hvor myndi hafa yfirhöndina á bílamarkaði. Bensínið og sprengihreyfillinn tóku þó forystuna fljótlega upp úr þessu. Bifreið Jenatzy var í raun sú síðasta af rafbílum sem settu opinbert hraðamet, en upp úr þessu voru bensínknúnir bílar (og einstaka gufuknúinn) í fararbroddi á því sviði.

Á okkar dögum hefur methraðinn margfaldast og stendur heimsmetið nú í 707 km á klukkustund, í flokki hjóldrifinna farartækja, sett á saltsléttunum í Utah í Bandaríkjunum fyrir rétt um ári.

Ef talin eru með ökutæki knúin þotuhreyflum er heimsmetið nokkru eldra, frá árinu 1997. Það var einnig sett í Bandaríkjunum og nemur tæpum 1.228 km á klukkustund, í fyrsta sinn sem landfarartæki rauf hljóðmúrinn.

# Fjöldi bíla í heiminum

## 10 HELSTU FRAMLEIÐSLULÖND BIFREIÐA ÁRIÐ 2011




Samtals:  
**80.064.168**  
framleiddar  
bifreiðar

HEIMILD: ALÞJÓÐASAMTÖK BÍLAFRAMLEIÐENDA

## ÞRÓUN FJÖLDA SKRÁÐRA ÖKUTÆKJA MILLI 1960-2010


Allar tölur eru í þúsundum



HEIMILD: TRANSPORTATION ENERGY DATA BOOK, 30. ÚTGÁFA

Útlit er fyrir að Kínverjar auki enn framleiðslu sína í ár því samkvæmt Alþjóðasamtökum bílaframleiðenda framleiddu Kínverjar 10.751.683 bifreiðar á fyrstu sex mánuðum ársins. Til samanburðar framleiddu Bandaríkin 5.665.485 bifreiðar á sama tímabili.

Árið 2010 náði fjöldi skráninga í fyrsta sinn yfir einn milljarð, sem þýðir að um sjö jarðarbúar eru um hvert ökutæki.



Bifreiðin, sem bar nafnið La Jamais Contente, eða Hin óseðjandi, eyðir nú ellinni á bílasafni í Frakklandi, en Jenatzy varð ekki jafn langlífur og þessi rafknúni minnisvarði um afrek hans. Fór ökuþórinn til skotveiða ásamt nokkrum félögum árið 1913 og gerði það þá að gamni sínu að fela sig í runna og herma eftir dýra-hljóðum. Þetta lukkaðist honum svo vel að einn veiði-félaginn skaut á hann og hlaut Rauði djöfullinn bana af sárum sínum.

## BREYTTU BÍLNUM Í TVINNBÍL

Tvinnrafbílar hafa nú verið fáanlegir í hátt á annan áratug og verið nokkuð fyrirferðarmiklir, þó að síst megi segja að þeir hafi slegið í gegn hjá almenningi. Þessir bílar geta ekið hvort tveggja fyrir eldsneyti (oftast bensíni) og rafmagni, framleiða raforku við hemlun og geyma hana þar til hennar er þörf á ný.

Minna hefur þó farið fyrir þróun svokallaðra „retrofit“-tvinnkerfa, en þá er rafmótorum komið fyrir í hjólum bílsins og lítilli rafgeymastæðu í skottinu. Þetta kerfi safnar raforku á sama hátt og hefðbundinn tvinnbíl, það er við hemlun, en rafmótorarnir virka þarna sem hjálparmótorar

og eiga að geta dregið verulega úr eldsneytiseyðslu.

Hér má vissulega gera ráð fyrir að nýtni slíks kerfis sé ekki sú sama og í bíl sem hannaður er með hliðsjón af þessari tækni en kostirnir eru engu að síður aðlaðandi:

Kostnaður við slíkan búnað er mun lægri en við kaup á nýjum tvinnbíl og úrvalið sem stendur bílkaupanda til boða er mun meira en þær örfáu tegundir tvinnbíla sem nú eru í boði. Síðast en ekki síst gerir þessi búnaður ökumanni kleift að gera tvíhjóladrifinn bíl fjórhjóladrifinn þegar aðstæður krefjast þess.

# Voyager 1 siglir milli stjarnanna

**H**átt yfir sólinni og plánetunum siglir ómannað geimskip burt frá heimaplánetu sinni með meiri hraða en nokkur annar manngerður hlutur. Nú um stundir er geimskipið 125 sinnum fjær sólu en jörðin og ár hvert eykst fjarlægðin um 540 milljón km. Þótt geimfarið hafi enn ekki yfirgefið sólkerfið komst það fyrir skömmu út fyrir áhrifasvæði sólar og eru það söguleg tímamót. Geimskipið heitir Voyager 1 og er fyrsti fulltrúi jarðarbúa sem ferðast milli stjarna.





Heimasíða Voyager-  
leiðangursins hjá  
NASA

Voyager 1 og systurfarið Voyager 2 eru með fyrstu skipunum sem sigldu um ytra sólkerfið. Áður en þeim var ýtt úr vör árið 1977 vorum við fremur fáfróð um útverðina – Júpíter, Satúrnus, Úranus og Neptúnus. Voyager 1 og 2 byltu þekkingu okkar á þeim.

Voyager-förin eru á stærð við jeppa og vógu í upphafi tæpt tonn. Í þeim er geislavirkt plútóníum sem myndar hita þegar það hrörnar. Úr hitanum er framleitt rafmagn sem heldur skipunum starfandi til ársins 2025.

Eldflugar Bandaríkjamanna á áttunda áratugnum voru ekki nægilega öflugar til að senda þung geimskip til Júpíters og lengra út í sólkerfið með eldflugaaflinu einu. En vísindamenn voru bæði klárir og heppnir. Þeir sáu að hægt var að nýta einstaka uppröðun plánetanna til að fljúga framhjá þeim og láta þyngdarkraft þeirra slöngva skipunum til næstu plánetu.

Á þennan hátt „stelur“ geimfar hraða frá plánetu til að ýta sér áfram. Á móti minnkar ferðahraði plánetunnar um sólina – sáralítið reyndar því plánetan er miklu stærri en geimfarið. Voyager-förin juku hraða sinn upp í rúmlega 60.000 km/klst. Þegar þau geystust framhjá Júpíter árið 1979. Júpíter hægði fyrir vikið örlítið á hraða sínum: Eftir fimm milljarða ára hefur Júpíter ferðast einum millímetra skemmra en ef Voyager-förin hefðu ekki farið framhjá honum.

Við Júpíter fannst eldvirkasti hnöttur sólkerfisins, tunglið Íó, þar sem eldgos eru tífalt tíðari en á jörðinni. Undir ísskorpu tunglsins Evrópu fundust merki um haf. Kannski leynist þar líf, hver veit? Við Satúrnus fundust nýir hringar og ný tungl.

Voyager 2 sigldi áfram til Úranusar og Neptúnusar og skaust síðan út úr sólkerfinu. Eftir að hafa heimsótt Títan, stærsta tungl Satúrnusar, stefndi Voyager 1 síðan til stjarnanna

## Til stjarnanna

Umhverfis sólina er sólvindshvolf. Innan þess blæs



Hlustaðu á  
Voyager-plötuna á  
[goldenrecord.org](http://goldenrecord.org)

sólvindurinn óhindrað og rekst ekki á vind frá öðrum stjörnum. Sólvindshvolfið er í laginu eins og egg. Sólin er við annan enda hvolfsins því hún ferðast um Vetrarbrautina eins og fley sem ýtir hafinu á undan sér. Fyrir utan hvolfið er milligeimurinn – geimurinn milli stjarnanna.

Í 36 ár hafa Voyager-förin siglt um sólvindshvolfið. Voyager 1 er komið lengra en systurfarið og er nú 125 sinnum fjær sólu en jörðin – 19 milljarða km í burtu. Búið er að slökkva á flestum mælitækjum en sum senda enn upplýsingar til jarðar. Voyager 1 er svo órafjarri að gögnin eru næstum 18 klukkustundir að berast okkur.

Árið 2004 nam Voyager 1 aukinn þrýsting frá gasi úr milligeimnum á sólvindshvolfið. Þá hófu vísindamenn leit að vísbendingum um komu geimfarsins út í milligeiminn.


Í apríl 2013 sýndu mælingar að Voyager 1 var baðað gasi sem var 40 sinnum þéttara en mælst hafði við ytri mörk sólvindshvolfsins. Þéttleikinn var í takt við það sem búast mátti við í milligeimnum.

Fljótlega fundust eldri mælingar sem einnig sýndu breytingar á þéttleika gassins. Útreikningar sem gerðir voru í kjölfarið sýndu að Voyager 1 hafði farið út fyrir sólvindshvolfið í ágúst 2012. Voyager 1 var, fyrst geimfara, byrjað að sigla milli stjarna í Vetrarbrautinni!

## Flöskuskeyti í alheimshafið

Voyager 1 hefur ekki yfirgefið sólkerfið þótt út fyrir sólvindshvolfið sé komið. Geimfarið er í ríki hala-stjarnanna og verður þar næstu þrjátíu þúsund ár.

Voyager 1 er hraðfleygasta farartæki sem menn hafa smíðað. Skipið siglir nú á móti vindi frá stjörnum Vetrarbrautarinnar á meira en 60.000 km/klst. Á þessum hraða kæmist farið milli Reykjavíkur og Akureyrar á 15 sekúndum og væri rétt rúmar tvær mínútur að ferðast frá Reykjavík til Kaupmannahafnar. Þrátt fyrir þennan mikla hraða munu líða meira en 40 þúsund ár þar til Voyager 1 hittir fyrir aðra stjörnu.



Á báðum Voyager-förunum eru gullhúðaðar koparplötur sem á eru myndir, tónlist og hljóð frá jörðinni. Segja mætti að Voyager-förin séu flöskuskeyti sem jarðarbúar hafa varpað út í alheiminn. Ef svo ólíklega vill til að geimverur finni Voyager-förin gætu þær hugsanlega leikið plöturnar og lært sitt hvað um lífið á jörðinni.

# Globe athon

The Walk to End Women's Cancers

ONE STEP CAN MAKE A WORLD OF DIFFERENCE

[www.globeathon.com](http://www.globeathon.com)

## Alþjóðleg vitundarvakning á krabbameini í kvenlíffærum.

Þann 29. september nk. ætla 80 lönd að sameinast í vitundarvakningu um krabbamein í kvenlíffærum. Líf styrktarfélag stendur fyrir viðburðinum hér á Íslandi á lóð Landspítalans við Hringbraut.

29 september, kl 13:00

Skráning inn á [hlaup.is](http://hlaup.is)

5 eða 10 km ganga/hlaup með tímatöku

2.000 kr skráningagjald, frítt fyrir 15 ára og yngri.







# GTA verður stærri og stærri og...

**G**rand Theft Auto 5 (GTA) er ekki aðeins stærsti og dýrasti tölvuleikur sögunni til þessa heldur er hann nú þegar orðinn að einu mesta stórvirki sem komið hefur út í afþreyingar-íðnaðinum nokkru sinni. Þar eru kvikmyndir og tónlist meðtalin.

Heildarkostnaður við leikinn nam 265 milljónum Bandaríkjadala, sem nemur 32 milljörðum króna. Á innan við tveimur sólarhringum frá því að leikurinn fór í sölu hinn 17. september síðastliðinn námu heildarsölutekjurnar riflega milljarði Bandaríkjadala, eða 120 milljörðum króna. Framleiðandi leiksins, hið breska Rockstar Games, hefur ekki gefið út tilkynningar um frekari sölu frá því að upplýst var að sölutekjurnar hefðu náð einum milljarði dala. Allt bendir hins vegar til þess að leikurinn muni margfalda þær tekjur á næstu árum og slá öll fyrri sölumet tölvuleikja, á öllum mörkuðum þar sem hann er til sölu.

En hver er galdurinn á bak við þessa velgengi?

- Frá upphafi hefur sami kjarni starfsfólks séð um alla hönnun, forritun og persónusköpun í leiknum. Bræðurnir bresku Sam og Dan Houser eru helstu arkitektarnir. Þeir hafa haldið um þræðina og skapað þann einstaka anda sem aðdáendum leiksins líkar svo vel við.
- Leikurinn gerist í Suður-Kaliforníu og byggir umhverfi leiksins ekki síst á kortagrunni af svæðinu.
- Leikurinn gerist í nútímanum, á árunum sem grafísk vinnsla hans átti sér stað, á árunum 2011 til 2013.
- Hægt er að vera þrír karakterar í leiknum, Michael, Trevor eða Franklin. Leikarinn Ned Luke ljáir Michael rödd sína í leiknum, en spilarar geta skipt á milli karaktera í spilun ef þeir eru ekki í miðju verkefni í leiknum.
- Í leiknum er hægt að fara í golf, jóga, á veiðar, á sæbotur, í fallhlífarstökk, í tennis, keilu, á uppistand og fleira og fleira. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í þennan afþreyingarhluta leiksins.
- Markmiðið í leiknum er að ljúka mörgum verkefnum, sem eru mismunandi erfið. Mörg þeirra eru glæpatengd. Að lokum eru peningar sem ráðandi þáttur í öllum aðgerðum. Með þeim eru spilarar verðlaunaðir fyrir að ljúka verkefnum.
- Ríflega 3,5 milljónir Bandaríkjamanna forpöntuðu leikinn áður en hann fór í formlega sölu. Þar af pantaði 2,1 milljón leikinn á Xbox 360 leikjatölvuna frá Microsoft en 1,4 milljónir manna fyrir Playstation 3. Þetta kom mörgum á óvart, en góðri auglýsinga-herferð fyrir Xbox hefur verið þakkað fyrir.
- Leikurinn hefur fengið meðaleinkunnina 9,7 af 10 hjá stærstu tölvuleikjablöðunum.
- Aætlanir Rockstar gerðu ráð fyrir að leikurinn myndi seljast í 25 milljónum eintaka á fyrsta árinu en allt útlit er fyrir að fjöldi seldra eintaka verði nær 80 milljónum.



# Pólitíkin á RIFF

**R**eykjavík Film Festival, RIFF, hefst í dag, fimmtudaginn 26. september. Hátíðin er nú haldin í tíunda sinn og eru af því tilefni sýndar yfir 80 myndir í fullri lengd auk fjölmargra stuttmynda. Framboðið á RIFF er allt annars eðlis en fólk á að venjast úr bíóhúsunum dags daglega. Áherslan er á gæði, sem ákaflega erfitt er auðvitað að skilgreina sem einhverja fasta breytu, og 73 prósent myndanna eru evrópsk.

Í ár eru margar kvikmyndir á boðstólum með sterka pólitíska skírskotun. Ádeila óháðra kvikmyndagerðarmanna er enda oft mun beittari en þeirra sem starfa

fyrir stóru afþreyingarframleiðslufyrirtækin í Bandaríkjunum. Kjarninn tók saman þær helstu.

## Skítug stríð og ríkisfangslaus þjóð

Dirty Wars, eða Sóðaleg stríð upp á íslensku, er heimildarmynd sem frumsýnd var á Sundance-hátíðinni í janúar síðastliðnum. Í henni er rannsóknarblaðamanninum Jeremy Scahill fylgt inn í falinn heim þeirra leynistríða sem Bandaríkin hafa stundað á stöðum eins og Afganistan, Jemen, Sómalíu og víðar. Scahill skrifaði bók um sama efni, sem hét Blackwater og kom út árið 2007. Hún varð alþjóðleg metsölubók.

Myndin er sögð dansa á mörkum heimildarmyndar og skáldskapar og bera með sér sterkan kvikmyndastíl. Einhvers konar spennandi einkaspæjarasaga. Eftir að myndin var tekin til almennra sýninga var hún einungis sýnd í fjórum kvikmyndahúsum. Á Íslandi verður hún sýnd í Háskólabíói. Leikstjóri er Richard Rowley.

Önnur hápólitísk heimildarmynd sem sýnd verður á hátíðinni er State 194, sem er leikstýrt af Dan Setton og var frumsýnd í fyrra. Hún fjallar um deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs, baráttu Palestínumanna fyrir eigin ríki og þá einstaklinga sem leikið hafa lykilhlutverk í þeim undanfarin ár. Sérstaklega er fylgst með Salam Fayyad, forsætisráðherra Palestínu, og aðgerðaráætlun hans frá árinu 2009 sem átti að sýna palestínsku þjóðinni fram á að hún ætti skilið ríkisfang. Eitt þeirra skrefa sem stigið var í þeirri viðleitni var að sækjast eftir stöðu áheyrnarríkis hjá Sameinuðu þjóðunum. Samþykkt þess var mikilvæg og fyrir mörgum talin jafngilda því að Sameinuðu þjóðirnar hefðu gefið út fæðingarvottorð fyrir Palestínu, á sama hátt og þær gerðu slíkt hið sama fyrir Ísrael árið 1947. Myndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto í fyrra og fór í mjög takmarkaða dreifingu innan Bandaríkjanna í vor. State 194 verður sýnd í Háskólabíói.



## Grískur veruleiki og atvinnu-efasemdarmenn

Gríska myndin *Wasted Youth*, eða *Æska til spillis*, fylgir hinum 16 ára gamla Haris sem eyðir dögum sínum í að flækjast stefnulaust með vinum sínum á hjólabrettum um götur Aþenu. Vassilis er miðaldra og óhamingjusamur lögreglumaður sem þrífst illa í vinnunni og hírist í örlítilli íbúð með fjölskyldu sinni. Þessir tveir afar ólíku einstaklingar, sem lifa afar ólíku lífi, verða á vegi hvors annars einn funheitan sumardag. Myndin þykir sýna mjög raunsanna mynd af Aþenu og því kreppusamfélagi sem þar þrífst. *Wasted Youth* verður sýnd í Tjarnarbíói og í Norræna húsinu.

*Greedy Lying Bastards*, eða *Svikulir lygamerðir upp á ylhýrsku*, er heimildarmynd þar sem leikstjórinn Craig Rosebraugh dýfir sér í dimm skúmaskot olíuheimsins og þeirra sem gæta hagsmuna hans. Þrátt fyrir að sannanir um loftlagsbreytingar af mannavöldum hrannist upp og vísindamenn séu flestir samhljóma í slíku álitinu gætir enn takmarkaðs pólitíks vilja til að vinna gegn þessum vágesti. Í myndinni er fylgst með þeim einstaklingum og hópum sem vinna við að breiða út efasemdir um loftslagsvísindi og staðhæfa að gróðurhúsaáhrifin komi hegðun manna ekkert við. Myndin verður sýnd í Háskólabíói.

## Óvenjulegt samband og Valentínusarskot

Í Betlehem er saga af óvenjulegu sambandi ísraelska leyniþjónustumannsins Razi og palestínsks heimildarmanns hans, Sanfur, sem er yngri bróðir herra setts palestínsks hermanna. Razi hefur þróað mjög náð, næstum föðurlegt, samband við Sanfur. Sá reynir á hinn bóginn að feta þrönga stigu milli skipana frá Razi og tryggðar við bróður sinn. Sanfur lifir því tvöföldu lífi og lýgur að bæði Razi og bróður sínum. Myndin, sem var frumsýnd fyrr á þessu ári, verður sýnd í Háskólabíói.

Í heimildarmyndinni *Valentine Road* er sögð saga 15 ára drengs sem spurði annan hvort hann vildi vera



Smelltu til að fræðast um Bethlehem á vefsíðu West End Films

Valentínusarskotið hans á skólalóð í úthverfi í Kaliforníu. Daginn eftir er sá 15 ára látinn. Hann hafði verið skotinn í höfuðið af 14 ára dreng, þeim hinum sama sem hann hafði sýnt að hann væri skotinn í daginn áður. Í myndinni, sem er sögð truflandi en uppvekjandi, er kafað ofan í hommahatur, kynjamisrétti, kynþáttahatur og stéttabaráttu sem er svo einkennandi í bandarísku hversdagslífi. Myndin verður sýnd í fyrsta sinn á Norðurlöndum hérlendis á RIFF. Sýningar verða í Tjarnarbíói og Norræna húsínu.



Smelltu til að horfa  
á stíku fyrir  
Valentine Road

# Klárur málið!

Tökum höndum saman og útrýmum mænusótt



Mænusótt er ólæknandi sjúkdómur sem örkuð börn og dregur jafnvel til dauða. Griðarlegur árangur hefur hins vegar náðst í baráttunni gegn sjúkdómnnum. Til að útrýma mænusótt á heimsvísu þarf að tryggja að öll börn fái bólusetningu sem verndar þau til æviloka.



til að gefa  
**10 bólusetningar**  
**(250 kr)**

unicef 



# kjarninn

## Takk fyrir að lesa Kjarnann

### UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

Kjarninn

Kt: 690413-0190

Laugavegi 71

101 Reykjavík

S: 551-0708

[www.kjarninn.is](http://www.kjarninn.is)

[www.facebook.com/kjarninn](https://www.facebook.com/kjarninn)

[www.twitter.com/kjarninn\\_is](https://www.twitter.com/kjarninn_is)

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.

### Ritstjórn [ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri ..... [thordur@kjarninn.is](mailto:thordur@kjarninn.is)  
Magnús Halldórsson, blaðamaður ..... [magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)  
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður ..... [aegir@kjarninn.is](mailto:aegir@kjarninn.is)  
Pórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður ..... [thorunn@kjarninn.is](mailto:thorunn@kjarninn.is)

### Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri ..... [birgir@kjarninn.is](mailto:birgir@kjarninn.is)  
Rakel Tómasdóttir, hönnuður ..... [rakeltomas@me.com](mailto:rakeltomas@me.com)  
Magnús Teitsson, málfráðunautur ..... [magnus.teitsson@gmail.com](mailto:magnus.teitsson@gmail.com)

### Framkvæmdastjórn [kjarninn@kjarninn.is](mailto:kjarninn@kjarninn.is)

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri ..... [gisli@kjarninn.is](mailto:gisli@kjarninn.is)  
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri ..... [hhardarson@kjarninn.is](mailto:hhardarson@kjarninn.is)

### Auglýsingar [auglysingar@kjarninn.is](mailto:auglysingar@kjarninn.is)





### FÖSTUDAGUR 27. SEPT.

- 16:00 Tjaldið opnar
- 18:00 Bjórsaga Vikings (með smakki)
- 19:00 Fullorðinssirkusinn Skinnsæmi  
Veitingavagnar sjá um að enginn sé svangur  
3.000 kr. aðgangseyrir ([midi.is](http://midi.is))
- 21:00 Tjaldið opið öllum á nýjan leik  
(ókeypís aðgangur)
- 00:00 Slútt



### LAUGARDAGUR 28. SEPT. (ÓKEYPIS AÐGANGUR)

- 16:00 Tjaldið opnar  
Björgarður Vífilfells  
Gunni Helga treður upp  
Hamborgarar og aðrar veitingar á vægu verði
- 18:00 Barsvar (pub-quiz) Stefáns Pálssonar  
Fyrsta flokks skemmtun fyrir alla fjölskylduna
- 21:00 Mögnuð skemmtidagskrá  
Uppistand landsins bestu grínista  
Sólmundur Hólm  
Lee Nelson  
Halldór Gylfason  
Steindi jr. & Ágúst Bent flytja öll sín bestu lög
- 00:00 Slútt

